

26

**MARKAÐSSETNINGU BEINT AÐ BÖRNUM**
Börn ákveða hvað fer í innkaupakörfurnar og eru kyrfilega merkt fyrirtækjum



28

**LISTIN AÐ STELA**
Frægustu málverkaþjófar sögunnar höfðu ekki síður frjótt ímyndunarafl en góðan smekk


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. september 2007 — 257. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### Aftur á fornar slóðir



Tónleikar Diddúar í Barbican Center verða tilfinningarík stund því þar varði hún mörgum stundum á námsárunum.

FÓLK 50

### Hús & heimili

Tinnu Gunnarsdóttur var boðið að vera með einkasýningu á Gwangju-tvíæringnum í Suður-Kóreu.

SÉRBLAÐ Í MIÐJU BLAÐSINS

### Breskt pönk



Luella Bartley sýndi stelpulega blómakjóla og Batmanboli á tískuvikunni í London.

FÓLK 38

### Leikur Davíðs og Golíats

KR og Keflavík mætast í úrslitaleik VISA-bikars kvenna á Laugardalsvellinum í dag.

ÍÞRÓTTIR 44



### VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR MIKIÐ** í dag, fyrst sunnan- og suðaustanlands. Úrkoma um sunnanvert landið.

VEÐUR 4

# Grunur um að smyglararnir hafi notað sömu leið áður

**Skúta á vegum bræðranna sem eru í gæsluvarðhaldi í Pólstjörnumálinu kom til Fáskrúðsfjarðar haustið 2005. Áður en lögregla fór með fíkniefnahund um borð hafði áhöfnin yfirgefið þorpið, með dýnur og annan búnað úr skútunni. Þrír menn eru grunaðir um að vera skipuleggjendur fíkniefnasmyglsins.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þegar maður hugsar málið til baka er dálítið skrítið að strákarnir tóku dýnurnar úr skútunni," segir Ægir Kristinsson, hafnarvörður á Fáskrúðsfirði.

Í september 2005 lagði skútan Lucky Day að bryggju snemma morguns á Fáskrúðsfirði. Um borð voru tveir menn. Annar þeirra var Einar Jökull Einarsson, 27 ára, sem nú situr í gæsluvarðhaldi grunaður um aðild að Pólstjörnumálinu svokallaða. Ekki kom í ljós fyrr en vorið 2006 að eigandi Lucky Day var bróðir Einars, Logi Freyr Einarsson, 30 ára, sem handtekinn var í Noregi í fyrradag og er sömuleiðs grunaður um aðild að Pólstjörnumálinu.

Einar Jökull og félagi hans kynntu sig ekki fyrir heimamönnum haustið 2005 og voru horfnir úr bænum fyrir hádegi. Ægir hafnarvörður segir þá hafa komið frá Noregi en annar bæjarstarfsmaður, Björgvin Baldursson verkstjóri, kveður áhafnarmeðlimina hafa sagst hafa komið frá Reykjavík og ætlað til Noregs. Þeir hafi lent í brjáluðu veðri og bilun komið upp í siglingatækjum þannig að þá hafi brostið kjark til að halda förinni áfram.

Ægir segir mennina tvo hafa sett áðurnefndar dýnur úr skútunni í yfirbyggðan pallbíl.

„Þeir sögðu okkur strákarnir að skútan hefði blotnað að innan og að þeir ætluðu með dýnurnar til Reykjavíkur að láta sauma utan um þær aftur. Þegar maður fer að hugsa um þetta og það sem nú hefur gerst finnst manni skrítið að þeir skyldu ekki bara geta þurrkað þetta hér. Hvað var inni í dýnununum?" spyr hafnarvörðurinn.

Að sögn Björgvins mætti lögregla með fíkniefnahunda á vettvang en það var ekki fyrr en Einar Jökull og félagi hans voru farnir. „Það var leitað í skútunni. Hundurinn fór um borð og hann fann ekki lykt af einu eða neinu," segir hann.

Svo fór að Lucky Day hafði vetursetu í smábátahöfninni í Fáskrúðsfirði. Áhöfnin hafði ekki sagt á sér deili og illa gekk að hafa uppi á eigandanum, sem á endanum reyndist vera Logi Freyr Einarsson eins og áður segir. Logi gerði upp öll hafnargjöld og annan kostnað, og 13. maí var skútan horfin úr höfninni. „Þeir voru nú ekki svo almennilegir að láta mig vita þegar þeir tóku hana," segir Björgvin Baldursson.

- gar / sjá síðu 8



**HARÐUR ÁREKSTUR** Þrír voru fluttir á slysadeild, þar af tveir lögreglumenn, eftir árekstur lögreglubíls og fólksbíls á gatnamótum Suðurlandsbrautar og Kringlumýrarbrautar síðdegis í gær. Lögreglubíllinn var í forgangsakstri á leið í brunaútkall og ók gegn rauðu ljósi þegar slysið varð. Enginn slasaðist alvarlega. Talsverðar umferðartafir urðu á gatnamótunum fjölförnu og götunum í kring. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Helga Sverrisdóttir:

## Heimabuxur og skyrslettur

**FÓLK „Mér finnst það einfaldlega tilheyra þessu æviskeiði að maður vakni svolítið þreyttur og fjörið byrji snemma. Við erum með fullt hús af börnum og þannig á það að vera," segir Helga Sverrisdóttir, stjórnarformaður Hjallastefnunnar og eiginkona Bjarna Ármannssonar, stjórnarformanns Reykjavík Energy Invest.**



HELGA SVERRISDÓTTIR

**Helga segir frá borgaralegri uppreisn sinni á yngri árum, brennandi áhuga á Hjallastefnunni og ást á hversdagsleikanum. „Ég elska heimabuxur og skyrslettur, nýja vinnuviku og að setjast niður við matarborðið á kvöldin með börnunum og aukabörnunum," segir Helga.**

- jma / sjá síðu 22

Húsleit og handtökur í Laugarneshverfinu í Reykjavík í gærkvöldi:

## Þrjú grunuð um kókaínsmygl

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn og ein kona, öll á fertugsaldri, voru handtekin við húsleit í Laugarneshverfi í Reykjavík um kvöldmatarleytið í gær. Þau eru talin eiga þátt í innflutningi á talsverðu magni af kókaíni frá Bandaríkjunum.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir málið ekki tengjast Pólstjörnumálinu sem upp kom á Fáskrúðsfirði á fimmtudag.

Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu réðst inn í hús í Laugarneshverfi og handtók þremenningana þar. Lítilræði af fíkniefnum fannst á staðnum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var kókaínið sem um ræðir sent til landsins frá Bandaríkjunum.

Ákveðið verður í dag hvort krafist verði gæsluvarðhalds yfir fólkinu.

Heimildir herma að lögreglan hafi vaktað húsið drjúgan hluta gærdagsins áður en hún lagði til atlögu. Þetta vildi Stefán ekki staðfesta, en neitaði því þó ekki. - sh










## SPURNING DAGSINS



*Kristinn, er þá í lagi að stela úr búðinni?*

„Makleg málagjöld eru auðvitað nauðsynlegur hluti hverrar glæpasögu og þjófnaður verður því áfram tilkynntur til lögreglu!“

Lögreglustjóri kom glæpafaraldri af stað í bókabúðum Eymundsson og eru glæpasögur þar í hávegum hafðar. Kristinn Vilbergsson er forstjóri fyrirtækisins.

Deilur um kynþáttamisrétti á suðupunkti í Louisiana í Bandaríkjunum:

# Þúsundir mótmæltu misrétti

**BANDARÍKIN, AP** Þúsundir mótmælenda gengu fylktu liði um götur smábæjarins Jena í Louisiana í Bandaríkjunum í gær. Mótmælin minntu einna helst á baráttuna fyrir borgararéttindum þeldökkra í Suðurríkjunum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar.

Fólkið var að mótmæla örlögum sex þeldökkra pilta, sem ákærðir voru fyrir morðtilraun eftir að þeir börðu hvítan skólafélaga sinn. Sá missti meðvitund og andlit hans var blóðugt og bólgið eftir barsmíðarnar, en hann var engu að síður fær um að mæta á skemmtun í skólanum það sama kvöld.

Slagsmál höfðu nokkrum sinnum brotist út í skólanum milli svartra og hvítra nemenda.

Forsaga slagsmálanna er sú að þeldökkur nemandi spurði skólastjórann í ágúst árið 2006 hvort svartir nemendur mættu sitja undir tré, þar sem hvítir nemendur voru vanir að koma saman. Skólastjórinn sagði það að sjálfsögðu leyfilegt, en daginn eftir héngu þrjár snörur í trénu.

Þrír hvítir nemendur voru í kjölfarið reknir úr skólanum í þrjá daga en voru ekki ákærðir. Eftir þetta brutust út slagsmál af og til, og í desember í fyrra voru svo nemendurnir sex handteknir eftir árásina á skólabróðurinn. Að þeir skuli hafa verið ákærðir fyrir morðtilraun hefur vakið mikla reiði meðal þeldökkra í Bandaríkjunum. **- gb**




**GENGIÐ GEGN MISRÉTTI** Þúsundir mótmæltu kynþáttamisrétti í smábænum Jena í Suðurríkjum Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópsk samgönguvika:

# Hjólalest fer um alla borg

**ÚTIVERA Hjóladagur samgönguvikunnar er í dag. Hjólalest leggur af stað frá Hafnarborg í Hafnarfirði klukkan tólf á hádegi og hjólar til Reykjavíkur.**

**Leið lestarinnar liggur frá Hafnarborg til Sjálandsskóla í Garðabæ, næst til Gerðarsafns í Kópavogi og þaðan til Nauthólsvíkur. Ferðinni lýkur síðan hjá Ráðhúsinu þar sem skemmtidagskrá hefst. Meðal atriða er hjólreiðakeppni helstu hjólakappa landsins, sýning á hjólum af ýmsum gerðum, þrautabraut á Austurvelli og fyrirlestrar um sögu reiðhjóla í Reykjavík og öryggi á hjólum. - sþs**

# Fannst látinn í Soginu

Maðurinn sem sem féll í Sogið í fyrradag hét Árni Eyjólfsson, til heimilis við Sóltún í Reykjavík. Hann var 53 ára, fæddur 20. ágúst 1954. Hann lætur eftir sig þrjú uppkomin börn og eitt barnabarn. Hann fannst látinn eftir mikla leit síðdegis í gær. Vinir hins látna og félagar í Stangveiðifélagi Reykjavíkur fundu hann fyrir ofan Álftatanga þar sem Sogið rennur í Álftavatn. Kafarar frá Landsbjörg köfuðu eftir honum.

Mikill fjöldi fólks hefur leitað mannsins frá því á miðvikudag og vilja aðstandendur hans koma á framfæri þakklæti til leitarfólks fyrir fórnfýsi og óeigingjarnt starf. **- sh**

Ritstjórn Fréttablaðsins:

# Nýr fréttastjóri

**Kristján Hjálmarsson hefur tekið við starfi fréttastjóra á Fréttablaðinu. Kristján hefur starfað á Fréttablaðinu frá stofnun þess árið 2001. Hann hefur starfað í öllum deildum innan ritstjórnar, síðast sem ritstjóri Sirkuss.**



**KRISTJÁN HJÁLMARSSON**

**Aðrir fréttastjórar eru Arndís Þorgeirsdóttir og Sigríður Björg Tómasdóttir.**

## SLÖKKVILIÐ

**Slökktu eldinn sjálfir**

Slökkvilið var kallað að húsnæði nærri Fjörukránni í Hafnarfirði síðdegis í gær. Þar hafði eldur komið upp en þegar slökkvilið kom á vettvang hafði eldurinn þegar verið slökktur.

# Einangrun dýra jafn dýr vistun aldraðra

**Gjaldskrá fyrir einangrun hunda og katta sem fluttir eru til landsins hefur farið stighækkandi. Árið 2002 kostaði um 62.000 krónur að hýsa hund þyngri en 20 kíló í fjórar vikur í Hrísey en árið 2005 kostaði það 104.000 krónur.**

**NEYTENDUR** Eigendur hunds af Labradorkyni sem fluttur var inn til landsins í júlí síðastliðnum saka Einangrunarstöð Reykjanesbæjar um okur og ófagmannleg vinnubrögð í samskiptum við eigendur dýranna sem þar dvelja.

Þegar Aldís Einarsdóttir og Gunnar Már Gunnarsson kynntu sér verð á vistun hunda hjá einangrunarstöðinni í desember síðastliðnum segja þau að illa hafi gengið að ná sambandi við stöðina. Þau hafi því brugðið á það ráð að hafa samband við landbúnaðarráðuneytið, sem hafi tjáð þeim að kostnaðurinn yrði rúmar 120.000 krónur fyrir stóran hund. Þegar reikningurinn barst í sumar hljóðaði hann upp á 250.000 krónur.

Áður höfðu þau greitt staðfestingargjald, tæpar 20.000 krónur, vegna innflutnings hundsins, sem felur í sér eftirlit héraðsdýralæknis við komu dýrsins í einangrunarstöð og við brottför.

„Þegar við áttuðum okkur á muninum bað ég um sundurliðun á reikningnum en fékk slæm viðbrögð við þeirri bón og svo fór að ég fékk hana ekki,“ segir Gunnar Már og fékk hann hundinn ekki afhentan fyrr en reikningurinn var greiddur.

Að sögn hjónanna er lítil þjónusta við viðskiptavini einangrunarstöðvarinnar og reyndist þeim erfitt að leita upplýsinga um hundinn á meðan hann dvaldi þar, þrátt fyrir að hafa hringt á auglýstum símatíma.

Árið 2005 var einangrun á dýrum gefin frjáls en áður hafði ríkið rekið Einangrunarstöðina í Hrísey. Um 140 prósent hækkun hefur orðið á verðskránni frá að þeirri stöð var lokað.

„Þegar stöðin var opnuð í desember árið 2005 kostaði 150.000 krónur að vista stóran hund. Sumarið 2006 hækkaði verðið í 196.000 krónur og í byrjun febrúar 2007 hækkaði verðið aftur og þá í 250.000 krónur,“ segir Ingibjörg Þórhallsdóttir, sem situr í starfshópi um einangrun hjá Hundaræktarfélagi Íslands. „Daggjald fyrir hund í einangrun á Reykjanesi er svipað eða hærra en daggjald á vistheimili aldraðra.“

Hundaeigendur kvörtuðu til Samkeppniseftirlitsins í kjölfar hækkunarinnar en ákveðið var að athuga ekki málið að svo stöddu. **eva@frettabladid.is**



**EINANGRUN LOKIÐ** Feðgarnir Gunnar Már og Davíð Georg með hundinn Bassa sem nýkominn er úr einangrun.

**KOSTNAÐUR VIÐ AÐ FLYTJA INN HUND TIL ÍSLANDS FRÁ DANMÖRKU**

| | |
|---|---|
| Heilsufarsskoðun í Danmörku | 12.000 kr. |
| Staðfestingargjald innflutningsleyfis | 20.000 kr. |
| Flugfargjald | 40.000 kr. |
| Akstur úr flugvél í bíl einangrunarstöð | 7.000 kr. |
| Einangrun: | 220.000 til 250.000 kr. |

**Samtals 309.000 til 329.000 kr.**



**STILLANSARNIR FJARLÆGÐIR** Iðnaðarmenn unnu að því í gær að rífa stillansana utan af Þjóðleikhúsinu. Undir glitti í hrafntinnublandaða klæðninguna, sem ætlað er að líkjast sem mest fyrri klæðningu hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hrafntinnuklætt leikhús birtist:

# Byrjað að fjarlægja stillansa

**FRAMKVÆMDIR** Byrjað er að fjarlægja utan af Þjóðleikhúsinu tréverkið sem hefur umlukið það að stórum hluta síðustu mánuði en við það kemur í ljós ný klæðning.

Fimmtíu tonn af hrafntinnu úr Hrafntinnuskeri voru mulin í klæðninguna, og féll það í afar grýttan jarðveg hjá þeim sem unnu á því friðlýsta svæði. Þrjátíu listamenn stofnuðu meðal annars samtökin Hrafntinnuriddarana til verndar tinnunni og kærðu fyrirhugaða framkvæmd, sem nú er komin langt á veg. **- sh**

Heilbrigði við Kárahnjúka:

# Þrír gætu verið berklasmitaðir

**HEILBRIGÐISMÁL Þrír starfsmenn við Kárahnjúka eru hugsanlega smitaðir af berklum og bíða þeir frekari rannsóknar. Í maí greindist portúgölsk stúlka á Kárahnjúkum með berkla og er enn verið að prófa þessa samstarfsmenn hennar.**

**Upphaflega voru 132 starfsmenn prófaðir, ásamt starfsmönnum Landspítala og Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.**

**Rannsókninni í Neskaupstað er ólokið en samkvæmt Farsóttarfréttum lýkur henni senn. - kóþ**

Ishmael áritar sunnudaginn
23. sept. kl. 15.00




– opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

Eigandi Einangrunarstöðvarinnar segir rekstrarkostnað hafa hækkað:

# Dýrari rekstur en talið var í upphafi

**NEYTENDUR** Einangrun reynist oft dýrum erfið og þótti það vera bót í máli þegar Kristín Jóhannsdóttir opnaði fyrstu og einu einkareknu einangrunarstöð Íslands fyrir hunda og ketti í Reykjanesbæ og stytti ferðalag dýranna umtalsvert.

Kristín segir að hækkun á verðskránni megi rekja til þess að rekstrarkostnaðurinn hafi reynst meiri en lagt var upp með í upphafi. Senda þurfi sýni til útlanda og borga starfsmönnum laun. Þá starfi hún eftir strangri reglugerð um einangrun dýra.

Um sundurliðun á reikningum frá stöðinni segir Kristín slíkt ekki vera nauðsynlegt og líkir því við að menn biðji um sundurliðun á hótelreikningi. „Þegar greitt er fyrir gistingu eru sápustykki og kostnaðurinn við að þvo handklæði ekki skráður sérstaklega á reikninginn,“ segir hún.

„Á grundvelli ábendinga sem okkur bárust öfluðum við upplýsinga um Einangrunarstöð Reykjanesbæjar en á grundvelli þeirra var ákveðið að fara ekki í athugun á málinu og taka það ekki upp sem stjórnsýslumál að svo stöddu,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

„Ekkert efnislegt mat átti sér því stað í þessu máli. Þegar Samkeppniseftirlit ákveður að athuga ekki mál getur það til dæmis verið á þeim grundvelli að ekki séu nægilegir hagsmunir, ekki nægilega skýr gögn eða við metum það sem svo að málið heyri ekki undir okkur.“



**KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR** Segir sundurliðun reikninga ekki nauðsynlega frekar en á hótelum.

# KATTASÝNING
## Í GARÐHEIMUM UM HELGINA!

laugardag og sunnudag
frá kl 12.00 - 17.00




TILBOÐ

## ÖÐRUVÍSI ERIKUTILBOÐ
ERIKUR OG / EÐA CALLUNUR



TILBOÐ

## HAUSTLAUKAR
yfir 300 tegundir



## GLÆNÝ SENDING AF
FRÁBÆRUM POTTAPLÖNTUM!



## HOLLT & GOTT
Yggdrasill
Kynning á lífrænum safa frá kl. 13.00 – 16.00 á laugardag

blóm helgarinnar
Valdar rósir
250KR

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

**Haustlaukar**
*Það borgar sig að setja haustlaukana snemma niður, Þá koma þeir fyrr upp á vorin.*

GARÐHEIMAR
*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

*Athugið að rétt tegund kattafóðurs, í réttu magni, skiptir sköpum til að kötturinn fái fallegan og glansandi feld.*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

## GENGIÐ 21.09.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,46 | 62,76 |
| Sterlingspund | 125,74 | 126,36 |
| Evra | 87,76 | 88,26 |
| Dönsk króna | 11,774 | 11,842 |
| Norsk króna | 11,279 | 11,345 |
| Sænsk króna | 9,532 | 9,588 |
| Japanskt jen | 0,5400 | 0,5432 |
| SDR | 96,71 | 97,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

118,0944

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nefnd verður skipuð til að fjalla um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra:

# Sárt að vita að börn búa við bág kjör

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra ætlar að skipa nefnd til að fjalla um fjárhagslega og félagslega stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra, stjúpforeldra og réttarstöðu barna þeirra.

Hún upplýsti þetta á málstofu Rannsóknarseturs í barna- og fjölskylduvernd og félagsráðgjafarskorar Háskóla Íslands í gær.

Í erindi sínu sagði Jóhanna að málefni barna og fjölskyldna þeirra væru mikilvægasti málaflokkur ráðuneytis síns. Með velferð barna og unglinga væri lagður grunnur að framtíðinni og samfélaginu öllu.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

„Mér finnst sárt að vita til þess að í þeirri miklu velmegun sem blasir við okkur hvert sem litið er búi börn við mismunandi aðstæður, bág kjör og óviðunandi aðbúnað,“ sagði Jóhanna.

Hún rakti jafnframt áform ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í þágu barna og barnafjölskyldna og aðgerðaráætlun til ársins 2011 til að styrkja stöðu barna og unglinga.

Jóhanna sagði að í aðgerðaáætluninni væri kveðið sérstaklega á um einstæða og forsjárlausa foreldra, sem væru viðkvæmir hópar enda sýndu rannsóknir að mikil hætta væri á að þau börn sem byggju við lakastar aðstæður væru börn einstæðra foreldra. „Við vitum að álag á þessum hópum er gífurlegt í því hraða nútímasamfélagi sem við búum í, þar sem kröfurnar ætla allt um koll að keyra. Mér finnst óásættanlegt að ekki sé reynt að jafna aðstæður barna í samfélaginu almennt og hér er hópur sem okkur ber skylda til að skoða sérstaklega.“ - bþs

Unnið í jafnréttismálum:

# Femínistafélag stofnað við HÍ

**JAFNRÉTTISMÁL Femínistafélag Háskóla Íslands var stofnað í gær. Á stofnfundinn mættu um fimmtíu manns, en aðalfundur verður haldinn fyrstu vikuna í október.**

**„Markmiðið er að fjalla um femínisma á fræðilegum grundvelli og benda á kynjafræði sem viðurkennda fræðigrein,“ segir Finnbog Salome Steinþórsdóttir, einn forsprakka félagsins. „Við viljum fara með umræðuna á hærra plan, meðal annars með fyrirlestrum og námskeiðum um jafnrétti.“ Hún segir alla nemendur og starfsmenn HÍ velkomna í félagið, konur sem karla.** - sþs

Heimsmeistaramót í skák:

# Anand einn efstur á mótinu

**SKÁK** Heimsmeistaramótið í skák stendur nú yfir í Mexíkóborg. Átta keppendur eru á mótinu, þar á meðal heimsmeistarinn í skák, Rússinn Vladimír Kramnik.

Aðeins einu sinni áður hefur baráttan um heimsmeistaratitilinn í skák verið útkljáð á móti en ekki í einvígi. Kramnik fær síðan að skora á sigurvegarann í einvígi til að geta endurheimt heimsmeistaratitilinn, vinni hann sjálfur ekki mótið.

Indverjinn Viswanathan Anand er efstur nú þegar mótið er hálfnað, Ísraelsbúinn Boris Gelfand er í öðru sæti og Kramnik í því þriðja. - pal

Tveggja mánaða skilorð:

# Með 70 grömm af fíkniefnum

**DÓMSMÁL Karlmaður um þrítugt var dæmdur til tveggja mánaða skilorðsbundinnar fangelsisvistar í Héraðsdómi Norðurlands í gær fyrir ítrekuð fíkniefnabrot. Honum var einnig gert að greiða 160 þúsund krónur í sekt.**

**Maðurinn var sakfelldur fyrir að hafa í fórum sínum samtals sjötíu grömm af amfetamíni og hassi í fimm handtökum. Hann ók einnig bíl undir áhrifum fíkniefna, og var sviptur ökuleyfi í þrjú ár fyrir það.** - sþs

## LEIÐRÉTT

Í Allt-blaði Fréttablaðsins í gær kom fram að í Byko væri 35 prósenta afsláttur um helgina af öllu sem lyti að búrekstri heimila en hið rétta er að aðeins búsáhöld eru seld með svo miklum afslætti í versluninni.

Ranglega var farið með föðurnafn Björgvins Snæbjörnssonar arkitekts í Kópavogsblaðinu sem fylgdi Fréttablaðinu í gær.

# Afríka í sárum eftir verstu flóð í áratugi

**Mikil flóð í Afríku hafa valdið dauða 250 manns og 600 þúsund hafa misst heimili sín. Hjálparstofnanir senda ákall til alþjóðasamfélagsins um að bregðast við þeirri miklu neyð sem nú ríkir í fjölda Afríkuríkja.**

**ÚGANDA, AP** Talið er að 250 manns hafi týnt lífi í Afríku vegna mikilla flóða undanfarið sem heimamenn segja þau verstu í marga áratugi. Meira en 600 þúsund manns í sautján löndum eru á vergangi eftir að hafa misst heimili sín, sem jafngildir tvöföldum íbúafjölda Íslands.

Hjálparstofnanir kalla eftir því að ríki heims bregðist við neyð þeirra rúmlega milljón Afríkubúa sem hafa á einhvern hátt orðið illa úti vegna flóða í heimsálfunni.

Af ríkjunum sautján hefur Úganda orðið einna verst úti og lýstu stjórnvöld þar yfir neyðarástandi á fimmtudaginn. „Ef við komum ekki matvælum til þessa fólks mun það deyja hér og nú,“ sagði Francis Aruo, starfsmaður hjálparstofnunar í austurhluta Úganda. „Öll okkar uppskera er skemmd.“

Fyrir utan þá aðkallandi neyð sem ríkir nú í Afríku vegna flóðanna hafa þau einnig langtímaáhrif þar sem mikið af uppskeru hefur skemmst í flóðunum og því höggvið stórt skarð í matarbirgðir í álfunni.

Talskona matvælaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna í Vestur-Afríku, Stephanie Savarlaud, segir marga bændur hafa misst uppskeru sína og að uppskera hafi verið áætlun eftir aðeins einn mánuð.

Sameinuðu þjóðirnar hafa kallað eftir fjárhagsaðstoð aðildarríkja að andvirði 2,7 milljarða króna fyrir Úganda. Evrópusambandið hefur lofað stuðningi að andvirði tæpra 970 milljóna króna, sem rennur til þeirra svæða sem verst hafa orðið úti. Í gær lofuðu Hollendingar að leggja fram sömu upphæð, tæpar 970 milljónir, í hjálparaðstoð vegna flóðanna. sdg@frettabladid.is

## Verstu flóð í áratugi í Afríku

**Meira en ein og hálf milljón manna þjáist af völdum gífurlegra flóða sem úrhellisrigning hefur valdið í Afríkuríkjum undanfarið. Talið er að um 250 manns hafi drukknað og meira en 600.000 manns hafa misst heimili sín.**




Heimild: Sameinuðu þjóðirnar, UNOSAT FRÉTTABLAÐIÐ/GRAPHIC NEWS



**HAMFARIR** Hjálparstofnanir hafa sent ákall til heimsins vegna neyðarinnar sem ríkir í kjölfar náttúruhamfaranna. NORDICPHOTOS/AFP

> Ef við komum ekki matvælum til þessa fólks mun það deyja hér og nú,“
>
> **FRANCIS ARUO**
> STARFSMAÐUR HJÁLPARSTOFNUNAR



**SYRGJENDUR** Kistur fórnarlamba sprengingarinnar bornar út úr kirkjunni. Sex aðrir létust auk Ganesh. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðarsorg í Líbanon í gær:

# Myrtur þingmaður jarðaður

**LÍBANON, AP** Þjóðarsorg ríkti í Líbanon í gær þegar hundruð manna fylgdu líbanska þingmanninum Antoine Ghanem til grafar í höfuðborginni Beirút gær. Ghanem var myrtur í bílsprengju á miðvikudaginn.

Andstæðingar Sýrlands í Líbanon segja Ghanem nýjasta fórnarlambið í herferð sýrlenskra stjórnvalda til að koma í veg fyrir komandi forsetakosningar í Líbanon.

Bandaríkin fordæmdu árásina og Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna krafðist þess að skipulögðum morðum á líbönskum leiðtogum yrði hætt án tafar. - sdg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ung stúlka hjólaði á bíl

Ung stúlka hjólaði á bifreið á gatnamótum Tryggvagötu og Austurvegar á Selfossi síðdegis í gær. Hún var flutt til eftirlits á slysadeild, en var þó ekki talin hafa meiðst teljanlega.






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Stormur um sunnanvert landið.** Með djúpri lægð sem kemur nálægt suðurströndinni berst mikið hvassviðri og úrkoma. Fyrst hvessir suðaustanlands, en síðdegis um allt sunnanvert landið. Vindhviður gætu einnig valdið talsverðum vandræðum með færð . Hitinn hækkar lítið, en úrkoman verður töluverð um sunnan- og austanvert landið. Það verður áfram hvasst í kvöld og fram eftir degi á morgun.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG:**




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C hálfskýjað | London | 20°C léttskýjað | Eindhoven | 19°C skýjað |
| Billund | 16°C skúrir | París | 23°C léttskýjað | Basel | 23°C skúrir |
| Osló | 12°C skúrir | Frankfurt | 21°C léttskýjað | Alicante | 27°C skúrir |
| Stokkhólmur | 12°C skúrir | Friedrichshafen | 21°C léttskýjað | Róm | 27°C léttskýrt |
| Gautaborg | 17°C rigning | Berlín | 13°C skýjað | Las Palmas | 24°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# 800-5555

Heimsendingarþjónusta
alla daga frá 10 til 22




Afgreiðslan Breiðhöfða 11 er opin virka daga 8 til 17

Þú sérð innihaldið!

## Engin fyrirhöfn

**– það getur varla verið auðveldara!**

AGA **Gasol** hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhöfða 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu AGA **Gasol** hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA **Gasol** hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

AGA GASOL HEIM
Alla daga frá kl. 10 til 22

Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

*AKUREYRI*: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515.
*ÍSAFJÖRÐUR*: Þröstur Marsellíusson hf., s. 456 3349
*REYÐARFJÖRÐUR*: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114
*SELFOSS*: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548
*SAUÐÁRKRÓKUR*: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

Linde Gas ] AGA

Samstarfsaðilar ÍSAGA – endursala á AGA Gasol:

BYKO

ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

ÍSAGA ehf.
Breiðhöfða 11, 110 Reykjavík.
Sími 577 3000, Fax 577 3001.

ISA-332 – IDEA grafísk hönnun

**KJÖRKASSINN**




*Viltu láta takmarka opnunartíma verslana í íbúðarhverfum?*

| | |
|---|---|
| Já | 43,5% |
| Nei | 56,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þykir þér rétt að bólusetja íslensk börn?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Funduðu með starfshópi vegna litaðs bensíns:

# Fengu jákvæð viðbrögð við erindi

**SAMGÖNGUR** Starfshópur sem vinnur að endurskoðun á álögum á eldsneyti tók vel í erindi forsvarsmanna Atlantsolíu um litað bensín á fundi nefndarinnar og fulltrúa Atlantsolíu í gær, segir Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsolíu.

Starfshópurinn á að fjalla um álögurnar almennt, og mun skila niðurstöðum sínum í febrúar 2008. Eftir það fara tillögurnar fyrir Alþingi, og því vart hægt að búast við breytingum fyrr en næsta sumar, segir Albert.

Altantsolía hefur óskað eftir því að fá að selja litað bensín, sem ekki beri skatta sem notaðir séu við viðhald vegakerfisins, og yrði selt á farartæki og vélar sem ekki nota vegi landsins.

Albert bendir á að slíkt kerfi sé þegar til staðar fyrir dísilolíu, og ekkert því til fyrirstöðu að taka upp sama kerfi fyrir tæki á borð við skemmtibáta, vélsleða, torfæruvélhjól og önnur tæki sem aldrei aki á vegum landsins. **- bj**




**VILJA LITAÐ BENSÍN** Ýmis tæki sem ekki nýta vegakerfið borga fyrir uppbyggingu þess með bensínnotkun. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Leikskólaráð Kópavogsbæjar:

# Starfsumhverfi leikskóla bætt

**MENNTUN Vinnuaðstaða starfsfólks leikskóla Kópavogsbæjar verður bætt og haldin námskeið sem miða að því að draga úr streitu, samkvæmt nýrri aðgerðaáætlun leikskólaráðs bæjarins. Þá verður stjórnendum gert kleift að sækja sérsniðið stjórnunarnám og erlendum starfsmönnum boðið á íslenskunámskeið á vegum bæjarins.**

**Bæjarráð Kópavogs hefur samþykkt áætlunina sem ætlað er að auka stöðugleika í starfsmannahaldi, laða nýtt starfsfólk að leikskólum bæjarfélagsins og auka fagþekkingu í leikskólum Kópavogsbæjar.** **- eb**

Ráðherraskipti í Noregi:

# Konur komnar í meirihluta

**NOREGUR, AP Konur eru nú í meirihluta í norsku ríkisstjórninni eftir að Magnhild Meltveit Kleppa tók við ráðherrasæti. Þar eru nú tíu konur ráðherrar en níu karlar.**

**Kleppa tók við sem svæðaþróunarráðherra af Áslaugu Haga, sem skipti um sæti í stjórninni og er orðin olíumálaráðherra. Þessar tilfærslur urðu eftir að Odd Roger Enoksen sagði af sér sem olíuráðherra af fjölskylduástæðum.**

**Konur eru einnig í meirihluta ráðherra í finnsku ríkisstjórninni, sem tók við völdum fyrr á þessu ári. Þar eru tólf af tuttugu ráðherrum konur.** **- gb**

**CHILE**

## Fujimori verður framseldur

Hæstiréttur í Chile hefur kveðið upp þann úrskurð að framselja eigi Alberto Fujimori, fyrrverandi forseta Perú, til heimalandsins þar sem hann verður dreginn fyrir rétt vegna ákæra um spillingu og mannréttindabrot.

**PAKISTAN**

## Forsetakosningar 6. október

Í gær var skýrt frá því að forsetakosningar yrðu haldnar í Pakistan hinn 6. október næstkomandi. Það er þjóðþing landsins sem kýs forseta. Pervez Musharraf ætlar að sækjast eftir endurkjöri, þrátt fyrir mótmæli frá stjórnarandstæðingum.



**BORGARTÚN** Húsið við Borgartún 6 reyndist talsvert minna en uppgefið var þegar ríkið seldi eignina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rúgbrauðsgerðin minnkaði:

# Kaupandi fær engar bætur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur sýknað íslenska ríkið af kröfu forsvarsmanna Trésmiðju Snorra Hjaltasonar um skaðabætur vegna sölu á Borgartúni 6, svokallaðri Rúgbrauðsgerð.

Við sölu var uppgefið að húsið væri 5.211 fermetrar. Við mælingu eftir að kaupin höfðu gengið eftir reyndist það aðeins 4.735 fermetrar, eða 9,13 prósentum minna en gefið var upp.

Hæstiréttur féllst á rök ríkisins að breytar aðferðir við mat á fermetrafjölda hafi valdið þessu misræmi. Forsvarsmaður trésmiðjunnar væri auk þess fróður um byggingar og hefði því mátt gera sér grein fyrir því að athuga þyrfti upplýsingar um stærð húseignarinnar. **- bj**

# Orkuveituljósleiðari ellefu milljarða virði

**Mat tveggja banka á verðmæti Gagnaveitu Reykjavíkur hefur verið kynnt í stjórn OR. Landsbankinn segir verðmæti fyrirtækisins verða um 28 milljarða eftir fjögur ár. Hlutur borgarinnar í Landsvirkjun var seldur á 27 milljarða.**

**VIÐSKIPTI** Gagnaveita Reykjavíkur ehf. er um ellefu milljarða króna virði í dag, en miðað við fjárfestingar verður verðmæti hennar um 28 milljarðar árið 2011. Þetta kemur fram í mati Landsbanka Íslands (LÍ) sem kynnt var stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) á fimmtudag.

Gagnaveitan er skilgetið afkvæmi Línu.nets, sem miklar deilur stóðu um fyrir nokkrum árum. OR keypti Línu.net og breytti síðar gagnaveituhluta fyrirtækisins í sérstakt einkahlutafélag, Gagnaveitu Reykjavíkur.

Tveir bankar mátu verðmæti Gagnaveitunnar fyrir stjórn OR; Landsbankinn og Glitnir. Upplýsingarnar eru trúnaðarmál, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mat Landsbankinn Gagnaveituna á um ellefu milljarða króna miðað við stöðuna í ár. Bankinn mat enn fremur verðmætið eftir fjögur ár á um 28 milljarða króna miðað við þær framkvæmdir og fjárfestingar sem eru í burðarliðnum.

Glitnir mat aðeins verðmætið eins og staðan er í dag, og taldi það í hæsta lagi um sjö milljarða króna miðað við eiginfjárstöðu.

Gangi spár Landsbankans eftir þannig að verðmæti gagnaveitunnar nái 28 milljörðum eftir fjögur ár verður Gagnaveitan verðmætari en hlutur borgarinnar í Landsvirkjun. Þegar borgin seldi sinn hluta í fyrirtækinu í nóvember 2006 fengust tæplega 27 milljarðar króna fyrir rúmlega 44,5 prósenta hlut borgarinnar.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar, lagði fram tillögu á fundi stjórnarinnar um að unnið yrði mat á verðmæti Gagnaveitu Reykjavíkur. Í tillögunni var tekið fram að metið yrði hvort Gagnaveitan ætti að fara í söluferli þegar niðurstaða verðmætamatsins lægi fyrir.

Þegar fjallað var um tillögu Guðlaugs í stjórn OR lét Björn Ingi Hrafnsson, fulltrúi Framsóknarflokks í stjórninni, bóka það sérstaklega að hann væri hlynntur verðmætamati, en gerði fyrirvara við söluferli.

Björn Ingi vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær, og sagðist bundinn trúnaði um stjórnarfundina. Spurður um skoðun hans á mögulegri sölu Gagnaveitunnar sagðist hann ekki hafa myndað sér skoðun á henni.

Guðlaugur Þór hafði í gær ekki heyrt af verðmætamatinu, og vildi ekki tjá sig um það að öðru leyti en því að ánægjulegt væri ef þessi starfsemi væri loksins orðin ábatasöm.

Ekki náðist í Hauk Leósson, stjórnarformann OR, eða Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóra og stjórnarmann Sjálfstæðisflokks í OR, í gær. **brjann@frettabladid.is**



**HÖFUÐSTÖÐVARNAR Á BÆJARHÁLSI** Landsbankinn álítur að verðmæti Gagnaveitu Orkuveitunnar verði tæpir 30 milljarðar króna eftir fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## VERÐMÆTIÐ EINS OG LAGT VAR UPP MEÐ

„Ég er mjög ánægður að heyra þetta, því þetta er í samræmi við það sem við héldum fram í upphafi þegar lagt var af stað við Línu.net," segir Alfreð Þorsteinsson, sem var stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur þegar Lína.net, forveri Gagnaveitu Reykjavíkur, varð til.



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON**

Hann segir það strax hafa verið ljóst í sínum huga að fyrirtækið yrði afar verðmætt þegar fram liðu stundir, en að nokkurn tíma myndi taka að byggja það upp og stofnkostnaður yrði nokkur.

„Ég varð fyrir því sem fyrsti stjórnarformaður og forsvarsmaður þessa fyrirtækis til margra ára að verða fyrir miklum árásum, sérstaklega frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni, sem nú er ráðherra en var þá í minnihluta í borgarstjórn," segir Alfreð.

„Því var haldið fram að ég væri að kasta peningum út um gluggann og þetta væru fjárglæfrar. [...] Mér finnst [Guðlaugur Þór] standa ansi berskjaldaður eftir þegar fyrir liggur að hann hafði á algerlega röngu að standa."

## GAGNAVEITAN ÁFRAM Í ALMANNAEIGU

„Það er morgunljóst hér eftir sem hingað til að við teljum að gagnaveitan eigi að vera í eigu almennings," segir Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í stjórn OR. „Þetta er viðbót nútímans við það veitukerfi sem við höfum þegar."

Svandís vildi að öðru leyti ekki svara spurningum um verðmætamatið, og bar við trúnaði.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

## EKKI RÉTTI TÍMINN TIL AÐ SELJA NÚNA

Dagur B. Eggertsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn OR, vildi í gær ekki tjá sig um verðmatið vegna trúnaðar. Þó væri ljóst að það væri margfalt hærra en gagnrýnendur starfseminnar hefðu haldið fram, sem væri ánægjulegt.

Spurður um afstöðu Samfylkingarinnar til mögulegrar sölu á Gagnaveitunni sagðist Dagur setja ákveðna fyrirvara um sölu. Tíminn væri ekki réttur nú, enda miklar framkvæmdir í gangi hjá Gagnaveitunni. Einnig snerist reksturinn meðal annars um að tryggja samkeppni á þessum markaði, og því þyrfti að horfa í meira en kaupverð þegar hugað væri að sölu.



**DAGUR B. EGGERTSSON**





25–70% afsláttur af stangveiðivörum og búnaði.
Gríptu tækifærið og „græjaðu þig upp".

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16

Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000




# SKÍÐAFERÐIR TIL COLORADO

ASPEN/SNOWMASS • VAIL • BEAVER CREEK • BRECKENRIDGE • KEYSTONE

Fjölbreyttir gistimöguleikar í boði - Eitthvað fyrir alla - Bókaðu strax

WWW.ICELANDAIR.IS

Samstarfsaðili GB ferða

GB FERÐIR
www.gbferdir.is

PÓLSTJÖRNUMÁLIÐ

# Þrír menn skipulögðu smyglið

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telur lögreglan þátt þriggja manna, Bjarna Hrafnkelssonar og bræðranna Einars Jökuls og Loga Freys Einarssona, vera viðamestan í smyglmálinu sem kom upp á Fáskrúðsfirði. Hinum handteknu í Danmörku sleppt í gær.**

Átta manns eru í haldi lögreglu í þremur löndum í tengslum við rannsókn á stórfelldu fíkniefnasmygli er upp komst um á Fáskrúðsfirði á fimmtudag. Rúmlega sextíu kíló af amfetamíni fundust þá í skútu við höfnina á Fáskrúðsfirði sem siglt var til landsins frá Stavanger í Noregi, með viðkomu í Danmörku og Færeyjum.

Pari í Danmörku, sem handtekið var í gær, hefur verið sleppt. Lítilræði af fíkniefnum fannst við húsleit á heimili fólksins en það er ekki talið tengjast skipulagningu smyglsins. Tveir menn í Færeyjum, 23 ára Íslendingur og 24 ára Dani, eru í haldi lögreglu en tvö kíló af amfetamíni fundust í fórum þeirra. Þeir voru handteknir rétt fyrir klukkan sjö að kvöldi á fimmtudag í nágrenni Þórshafnar, höfuðstaðar Færeyja.

Skýrslutökur vegna málsins eru ekki langt komnar og rannsókn málsins er enn á frumstigi, samkvæmt upplýsingum frá Friðriki Smára Björgvinssyni yfirlögregluþjóni.

### Skipuleggjendurnir

Fimm eru enn í haldi lögreglunnar hér á landi, tveir í Færeyjum og einn í Noregi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru Bjarni Hrafnkelsson, 35 ára Hafnfirðingur, og bræðurnir Logi Freyr Einarsson, 30 ára, og Einar Jökull Einarsson, 27 ára, taldir vera skipuleggjendur innflutningsins. Bjarni var árið 1994 dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir þátttöku í innflutningi á hassi. Guðbjarni Traustason og Alvar Óskarsson, báðir 25 ára, sigldu skútunni til landsins með efnin innanborðs. Þeir hafa áður komið við sögu lögreglu.

Logi Freyr er í haldi norsku lögreglunnar en hann var handtekinn á heimili sínu í Stavanger um tvöleytið á fimmtudag, samkvæmt upplýsingum frá Ernst Rosenberg hjá norsku lögreglunni.

Lögreglan gerði húsleit hjá Bjarna snemma morguns á fimmtudag, á sama tíma og umfangsmikil lögregluaðgerð fór fram á Fáskrúðsfirði. Lítilræði af kannabisefnum fannst á heimili hans en lögreglan leitaði einnig í báti Bjarna, Fagurey HF-21, þar sem hann lá við höfnina í Sandgerði. Engin efni fundust í bátnum.

Einar Jökull Einarsson var handtekinn á heimili sínu í Reykjavík en engin fíkniefni fundust þar. Bæði Bjarni og Einar Jökull hafa neitað sök og hafa kært gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur lögreglan fylgst náið með þeim um margra mánaða skeið og byggði krafan um gæsluvarðhald til 18. október á því.

### Sterkt efni – mikið umfang

Alls voru rúmlega 60 kíló af fíkniefnum í skútunni á Fáskrúðsfirði, þar af um fjórtán kíló af e-töfludufti, um 1.800 e-töflur og 45 kíló af amfetamíndufti. Fyrstu athuganir á efninu leiddu í ljós að það væri mjög hreint, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Forsvarsmenn lögreglunnar buðu blaðamönnum að spyrja út í málið á blaðamannafundi en svöruðu engri spurningu efnislega vegna rannsóknarhagsmuna, þar á meðal hvar talið væri að amfetamínið væri upprunnið.

Lögreglan hefur þegar gert fimm húsleitir á Íslandi vegna málsins, þar á meðal í bátum í Reykjavíkurhöfn og í Sandgerðishöfn.

Skútan sem efnin fundust í var flutt í gær landleiðina frá Fáskrúðsfirði til höfuðborgarsvæðisins til frekari rannsókna. Var komið með hana suður í gærkvöldi.

Skútan var leigð í Noregi en kaupverð nýrrar slíkrar er um sex milljónir króna.

### Vinna enn erlendis

Íslenskir lögreglumenn í fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafa unnið að málinu erlendis undanfarna mánuði og munu gera það áfram. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hóf lögreglan að rannsaka málið í fyrra en það hefur verið unnið í samvinnu við lögregluyfirvöld í Noregi, Danmörku, Færeyjum, Þýskalandi og Hollandi. Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur stýrt rannsókninni. Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn í rannsóknardeild, Karl Steinar Valsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn og yfirmaður fíkniefnadeildar, og Hulda María Stefánsdóttir aðstoðarsaksóknari hafa borið hitann og þungann af rannsókninni, að því er fram kom í máli Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, í gær.

Meira en sjötíu manns tóku þátt í umfangsmikilli lögregluaðgerð á Fáskrúðsfirði á fimmtudagsmorgun. Lögregluyfirvöld í Danmörku, Noregi og Færeyjum voru þá í viðbragðsstöðu en samþætting íslenskra og erlendra lögreglustofnana var í höndum Arnars Jenssonar, fulltrúa Íslands í höfuðstöðvum Europol. Hann hefur starfað þar frá því um áramót.

magnush@frettabladid.is







**FÁSKRÚÐSFJARÐARHÖFN FYRIR TVEIMUR ÁRUM** Skútan Lucky Day lagði að höfn í Fáskrúðsfirði í september 2005. Um borð var Einar Jökull Einarsson en skútan var í eigu bróður hans, Loga Freys. Báðir eru grunaðir um aðild að Pólstjörnumálinu. Skútan lá við festar fram á vor 2006 en hinn 13. maí var skútan horfin úr höfninni. Lucky Day kvað vera mun betur búin en skútan sem kom til landsins í fyrradag.




**FAGUREY Í HÖFN Í SANDGERÐI** Lögreglan leitaði fíkniefna í bátnum Fagurey HF-21, sem er í eigu Bjarna Hrafnkelssonar, að morgni fimmtudags. Engin efni fundust í bátnum en lögreglan telur Bjarna vera einn þriggja manna sem standa á bak við smyglið, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**HEIMILI BJARNA** Lögreglan gerði húsleit á heimili hans að Skúlaskeiði á sama tíma og umfangsmikil lögregluaðgerð fór fram á Fáskrúðsfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

HONDA
The Power of Dreams

# 200.000 kr.

## AUKABÚNAÐUR FYLGIR




Honda Accord Special Edition - sjálfskiptur

**2.699.000** kr.

Aukabúnaður:
17" Felgur. „Dark Chrome“ áferð á grilli og hurðahúnum. „Premium“ hljóðkerfi 6 diska og bættur hljómburður. Þokuljós í stuðara að framan. Titan áferð í stokki milli sæta og í hurðum. Leðurklætt stýri.

Á götunum sýnir Honda Accord Special Edition allar sínar glæsilegustu hliðar og í sýningarsalnum besta verðið.
Komdu og upplifðu best búna Honda Accord bílinn - hann er betri en sá besti.

Staðalbúnaður:
VSA spólvörn - ABS bremsur með EBD - fjölstjörnuöryggi - loftpúðagardínur að framan og aftan - litaðar rúður - vökva-, velti- og aðdráttarstýri - hliðarloftpúðar í framsætum - rafdrifnar rúður - skriðstillir (cruise control) - hliðarárekstrarvörn - þjófavörn - regnskynjarar - fjarstýring fyrir útvarp og geislaspilara í stýri - höfuðpúðar fyrir miðjusæti - tvískipt tölvustýrð loftkæling - loftpúðar að framan.

www.honda.is

BERNHARD
Vatnagarðar 24 - 26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 60 20 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535



„Ungur nemur“

Námskeið fyrir ungbörn og foreldra.
Miðað er við börn frá 3ja mánaða til eins árs.
Námskeiðið verður sex skipti á fimmtudögum kl. 11 á Engjateigi 1 og hefst 4. október. Við syngjum, leikum, dönsum og njótum samveru.
Kennari Diljá Sigursveinsdóttir.

Skráning í síma 568 5828

TÓNSKÓLI SIGURSVEINS D. KRISTINSSONAR
Engjateigur 1, 105 Reykjavík - sími: 568 5828 - http://tsdk.ismennt.is


Línur lagðar fyrir fyrirhugaða friðarráðstefnu Mið-Austurlanda:

# Helstu deilumálin verða rædd

**VESTURBAKKINN, AP** Ísrael og Palestína þurfa að leggja drög að skjali sem verður grundvöllur fyrir alvöru friðarviðræður á fyrirhugaðri ráðstefnu um málefni Mið-Austurlanda í nóvember, að sögn Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem stendur fyrir ráðstefnunni.

Helstu deilumál snúast um landamæri framtíðarríkis Palestínu, örlög palestínskra flóttamanna og skiptingu Jerúsalem. Aðstoðarmaður Abbas, forsætisráðherra Palestínumanna, sagði Rice hafa sagt að þessi mál yrðu rædd á ráðstefnunni.

Ísraelar hafa ekki viljað láta mikið uppi um hvað þeir séu tilbúnir að semja um en varaforseti Ísraels, Haim Ramon, var óvenju berorður þegar hann lagði í gær til að arabahverfi í Jerúsalem yrðu afhent Palestínu sem hluti af friðarsamkomulagi.

Leiðtogar Hamas á Gaza gerðu lítið úr mikilvægi ráðstefnunnar og sögðu að hvers konar samkomulag sem kæmi út úr friðarráðstefnu á vegum Bandaríkjanna væri ekki bindandi fyrir palestínsku þjóðina. - sdg



**RÆTT UM FRIÐ** Condoleezza Rice og Mahmoud Abbas. NORDICPHOTOS/AFP





„Söngurinn göfgar“

Innritun stendur yfir á átta kvölda söngnámskeið í raddbeitingu og öndun sem hefst 1. október.
Kennarar Auður Gunnarsdóttir og John Speight.

Skráning í síma 568 5828

TÓNSKÓLI SIGURSVEINS D. KRISTINSSONAR
Engjateigur 1, 105 Reykjavík - sími: 568 5828 - http://tsdk.ismennt.is


Fundur Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og framkvæmdastjóra NATO:

# Öryggi ekki tryggt með vopnum

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðherra ræddi við framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins (NATO) um aðkomu Íslands að starfi NATO og loftvarnakerfi landsins.

„Ég lagði áherslu á að við þyrftum að átta okkur á því hvernig við störfum innan NATO. Við búum ekki yfir hernaðarstyrk eins og hin ríkin. Þegar um er að ræða sameiginlegar aðgerðir NATO, líkt og í Afganistan, sendum við ekki fólk í hernað, heldur borgaralega starfsmenn, en það er ekki síður mikilvægt,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

„Öryggi verður ekki tryggt með vopnum. Við höfum ýmsa reynslu í til dæmis flugmálum, við getum hjálpað til við að byggja upp löggæslu og stjórnsýslu, eða veitt mannúðaraðstoð.“ Ráðherrann ræddi við framkvæmdastjóra NATO, Jaap de Hoop Scheffer, í heimsókn til Brussel á mánudag.



**VOPNAÐIR Í AFGANISTAN** Ísland mun ekki senda fólk í hernaðarverkefni.

„Það sem mér þykir áhugavert er áhersla framkvæmdastjórans á að það þurfi að endurskilgreina öryggishugtakið. Varnir og öryggi snúast ekki bara um að tryggja ákveðin svæði, heldur að tryggja öryggi fólks almennt. Öryggi borgaranna snýr einnig að heilbrigði og umhverfi og stoppar ekki við landamæri. Gamla varnarhugtakið er ekki lengur í gildi.“

Þá ræddi ráðherra um loftvarnakerfi Íslands. Enn á eftir að tengja kerfið við loftvarnir NATO og er unnið að því. - eb


# Nýlegar lúxusbifreiðar á frábærum kjörum

Gott úrval lúxusbíla á einstökum kjörum í takmarkaðan tíma. Komdu núna í lúxussal **Bílalands B&L** og gerðu frábær kaup!
Fjölmargir fjármögnunar möguleikar - allt að 100% lán.
**Gott úrval á staðnum. Komdu í heimsókn til okkar að Grjóthálsi 1.**



**BMW Z4 M Coupe**
Nýskr: 02/2007, 3300cc, 343 hö
beinskiptur, blár
Ekinn 9.000 þ.
**Verð kr. 7.900.000**
**Tilboð kr. 6.700.000**



**BMW X5 3.0i**
Nýskr: 12/2006, 3000cc
Sjálfskiptur, dökkgrár
Ekinn 10.000 þ.
**Verð kr. 6.450.000**
**Tilboð kr. 5.700.000**



**Porsche 911 Carrera 2** (Anniversary)
Nýskr: 08/2005, 3600cc
beinskiptur, silfraður
Ekinn 9.000 þ.
**Verð kr. 9.950.000**
**Tilboð kr. 9.000.000**



**BMW X3 2.5i**
Nýskr: 05/2006, 2500cc
Sjálfskiptur, ljósblár
Ekinn 16.000 þ.
**Verð kr. 5.150.000**
**Tilboð kr. 4.350.000**



**BMW 550i**
Nýskr: 8/2006, 5000cc, 380 hö
Sjálfskiptur, dökkblár
Ekinn 17.000 þ.
**Verð kr. 8.600.000**
**Tilboð kr. 7.500.000**



**Land Rover Range Rover** Vogue
Nýskr: 06/2005, 4400cc
Sjálfskiptur, silfurlitaður
Ekinn 51.000 þ.
**Verð kr. 7.950.000**
**Tilboð kr. 6.750.000**



**Porsche Cayenne**
Nýskr: 09/2004, 3200cc
Sjálfskiptur, dökkblár
Ekinn 44.000 þ.
**Verð kr. 5.600.000**
**Tilboð kr. 4.600.000**



**BMW X5 3.0i**
Nýskr: 05/2006, 3000cc
Sjálfskiptur, dökkblár
Ekinn 27.000 þ.
**Verð kr. 6.050.000**
**Tilboð kr. 5.300.000**

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230.

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
7.889 **+0,16%**

**Fjöldi viðskipta:** 412
**Velta:** 5.956 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **BAKKAVÖR** | 1,87% | **STRAUM.- B.ÁS** | 0,52% |
| **NÝHERJI** | 1,86% | **EIK BANKI** | 0,15% |
| **FLAGA** | 1,42% | **KAUPÞING** | 0,09% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,10 +0,00% ... Bakkavör 65,50 +1,87% ... Eimskipafélagið 39,20 +0,00% ... Exista 30,60 +0,00% ... FL Group 24,95 +0,81% ... Glitnir 28,15 +0,54% ... Icelandair 26,10 +0,00% ... Kaupþing 1.082 -0,09% ... Landsbankinn 40,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 19,25 -0,52% ... Össur 99,00 +0,82% ... Teymi 6,22 +0,81%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Útgáfa Glitnis eflir traust á bankana

Töluverð umframeftirspurn var í skuldabréfaútgáfu Glitnis banka í Bandaríkjunum á fimmtudag. Upphaflega stóð til að gefa út skuldabréf upp á 500 milljónir dala, en upphæðin var færð upp í einn milljarð dala. Eftirspurn í útgáfunni var samkvæmt upplýsingum Glitnis 1,7 milljarðar dala.

Útgáfan, sem nemur tæpum 63 milljörðum íslenskra króna, er til fimm ára með föstum 6,375 prósenta vöxtum, en þeir samsvara 140 punkta álagi á fljótandi fimm ára LIBOR vexti. Í umfjöllun greiningardeildar bankans kemur fram að kjörin séu um 40 punktum yfir fimm ára skuldatryggingarálagi (CDS) á skuldabréf Glitnis, sem hafi verið um 100 punktar í gær.


INGVAR H. RAGNARSSON

Ingvar H. Ragnarsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar Glitnis, segir að þótt kjör á alþjóðalánamörkuðum séu ekki jafnhagstæð og áður hafi þau versnað minna hlutfallslega hjá Glitni en mörgum öðrum bönkum, svo sem Barclays, Deutsche Bank og Credit Suisse. „Það er ljóst að útgáfan er túlkuð sem mikið styrkleikamerki, ekki bara fyrir Glitni, heldur einnig hina íslensku bankana því álagið á skuldatryggingar þeirra allra hefur hríðlækkað,“ segir hann. Eftir útgáfuna í gær lækkaði álag Glitnis um 20 punkta, Kaupþings um 10 punkta og Landsbankans um 8 punkta.

Ingvar segir alla banka finna fyrir þrengingum á fjármálamörkuðum, en góð lausafjárstaða Glitnis gefi gott svigrúm til að glíma við vandann. „Þar má segja að reynslan frá í fyrra, þegar íslensku bankarnir gengu í gegnum mikinn óróa, komi okkur til góða núna.“

Alexander Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Glitnis, fagnar í tilkynningu bankans frá því í gær niðurstöðu útboðsins og viðtökum fjárfesta. Útboðið segir hann stykja enn frekar trausta lausafjárstöðu bankans sem leggi á það áherslu að eiga á hverjum tíma laust fé til að mæta öllum skuldbindingum bankans til tólf mánaða. Umsjón með útgáfu Glitnis vestra höfðu bankarnir Citigroup, Credit Suisse og Wachovia. **- óká**


**VIÐ ÚTIBÚ NORTHERN ROCK** Stjórnendur Northern Rock höfnuðu láni í júní sem hefði getað bjargað fasteignalánafyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Northern Rock hafnaði láni

**Bandaríski fjárfestingabankinn JPMorgan bauðst til þess í lok júní í sumar að veita breska fasteignalánafyrirtækinu Northern Rock hálfan milljarð punda, jafnvirði rúmra 63 milljarða króna, að láni í kjölfar afkomuviðvörunar lánafyrirtækisins.**

**Stjórnendur Northern Rock ákváðu að taka því ekki. Breskir fjölmiðlar gagnrýndu fyrirtækið harðlega í gær enda hefði lánið geta komið í veg fyrir þau vandræði sem fyrirtækið stendur frammi fyrir. Gengi bréfa í Northern Rock hefur hríðfallið síðan á föstudag fyrir viku, um tæp sextíu prósent. - jab**


**EIN EVRA** Evrur hafa aldrei verið dýrari fyrir Bandaríkjamenn en nú um stundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dalur lækkar

Gengi Bandaríkjadals hefur lækkað talsvert síðastliðnar vikur og hefur ekki verið jafn lágt gagnvart helstu gjaldmiðlum og gulli í áraraðir.

Nú er svo komið að ein evra kostar 1,41 dal og hefur hún aldrei verið dýrari. Gullverð, sem greitt er í dölum, hefur sömuleiðis aldrei verið dýrara.

Gengið lækkaði talsvert eftir stýrivaxtalækkun í Bandaríkjunum á þriðjudag og segir Bloomberg að vaxtaþróun vestanhafs á næstu mánuðum ráði miklu um gengi dalsins. **- jab**

# Vísitala íbúðaverðs í 344,7 stig

**Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 0,8 prósent milli mánaða samkvæmt tölum Fasteignamats ríkisins, en hún mældist 344,7 stig í ágúst. Vísitala tólf mánaða nemur 10,8 prósentum og hægir því heldur á en þar áður var hún 12,7 prósent.**

**Í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans kemur fram að mikil hækkun hafi átt sér stað í ágúst í fyrra og skýrist lækkun á tólf mánaða meðaltali nú af því að sá mánuður detti nú út. - óká**



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Áfangasigur lögreglunnar í baráttunni gegn smygli á fíkniefnum:

# Samvinna lykill að árangri

**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR**

Fíkniefnafundur lögreglunnar á Fáskrúðsfirði í fyrradag er mikilvægur í baráttunni gegn skipulögðu smygli á eiturlyfjum til Íslands. Haft var eftir Max-Peter Ratzel, forstjóra löggæslustofnunar Evrópusambandsins, Europol, í fréttatilkynningu að það væri afar jákvætt að sjá eina af smyglleiðunum til Íslands upprætta. Bæði hann og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, hafa lagt áherslu á að traust samvinna milli lögregluliða innan og utan Evrópusambandsins hafi leitt til þess að aðgerðin heppnaðist. Liður í þeim árangri er tvímælalaust að íslenskur lögreglumaður var sendur til starfa hjá Europol og sér um samskipti stofnunarinnar við íslensk yfirvöld.

*Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á eflingu lögreglu, Landhelgisgæslu og tollgæslu undanfarið ár. Í því sambandi er mikilvægt að almenningur átti sig á mikilvægi þessara embætta og hlutverki. Því er öll upplýsingagjöf um störf þessara stofnana nauðsynleg.*

Aldrei áður hefur verið lagt hald á nálægt því jafnmikið magn örvandi fíkniefna í einu. Aðferðin sem notuð var til smyglsins er líka nýstárleg, sé tekið mið af fréttum af stórum fíkniefnamálum sem upp hafa komið síðustu ár. Við það vakna spurningar um hvernig fylgst er með siglingaleiðum til og frá landinu. Það eftirlit er á herðum Landhelgisgæslunnar.

Georg Kr. Lárusson, forstjóri stofnunarinnar, leggur áherslu á að setja þurfi upp eftirlitskerfi meðfram ströndum landsins svo að hægt sé að fylgjast með sjófarendum. Það sé mikilvægur hluti af öryggi sjófarenda og ekki síður til að fylgjast með fleyjum sem ekki tilkynna um ferðir sínar. Þetta eftirlit hlýtur að vera jafn mikilvægt og eftirlit með flugi til og frá landinu.

Samvinna löggæsluyfirvalda á Íslandi og í Evrópu er nauðsynleg til að árangur náist í baráttunni gegn smygli á fíkniefnum til Íslands. Áhersla lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins á góða samvinnu stofnana á Íslandi er eftirtektarverð. Endurskipulagning lögregluliðsins, meðal annars stofnun embættis lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, virðist vera að skila árangri. Góð samskipti löggæsluyfirvalda innanlands og við erlendar stofnanir er lykillinn að árangri. Fundurinn á Fáskrúðsfirði er dæmi um það.

Íslensk stjórnvöld hafa undanfarið ár lagt áherslu á eflingu lögreglu, Landhelgisgæslu og tollgæslu. Í því sambandi er mikilvægt að almenningur átti sig á mikilvægi og hlutverki þessara embætta. Því er öll upplýsingagjöf um störf þessara stofnana nauðsynleg. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, áttar sig á því og hefur verið duglegur að kynna störf lögreglunnar á vettvangi. Forsvarsmenn annarra löggæslustofnana ríkisins mættu taka hann sér til fyrirmyndar í þeim efnum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Risastóra smyglmálið

Fíkniefnafundur lögreglunnar á Fáskrúðsfirði er mál málanna núna. Pétur Gunnarsson, bloggari á Eyjunni, var fljótur að benda á, þegar fullyrðingar um að magnið á Fáskrúðsfirði væri það mesta sem fundist hefði hingað til, að hald hefði verið lagt á meira magn af fíkniefnum hér á landi, og það árið 1982. Þá voru gerð upptæk tæp 200 kíló af maríjúana hér á landi. Málið upplýstist aldrei. Efnið mun hafa verið sent hingað frá New York með vitund bandarísku og íslensku lögreglunnar en enginn vitjað þess.



### Skákmeistari skúbbar

Pétur bendir á frétt Morgunblaðsins um málið, en segir blaðið ekki hafa skúbbað málinu. Önnur dagblöð sem út komu á þessum tíma eru ekki aðgengileg á netinu og því kostar það meiri rannsóknir að hafa uppi á fréttum úr þeim. Það vefst þó ekki fyrir blaðamanninum Friðriki Indriðasyni að benda á hver skúbbaði fréttinni. Í athugasemd við færslu Péturs bendir hann á að fyrsta frétt um stóra maríjúanamálið hafi birst í Þjóðviljanum sáluga og það hafi verið Helgi Ólafsson sem hafi skrifað hana. Helgi er þekktari sem einn fremsti skákmaður Íslands en sem blaðamaður en hefur eins og margir þekktir einstaklingar staldrað við í stéttinni um hríð.



### Ný leið?

Vísir sagði í gær frétt af þýsku þingkonunni Gabriele Pauli sem hefur lagt til að hjónaband verði bundið við sjö ár og svo þyrfti heitið endurnýjunar við. Gabriele heldur því fram að ef slík tímamörk væru sett myndi draga úr skilnuðum, en þeir eru algengir í Þýskalandi eins og annars staðar í hinum vestræna heimi. Hér á landi enda til dæmis 40 prósent hjónabanda með skilnaði. Löngum hefur verið talað um að eftir sjö ár sé krísa algeng í hjónaböndum og myndi hin nýja leið Gabriele vissulega losa margan undan henni.

sigridur@frettabladid.is

# Grínverktaki rekinn



**SVERRIR JAKOBSSON**

**Í DAG** | Spaugstofan

Fyrir nokkrum vikum var tilkynnt um grundvallarbreytingu á einni af helstu stofnunum íslensks samfélags, sjálfri Spaugstofunni. Einn félaganna sem hefur verið með í hópnum frá upphafi, Randver Þorláksson, hefur verið rekinn frá Ríkisútvarpinu og verður ekki með í Spaugstofunni í ár. Í sjálfu sér eru það engin tíðindi að Sjónvarpið endurráði ekki starfsmann. Það sem vakti athygli mína voru hins vegar viðbrögð félaga Randvers í Spaugstofunni. Að sögn eru þeir óánægðir með brottreksturinn en ekkert sé við þessu að gera. Þeir hafi alla tíð verið fimm verktakar sem ráðnir voru í vinnu hjá Ríkisútvarpinu.

Þetta finnst mér merkileg yfirlýsing vegna þess að ég hef aldrei litið á Spaugstofuna þessum augum fyrr. Í mínum augum var Spaugstofan skapandi afl, ekki verktakar að vinna eftir teikningum heldur listamenn að búa til eitthvað nýtt. Gamanleikir eru meðal merkustu listgreina hvers samfélags og Spaugstofan telst stórmerkileg á þeim mælikvarða – þátturinn hefur verið vinsælasta gamanefni Íslendinga í 18 ár. Það sem var merkilegast við þáttinn var þó líklega hvernig hann varð til sem afsprengi hópvinnu. Húmor Spaugstofunnar tilheyrir ekki einum manni heldur varð kómíkin til í sínu eigin rými; tengslanna sem voru á milli þessara ágætu gamanleikara. Á bak við Spaugstofuna voru einstaklingar en hún var líka sjálfstætt afl, lítið samfélag sem endurspeglaði annað stærra samfélag. Fólk trúði því jafnvel að einhver ósýnileg tengsl væru á milli Spaugstofunnar og íslensku þjóðarsálarinnar.

Þannig virkar líka kómíkin. Það gengur ekki að hafa Laurel án Hardys, eða Abbott án Costellos. Marxbræður færu ekki að reka einn bróður og ráða óskyldan mann í hans stað. Monty Python-hópurinn dó með Graham Chapman, ekkert síður en Bítlarnir dóu með John Lennon. Á sama hátt ætti Spaugstofan ekki að geta þrifist án Randvers.

Eða ekki. Nú er okkur sagt að þetta hafi allt saman verið blekking. Spaugstofan var aldrei til sem samfélag skapandi listamanna heldur voru þetta verktakar í vinnu hjá ríkinu. Ríkisútvarpið á Spaugstofuna eins og hvert annað skrásett vörumerki. Samfélag Karls Ágústs, Sigurðar, Arnar, Pálma og Randvers – míkrókosmosinn sem okkur fannst stundum fela í sér allt Ísland – var heldur aldrei til. Þeir voru staksteinar sem komu hver öðrum ekkert meira við en hver annar Kínverji eða Portúgali við Kárahnjúka. Það er ekki til samfélag, bara einstaklingar.

### Martröð nýfrjálshyggjunnar

Auðvitað veit maður að söngur tímans er svona. Við komum hvert öðru ekkert við heldur erum við öll lítil atóm sem verða hvert og eitt að eiga við stórabróður – hinn alráða vinnuveitanda. Atómin koma hvert öðru ekkert við því að þau eru frjáls og sjálfstæð. Samstaða þeirra og samhjálp kemur ekki til greina því að hún er stórhættuleg; gott ef hún er ekki kommúnismi. Forðumst öfgar, er boðskapur þjóðstjórnarinnar nýju, og núna eru það hættulegar öfgar að efast um frelsi atómanna og tala þess í stað um samstöðu.

Svona er veruleiki nýfrjálshyggjunnar og boðberar stefnunnar þreytast ekki á að segja manni að það sé ekki til neinn annar valkostur. Allir eiga að vera saman í einu liði – liði hinnar samstiga og alráðu einstaklingshyggju. Við megum ekki eiga lengur neitt saman, ekki skóla, sjúkrahús eða rafmagnsleiðslurnar sem liggja í húsin okkar. Við erum öll sjálfstætt starfandi verktakar í samfélagi launaleyndar þar sem öll dýrð, peningar og áhrif flæða að ofan en ekki vegna þess að atómin séu að rekast saman. Í rýminu milli atómanna gerist ekkert, engin sköpun getur orðið til þar; hvort sem það er á sviði auðsköpunar eða lista.

### Et tu – Brute?

Einhvern veginn trúði maður því þó samt að Spaugstofan væri undanskilin þessu. Að á milli okkar firrtu og valdalausu launþeganna leyndist eitt hirðfífl sem tæki ekki þátt í sjónleik nýfrjálshyggjunnar. Hirðfífl sem hægt væri að hlæja að en segði stundum óþægilegan sannleika. Að meðal þjóðar þar sem samvinnuhugsjónin væri dauð leyndist eitt, lítið samvinnufélag þar sem veruleikanum var snúið við. Að til væri samfélag hláturmenningarinnar þar sem konungur betlaranna ríkti þótt það væri ekki nema eitt kvöld í viku, hálftíma í senn. Að Bogi og Örvar myndu aldrei skilja þó að ekkert annað samfélag fái þrifist í veröld nýfrjálshyggjunnar.

En auðvitað er slíkt samfélag ekki til. Það er enginn annar valkostur, ekki einu sinni í gamni. Spaugstofan var aldrei til, aðeins stakir launamenn og sjálfstætt starfandi verktakar.

# Framsýni í menntamálum

**UMRÆÐAN**

Menntamál



**BIRKIR JÓN JÓNSSON**

Það er lykilatriði í hinu hraða nútímaþjóðfélagi að undirbúa yngri kynslóðina vel áður en hún fer út á vinnumarkaðinn. Allir hafa sína hæfileika en þurfa að fá tækifæri og stuðning til að þroska þá í viðeigandi menntastofnunum áður en þeir taka þátt í samkeppninni í atvinnulífinu. Það er ein besta leiðin til að byggja upp gæfuríka framtíð fyrir hvern og einn og tryggja það að samfélaginu farnist vel um leið.

Það er stundum erfitt að sannfæra fólk um réttmæti útgjalda til menntamála því þau skila ekki árangri strax, heldur á löngum tíma. En við Íslendingar höfum borið gæfu til að fara þá leið eftir sem áður og því ber að fagna.

Á dögunum var birt skýrsla Efnahags- og framframfarastofnunarinnar (OECD) sem staðfestir þetta. Íslenska ríkið varði árið 2004 um 8% af vergri landsframleiðslu til menntamála og það er hæsta hlutfall ríkja OECD. Þau verja að meðaltali 5,8% sinnar landsframleiðslu til málaflokksins sem er umtalsvert minna. Einnig kemur fram í skýrslunni að við vörðum á árinu rúmum 600 þúsund krónum (m.v. gengi um mitt ár 2004) til menntunar hvers nemanda frá grunnskóla upp í háskóla. Það er um 87 þúsund krónum meira heldur en OECD-ríkin vörðu að meðaltali til málaflokksins.

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem sat frá 1995 og fram á síðasta vor var mjög meðvituð um mikilvægi menntamála eins og þessi skýrsla OECD sýnir vel. Nú eru fleiri einkaaðilar og einstaklingar farnir að leggja fé til skólastarfs og því ber að fagna þó að alltaf verði að gæta að því að jafnrétti til náms skerðist ekki um leið. Engin ástæða er þó til að leggjast gegn því að fyrirtæki og einstaklingar efli skólana almennt og hugsanlega mætti veita þeim skattaafslátt fyrir.

Framsóknarflokkurinn vann að þessum málum í ríkisstjórnarsamstarfinu og mun áfram leggja þeim lið í stjórnarandstöðu. Leiðarljós okkar er sem fyrr að koma áfram þeim málum sem við teljum að þjóni íslensku samfélagi best til framtíðar. Efling menntakerfisins er svo sannarlega eitt þeirra.

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.*




Gerum hús að heimili

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 07-1007

# Frumsýning um helgina

## Opið laugardag og sunnudag kl. 12–16
## HEKLU, Laugavegi




**Ríkulegur staðalbúnaður:**

- Sex öryggisloftpúðar
- ESP stöðugleikakerfi
- Hiti í sætum
- CD og MP3 spilari
- Tengi fyrir iPod
- Þrír höfuðpúðar að aftan
- Rafdrifnar rúður að framan og aftan
- Fjarstýrð samlæsing
- Þokuljós
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Hraðastillir (cruise control)
- og margt fleira

**Einnig opið laugardag hjá söluumboðum HEKLU Selfossi og Reykjanesbæ kl. 12–16**

SIMPLY CLEVER




# Ást við fyrsta akstur

**Hann er kominn, bíllinn sem er að slá í gegn í Evrópu, Skoda Fabia.** Auðvitað skiptir útlitið ekki öllu en það er það fyrsta sem hrífur. Ríkulegur staðalbúnaðurinn lætur þér líða eins og heima hjá þér. Handhæg tenging fyrir ipodinn gefur rétta tóninn, hitinn í sætunum yljar, flott hönnunin gleður augað og sex loftpúðar og ESP stöðugleikakerfi veita öryggistilfinningu.

**Komdu og eigðu stefnumót við Skoda Fabia.**
**Þú finnur strax að leitinni er lokið.**

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

## Kynningafundur um Norðurslóðaáætlun

Northern Periphery - Norðurslóðir
Dagsetning: 25. september 2007
Fundarstaður: Grand Hótel Reykjavík, Sigtún 38
Tími: 13:00 - 15:30

### Dagskrá

12:15-12:45 Léttur hádegisverður

13:00-13:10 Setning Herdís Sæmundardóttir Byggðastofnun

13:10-13:40 Norðurslóðaáætlun 2007-2013
Claire Matheson Northern Periphery Programme Secretariat

13:40-14:10 Þátttaka Íslands í verkefnum innan Norðurslóðaáætlunar
Frá verkefnishugmynd til umsóknar.
Þórarinn Sólmundarson Byggðastofnun

14:10-14:40 Áherslur á Norðurslóðaáætlunar 2007-2013 og tegundir verkefna
Claire Matheson Northern Periphery Programme Secretariat

14:40-15:10 Pallborðsumræður undir stjórn Davíðs Stefánssonar Capacent hf

15:10- Kaffi

15:30- Fundir með umsjónaraðilum áætlunarinnar

**Skráning þátttöku er á Byggðastofnun í síma 455 5400**
**Ekkert þátttökugjald.**

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ Byggðastofnun



512 50 50 Auglýsingasími
Mest lesið






Aðalfundur Alfesca hf. verður haldinn á Nordica hóteli, Reykjavík, mánudaginn 24. september 2007 kl. 16.30.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningar félagsins fyrir síðastliðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðenda.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar síðastliðins reikningsárs.
4. Kosning endurskoðenda.
5. Kjör stjórnar til eins árs.
6. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
8. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
9. Tillögur um breytingar á samþykktum. Sjá: www.alfesca.com
10. Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem bera á undir fundinn verði teknar til umræðu á fundinum verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en sjö dögum fyrir fundinn.

Dagskrá fundarins, ársreikningur og endanlegar tillögur eru aðgengilegar hluthöfum á skrifstofu félagsins í Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað sem og á skrifstofu félagsins einum sólarhring fyrir fundinn.

Stjórn Alfesca hf.


MAÐUR VIKUNNAR

# Metnaðarfull og hjartahlý en misskilin af mörgum

Elísabet Gunnarsdóttir hefur náð frábærum árangri með kvennalið Vals og gert liðið þrisvar að Íslandsmeisturum síðustu fjögur árin. Viðmælendur Fréttablaðsins rak ávallt í rogastans þegar átti að fara að tína til galla hins sigursæla þjálfara sem nær bæði að vera besti vinur leikmanna sinna sem og að halda virðingu þeirra sem þjálfari.

Elísabetu er lýst sem traustum vini, metnaðarfullri og góðri manneskju sem leggur áherslu á hreinskilni og hjálpsemi við náungann. Það er nóg að gera hjá Elísabetu, sem á fimm mánaða gamalt barn, er þjálfari besta kvennaliðsins á Íslandi og er nýbúin að stofna fyrirtæki.

„Hún er að gera mikið í einu og hlífir sér aldrei. Það er ástæðan fyrir því að hún er stundum óstundvís að hún hefur of mörg járn í eldinum. Hún er líka alltaf tilbúin til að hitta fólk og hjálpa því,“ segir samstarfsmaður Elísabetar. Leikmenn Valsliðsins hafa þurft að bíða nokkrum sinnum eftir henni. „Hún er ótrúlega óstundvís og mætir sjaldan á réttum tíma. Hún hefur oftar en ekki látið liðið bíða eftir sér,“ segir ein og önnur tekur líka undir þetta. „Hún er alltaf í símanum og verður því oft of sein,“ segir einn liðsmaður hennar sem segir hana samt alltaf klára það sem hún setur sér fyrir hendur. „Hún er ótrúlega metnaðarfull og allt sem hún tekur sér fyrir hendur klárar hún. Hún setur sér markmið og nær þeim.“

„Hún er ótrúlega góð manneskja en stundum svolítið misskilin af mörgum í fótboltanum. Þeir sem þekkja hana vita hvernig hún er en þeir sem þekkja hana ekki vel telja sig kannski vita hvernig hún er en vita það ekki,“ segir félagi Elísabetar í Val sem hefur þekkt hana lengi. „Fólk hræðist hana fyrst og ég get alveg viðurkennt það að ég var pínulítið hrædd við hana áður en ég kynntist henni. Ég komst fljótt að öðru þegar ég kynntist henni,“ sagði leikmaður hjá henni í Valsliðinu og bætir við: „Beta er frábær persóna að öllu leyti. Hún er hjartahlý og góð manneskja. Hún vill allt fyrir alla gera og er mjög hjálpsöm. Hún setur alltaf manninn við hliðina í forgang.“

Elísabet er mjög góð vinkona leikmanna sinna en þegar kemur inn á æfingu þá nær hún að skilja á milli og verða þjálfari þeirra. „Það er mesti kostur hennar sem þjálfari að hún þekkir leikmennina sína svo vel. Hún er mjög meðvituð um andlegt ástand sinna leikmanna sem skilar miklu,“ segir leikmaður hennar. Leikmenn virða hana sem þjálfara og hlusta á hana en hringja kannski í hana sem vinkonu eftir á. „Utan vallar er hún besti félagi okkar en á æfingum fer ekki á milli mála að hún er þjálfarinn,“ segir einn leikmaður Valsliðsins sem hefur verið með öll fjögur árin sem Elísabet hefur þjálfað meistaraflokkinn.

Elísabet er þekkt fyrir að vinna einstaklingsbundið með hverjum og einum einstaklingi. „Hún kemur misjafnlega fram við leikmenn eftir persónum. Fólk þolir misjafnlega vel gagnrýni og hrós. Hún er ótrúlega lunkin við það að spila inn á hvern leikmann. Hún hefur rosalegan sannfæringarkraft og sannfærir okkur um að allt sem hún geri og segi sé rétt,“ segir leikmaður hennar.

Elísabet hefur ekki fengið allt upp í hendurnar hjá Val. „Þegar Elísabet Gunnarsdóttir hafði þjálfað lengi í yngri flokkum í Val og búin að gera þrjú lið að Íslandsmeisturum þá voru einhverjir í Val sem efuðust um að hún gæti þjálfað meistaraflokk. Hún er búin að sýna það og sanna að hún er okkar hæfasti fótboltaþjálfari í dag og þá er ég ekki bara að tala um kvennamegin,“ segir kunnur Valsmaður sem hefur hrifist mikið af því hvernig hún þjálfar lið sitt. „Hún hefur mikla ástríðu fyrir því að vera þjálfari. Það var sjaldgæft á sínum tíma að finna stelpu sem væri áhugasamari en allt um að ná árangri. Hún er gríðarlega metnaðarfull og mikil fagmanneskja,“ segir félagi hennar úr Val og vinkona hennar nefnir þrjóskuna sem lykilatriði í að hún hafi náð svona langt. Hún er mjög ákveðin og hefur ríka réttlætiskennd. Hún er mjög þrjósk og vill alltaf hafa rétt fyrir sér. Hún hefur ekki síst náð langt á þrjóskunni,“ segir vinkona hennar.

„Hún er einstaklega skipulögð og rosalega vel gefin. Það er mjög gott að vinna með henni og hún er toppmanneskja í alla staði,“ segir samstarfsmaður Elísabetar í Valsliðinu og bætir við: „Hún er vinur leikmannanna og samt þjálfari. Hún getur verið bæði og það er ekki auðvelt að vera báðum megin við línuna. Hún getur hlegið með þeim og sagt brandara en þegar hún er komin hinum megin við línuna sem þjálfari þá hlusta allir þegar hún talar. Þessir kostir hjá þjálfara eru einstakir og það er mín skoðun að hún sé besti kvenþjálfarinn á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Það hefur verið hreinn unaður að vinna með henni. Hún er góður kennari og ég hef lært rosalega mikið af henni. Þetta er yndisleg persóna og það eru forréttindi að fá að vinna með henni,“ segir einn aðstoðarmanna Elísabetar í Valsliðinu.

Elísabet er dugleg við að safna góðu fólki í kringum sig og hún hefur hjálpað til við að búa til frábæra umgjörð í kringum kvennalið Vals. Hún vinnur vel með öllum og nær því besta út úr öllum í kringum liðið. „Hún er klárlega vinur vina sinna. Hún er traustur vinur og góð manneskja,“ segir vinkona Elísabetar til margra ára og er ekki sú eina sem lofar hana á alla vegu.

## ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR




### ÆVIÁGRIP

Elísabet Gunnarsdóttir fæddist 2. október 1976 og bjó í Breiðholtinu fyrstu 20 ár ævi sinnar. Hún er dóttir Gunnars Kristjánssonar sem rekur rútufyrirtæki og Rakelar Ólafar Bergsdóttur sem starfar á Skálatúni. Elísabet á einn hálfbróður, Berg Pétur Tryggvason, sem stundar nú nám í Danmörku. Elísabet gekk í Hólabrekkuskóla og lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Þaðan lá leiðin í Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni þar sem hún lauk námi sem íþróttakennari. Í skólanum kynntist Elísabet eiginmanni sínum, Gylfa Sigurðssyni, sem er einnig íþróttakennari en starfar nú sem sem viðskiptastjóri hjá Opnum kerfum. Elísabet hóf snemma að þjálfa hjá Val og þjálfaði fyrst 16 ára gömul. Hún hefur því verið í kringum fótboltaþjálfun í fimmtán ár. Elísabet þjálfað upp alla yngri flokkanna og gerði þrjá flokka að Íslandsmeisturum, 5. flokk 1996, 4. flokk 1998 og loks 2. flokk 2001. Elísabet gerðist þá þjálfari meistaraflokks ÍBV í eitt ár, gerði síðan 2. flokk Breiðabliks að Íslandsmeisturum 2003. Elísabet sneri til baka á Hlíðarenda 2004 og hefur síðan verið þjálfari Meistaraflokks og yfirþjálfari kvennaflokka félagsins. Undir stjórn Elísabetar hefur Valsliðið unnið þrjá Íslandsmeistaratitla og einn bikarmeistaratitil á fjórum árum. Elísabet hefur í nógu að snúast þessa dagana því hún er nýbúin að stofnsetja eigið fyrirtæki og er því komin út í viðskiptaheiminn alveg eins og faðir hennar.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Elísabet tók sér aðeins vikufrí frá þjálfun Valsliðsins í vor til þess að eignast dóttur sína, Maríu Lind, sem fæddist 4. apríl síðastliðinn. Elísabet var með æfingu daginn áður en hún átti og svo aftur viku eftir að hún átti. Mánuði síðar kom fyrsti titilinn eftir að hún varð mamma þegar Valur vann KR 2-1 í úrslitaleik Lengjubikarsins og fimm dögum síðar vann Valsliðið síðan meistarakeppnina með því að vinna 8-1 sigur á Breiðabliki.

BRJÁLUÐ

# HELGAR BOMBA

laugardag & sunnudag



# 35% afsláttur af ÖLLUM búsáhöldum

Matar- og kaffistell, hnífaparasett, eldhúsáhöld, glös, pottar og pönnur, bökunarform, geymsluílát o.fl.

LÆGRA VERÐ!

www.byko.is
vefverslun



**1.990**
3.990

Vnr. 65746036
**Blandari**
KASSEL blandari, 1,5 ltr. skál.



**4.990**
6.990

Vnr. 88016500
**Ryksuga**
KASSEL ryksuga, 2000W, Stillanlegur kraftur og stór hjól. Mælir sýnir hvað mikið er í ryksugupokanum. HEBA filter.



**1.495**
2.990

Vnr. 65745300
**Kaffikanna**
KASSEL kaffikanna, 1000W.



**1.995**
3.990

BOSCH
Vnr. 65743002
**Handryksuga**
BOSCH handryksuga.

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# Nýjar ábendingar í Baugsmálinu

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er hrópað húrra fyrir lögreglustjóra höfuðborgarinnar, féglöggum rafeindavirkja og óvæntu ástarbréfi. Einnig er skýrt frá nýjum ábendingum í Baugsmálinu.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**MÁNUDAGUR, 17. SEPTEMBER.**

### Húrra fyrir lögreglustjóranum!

Ég er orðinn stálsleginn eftir að hafa tekið lífinu með ró um helgina. Það hittist vel á að ég skyldi vera orðinn brattur því að um helgina byrjuðu öll viðvörunarljós að loga í mælaborðinu á fjölskyldubílnum svo að ég þurfti að leggja hann inn á verkstæði.

Ég er farinn að trúa því að nýja lögreglustjóranum okkar sé alvara með því að koma skikk á miðborgina. Húrra fyrir honum! Hann vill láta takmarka opnunartíma skemmtistaða í miðbænum við klukkan tvö á nóttunni.



Mér er nákvæmlega sama um hvað skemmtistaðir eru opnir lengi svo framarlega sem löggan tekur í taumana þegar fólk hegðar sér eins og svín á almannafæri. Ef lögreglustjóranum tekst að kenna íslenskum fyllirútum af báðum kynjum að virða lögreglusamþykkt Reykjavíkur mun ég berjast fyrir því að styttan af danska kónginum við Stjórnarráðið verði flutt og stytta af lögreglustjóranum látin prýða miðborgina í staðinn.

**ÞRIÐJUDAGUR, 18. SEPTEMBER.**

### Fjögurra ára afmæli

Í dag var merkisdagur. Fröken litla Sól, öðru nafni Sólveig Kristín, varð fjögurra ára.

Að sjálfsögðu tilheyrði það afmælinu að ég bakaði afapizzu og borðhaldið í kvöld var mjög skemmtilegt og góðir gestir fengu forskot á sæluna – því að hinn raunverulegi afmælisfögnuður verður á sunnudaginn.

Vísir.is er með athyglisverða útreikninga á því að 72 fjölskyldur þarf til að borga afborganir af bíl Páls útvarpsstjóra RÚV ohf. Hinn ágæti Egill Helgason bendir réttilega á það í Silfri sínu á Eyjan.is að áskrifendur Stöðvar 2 borgi líka laun forstjóra 365 hf.



Í framhaldi af þessu sendi ég Agli smánetpóst. Þar stendur m.a.: „Þó að kjaramál og bílamál mikilmenna séu ofar mínum skilningi held ég samt að það sé eðlismunur á bílamálum útvarpsstjórans hjá RUV og forstjórans hjá 365. Hvort sem mér er það ljúft eða leitt er ég skyldugur til að borga minn hlut í lúxuskerru undir rassgatið á Páli Magnússyni, en ef ég kæri mig ekki um að standa undir launum Ara Edwalds þá segi ég bara upp áskriftinni að Stöð 2 – og eyði peningunum í sjálfan mig.“

Svo að maður haldi áfram með bílamálin þá endurheimti ég bílinn minn af verkstæði í dag. 141 þúsund kostuðu þeir endurfundir. Bíllinn er orðinn eins og unglamb aftur nema hvað það vantar reyndar einhverja gorma sem ekki borgar sig fyrir umboðið að eiga á lager en búið er að panta frá BMW sjálfum í Þýskalandi.

Nú fer að líða að því að ég svipist um eftir nýjum (öðrum) bíl. Þessi bíll sem ég á hefur veitt mér ómælda ánægju. Hann er næstum 300 hestöfl. Þrátt fyrir það hef ég bara fengið eina hraðasekt. Það var þegar ég gleymdi mér og ók á 87 km hraða þar sem hámarkshraði er 70. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu sektaði mig um sjö þúsund og fimm hundruð krónur fyrir gáleysið. Hann segist eiga ljósmynd af atvikinu. Ég ber samt engan kala til hans. Agi verður að vera í hernum, sagði góði dátinn Svejk.

**MIÐVIKUDAGUR, 19. SEPTEMBER.**

### Nýtt kvikmyndahandrit

Það er margs konar umstang eftir þegar maður er búinn að skila handriti að bók. Í dag þurfti að taka upp auglýsingamynd fyrir bókina.



Ég var búinn að skrifa kvikmyndahandrit sem útgefandinn minn hafnaði einhverra hluta vegna. Það var svona:

ANGELÍKA JOLIE liggur í rúminu niðursokkin í að lesa. Bókin sem hún heldur á heitir ENGLAR DAUÐANS eftir ÞB.

BRAD PITT lostafullur á svip þreifar eftir náttlampanum yfir höfðalagi hennar og býr sig undir að slökkva ljósið:

ANGELÍKA: Þú verður að sofa í sófanum í stofunni þangað til ég er búin með þessa bók. (Lyftir bókinni í átt að myndavélinni). Meðan ég er að lesa bókina hans Þráins vil ég ekki láta trufla mig.

Í staðinn fyrir að filma þetta eðalhandrit var ég látinn svara nokkrum spurningum og labba um bæinn með skáldlegu göngulagi.

Litla Sól hefur ekki fengið mikinn póst hingað til en í dag varð breyting á því þegar pósturinn kom með kort frá hennar kærasta vini, Hreiðari Nóa, sem var skólafélagi hennar á Njálsborg en fluttist til Lundúna í sumar. Það var fallegt bréf. Vonandi er ég ekki of opinskár um einkamál ungfrúarinnar þótt ég skýri frá því að hér var um ástarbréf að ræða, það fyrsta sem hún fær á ævinni.

Eins og Júdas er ég í viðskiptum við Símann. Til að komast í þau viðskipti lagði ég sjálfur ljósleiðara í húsið mitt í stað þess að bíða í tuttugu ár eftir því að Síminn sæi sér hag í að koma Grjótaþorpinu í samband. Keypti sjálfur ljósleiðara hjá Símanum, lagði hann niður Fischersundið 100 metra og fékk að stinga honum í samband í Aðalstræti 2.

Hér hefur ekkert sjónvarp náðst síðan um síðustu helgi og allir á Bráðavaktinni gætu verið dauðir án þess að við hefðum hugmynd um það.

Í dag tók ég loksins á mig rögg og náði sambandi við rafeindavirkja sem kom hingað. Eins og ég gat hann ekkert sjónvarpsmerki fundið í húsinu. Hann labbaði því þangað sem ég stakk ljósleiðaranum í samband með mælitæki og komst að þeirri niðurstöðu að sjónvarpsinntak Símans í Aðalstræti 2 sé bilað.

Þetta tók rúmt korter og kostaði mig sjö þúsund kall, eða nánar tiltekið sex þúsund og tvö hundruð krónur, sem var allt lausafé sem ég gat fundið í húsinu. (Tvö hundruð kallinn fann ég í regnkápuvasa frú Sólveigar).

Nú hefur Síminn verið látinn vita af þessari bilun á sínu dreifikerfi.

Af rafeindavirkjanum lærði ég hins vegar hvernig ég get aukið tekjur mínar: Hér eftir tek ég sjö þúsund kall (nótulaust) af öllum aðilum sem hafa samband við mig og vilja að ég vinni eitthvað fyrir sig. Sjö þúsund kall pr. útkall.

**FIMMTUDAGUR, 20. SEPTEMBER.**

### Nýjar ábendingar í Baugsmálinu

Nú er Róman Abramovitsj búinn að reka José Mourinho frá Chelsea og Guðlaugur heilbrigðisráðherra að fjarlægja Alfreð Þorsteinsson úr bygginganefnd hins umdeilda hátæknisjúkrahúss. Maður á eftir að sakna Mourinho. Nýtt hátæknisjúkrahús á Landspítalalóðinni er svona álíka nauðsynlegt fyrir þjóðina og Seðlabankinn.

Af engri ástæðu fór ég að velta því fyrir mér í dag hvort Baugsmálið sé búið, hef ekkert séð um það fjallað í háa herrans tíð. Ætli einhverjir dómarar liggi andvaka út af því og hafi varla þrek til að mæta í vinnuna til að lækka refsingar á nauðgurum og ofbeldismönnum?



Það verður flaggað í hálfa stöng í Seðlabankanum og dómsmálaráðuneytinu ef Jón og Jóhannes verða endanlega sýknaðir. Það er náttúrlega alveg ómögulegt að láta menn sleppa þegar búið er að hafa svona mikið fyrir þeim.

Best gæti ég trúað því að þeir feðgar hafi annar hvor eða í sameiningu stútað Reynisstaðabræðrum og þaðan séu Baugspeningarnir komnir og síðasta illvirki þeirra hafi verið að ræna hundinum Lúkasi og drekkja honum í pytti einhvers staðar fyrir norðan.

Hvernig er það, býr ekki Jóhannes á Akureyri? Það er fyrir norðan. Þetta þyrfti Ríkislögreglustjóri endilega að rannsaka.

Talaði við einhvern á Símanum um hvenær breiðbandið kemst aftur í lag þannig að hægt verði að horfa á sjónvarp. Fékk þær upplýsingar að það væri verið „að skoða“ þetta mál. Sem sagt toppþjónusta. Á sunnudaginn geta þeir sem hafa sjónvarp horft á Man. United leika við Chelsea!




BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR
KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI
30-40% AFSLÁTTUR !
BÓNUS
40%
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
605 KR/KG.40% AFSLÁTTUR 363 KR/
40%
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
299 KR/KG 40% AFSLÁTTUR 180 KR/KG.
Holta-kjúklingur
40%
HOLTA HÁLFÚRBEINUÐ- KJÚKLINGALÆRI
1000 KR/KG. 40% AFSLÁTTUR 599 KR/KG.
BÓNUS KJÚKLINGUR
275
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR
275 KR/KG 30% AFSLÁTTUR 275 KR/KG.
KRAFT
1298
KRAFT FROSNAR ÍSLENSKAR KJÚKLINGABRINGUR
40% AFLSÁTTUR 1298 KR/KG. 2163 KR/KG.
844
KS FERSKT LAMBALÆRI 1298 KR/KG
35% AFSLÁTTUR 844 KR/KG
Coca-Cola zero
89
COKE ZERO
2 LÍTRAR
1049
KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR
1398 KR/KG. -25% AFSLÁTTUR 1049 KR/KG
Coca-Cola light
89
COKE LIGHT
2 LÍTRAR
BÓNUS
LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAG: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGUR: 12.00 TIL 18:00

NICK CAVE ER FIMMTUGUR Í DAG.



*„Að ganga í hjónaband er það besta sem ég hef gert um dagana. Ég var allt í einu gagntekinn af þeim létti sem fylgdi þeirri uppgötvun að við eigum okkur mikilvægara hlutverk en okkur sjálf og það er hjónabandið. Því fylgir feikileg hamingja.“*

***Ástralski listamaðurinn Nick Cave er þekktastur sem aðalsprauta Nick Cave and the Bad Seeds. Hann hefur unnið með íslenska leikhópnum Vesturporti.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. SEPTEMBER 1957

## *Árbæjarsafn opnað með viðhöfn*



Þennan dag, fyrir hálfri öld, var Árbæjarsafn, minjasafn Reykjavíkur, formlega vígt og opnað almenningi við hátíðlega athöfn. Safninu var fundinn staður í landi Árbæjar, norðan Elliðaáa. Bráðabirgðaviðgerð fór fram á bæjarhúsum í Árbæ áður en safnið var opnað, en búið var í bænum til ársins 1948. Árbær hafði einnig verið vinsæll áningarstaður ferðamanna á leið til og frá Reykjavík áratugina á undan.

Þegar safnið var opnað voru þar skráðir 800 safngripir. Miklu safni minjagripa og muna hafði verið safnað saman svo hægt væri að stofna það sem reyndist vera vísir að byggðasafni Reykvíkinga og á opnunardaginn bárust safninu margar góðar gjafir.

Fyrsti forstöðumaður Árbæjarsafns var Lárus Sigurbjörnsson, skjala- og minjavörður Reykjavíkur, en Lárus var einmitt aðalhvatamaður að stofnun safnsins.

Seinna voru flutt að Árbæjarsafni söguleg hús og tæki frá Reykjavík og unnt að skoða þróun byggingarlistar, híbýla og atvinnusögu höfuðborgarinnar á þessum fagra stað þar sem tíminn virðist standa í stað og sveitakyrrðin ræður ríkjum yfir Reykjavík fortíðar.

**MERKISATBURÐIR**

**1699** Íbúar Rotterdam fara í verkfall vegna okurverðs á smjöri.
**1862** Lincoln Bandaríkjaforseti tilkynnir frelsun þræla.
**1910** Fyrstu flugvél Breta flogið.
**1930** Fyrsta sæluhús Ferðafélags Íslands tekið í notkun.
**1955** Auglýsingasjónvarp byrjar á Englandi.
**1968** Írak fær sína fyrstu stjórnarskrá.
**1985** Tvö þúsund farast í jarðskjálfta í Mexíkó.
**1992** Fyrstu Ólympíuleikum þroskaheftra lýkur í Madríd. Íslenskt sundfólk hlaut 21 verðlaun.
**1997** Elton John gefur út Candle in the Wind í minningu Díönu prinsessu af Wales.

**IÐJUÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS:** VIGTAR SKÓLATÖSKUR Í GRUNNSKÓLUM LANDSINS

# Skólar eru vinnustaðir barna og góð heilsa skiptir sköpum

Í komandi viku stendur Iðjuþjálfafélag Íslands fyrir skólatöskudögum undir yfirskriftinni „Létta leiðin er rétta leiðin“.

Þá heimsækja iðjuþjálfar yfir fjörutíu grunnskóla víðs vegar um land til að fræða börn um rétta notkun skólatöskunnar og rétta líkamsbeitingu í forvarnarskyni.

„Stoðkerfisvandi barna og ungmenna er vaxandi vandamál, og forvarnir geta bætt líðan þeirra,“ segir Hólmdís Freyja Methúsalemsdóttir iðjuþjálfi, en skólatöskudagar eru nú haldnir þriðja árið í röð.

„Upphaf skólatöskudaga má rekja til heimsóknar bandaríska kennarans Karenar Jacobs sem er upphafsmaður Back Pack Awareness Day í Bandaríkjunum sem ávallt er haldinn þar ytra í september. Karen kom til Akureyrar árið 2005 og fékk þá nokkra iðjuþjálfa til að vigta skólatöskur í grunnskólum. Eftir það var ákveðið að halda skólatöskudaga árlegan á Íslandi,“ segir Hólmdís og bætir við:

„Við sjáum að börn eru mjög oft með töskurnar vitlaust stilltar og nýta ekki möguleikana sem töskurnar bjóða. Tildæmis stillingu á axlaböndum, band yfir bringu, brjóst, og mjaðmabönd. Þá er mikilvægt að skólataskan sitji vel, sé í réttri stærð og að þunginn dreifist yfir bakið,“ segir Hólmdís og bætir við að börn séu þakklát fræðslunni.

„Þau eru mjög áhugasöm og það eru margar hendur sem fara á loft þegar spurt er um bakverki og höfuðverk. Við vigtum töskurnar, en þær mega ekki vera þyngri en tíu til fimmtán prósent af líkamsþyngd. Þá upplýsum við börnin um hvernig best sé að raða í töskuna og sendum foreldrum áminningu um að vera vakandi yfir hvað sé í skólatöskum barna sinna því oft eru þau daglega að bera þungar bækur sem notast bara einu sinni í viku. Best er að setja þyngri bækur aftast í töskuna og sem minnst í framhólfin til að ná bestum þyngdarpunkti,“ segir Hólmdís og hvetur foreldra til að láta börn ganga í skólann, en gæta þess um leið að skólataskan sé rétt valin og rétt stillt.



**HJÁLPLEG BÖRNUM** Hólmdís Freyja Methúsalemsdóttir iðjuþjálfi er ein margra sjálfboðaliða í Iðjuþjálfafélagi Íslands.. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Best væri að hafa iðjuþjálfa í föstum stöðum í öllum grunnskólum landsins, en enn sem komið er hafa sveitarfélög landsbyggðarinnar sýnt því mestan skilning. Skólar eru vinnustaðir barnanna og miklu skiptir að huga vel að þeim og þeirra heilsu. Iðjuþjálfar starfa á fjölbreyttu sviði og gera mikið gagn í skólum við aðstoð á réttri vinnustöðu, félagsfærni, aðgengismálum, færnisvanda í skrift, þroska og hegðun, svo fátt sé upptalið. Þeir vinna að því að styrkja einstaklinga í daglegum athöfnum svo frammistaða og þátttaka þeirra sé með besta móti.“

**thordis@frettabladid.is**

---

†

*Einlægar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Sigþrúðar Pálsdóttur**
ljósmóður frá Eyjum, Kaldrananeshreppi.

**Halldór Hjálmarsson**
**Steinunn Halldórsdóttir** **Einar Steingrímsson**
**Hjálmar Halldórsson** **Rún Halldórsdóttir**
**Páll Halldórsson** **Stella Óladóttir**
**Örn Halldórsson** **Ingibjörg Bryndís Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur G. Pétursson**
ökukennari, áður Lindargötu 61,

sem andaðist á líknardeild Landspítala Landakoti 13. september sl., verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 25. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Líknarsjóð Landakots í síma 543 9890.

**Esther Guðmundsdóttir** **Björgvin Jónsson**
**Sigríður Guðmundsdóttir** **Kristján Eysteinsson**
**Pétur Steinn Guðmundsson** **Anna Toher**
**Helga Dögg Björgvinsdóttir** **Bjarni Hauksson**
**Ragnheiður Björgvinsdóttir** **Jóhannes Andri Kjartansson**
**Róbert Orri Pétursson**
**Ragnheiður Merima Kristjánsdóttir**
**Úlfur Kristjánsson**
**Björgvin Haukur, Inga Sif og Atli Þór.**

---

†



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Hjördísar Rögnu Þorsteinsdóttur**
Lyngbergi 37, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir góða umönnun.

**Georg Ragnarsson**
**Friðbjörn Georgsson** **Margrét Ingólfsdóttir**
**Hildur Georgsdóttir** **Hlynur Árnason**
**Ingólfur Már, Hjördís Ragna, Ingibjörg og Thelma.**

---



†

*Okkar ástkæri*

**Haukur Guðmundsson**
frá Kvígindisfelli, Austurbrún 4, Reykjavík,

andaðist á Landakotsspítala 19. september sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, fimmtudaginn 27. september kl. 13.00.

**Systkini hins látna og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Útför okkar ástkæru*

**Svövu Magneu Þórðardóttur**
Mánatúni 2,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 13. september sl., verður gerð frá Háteigskirkju mánudaginn 24. september kl. 15.00. Hjartans þakkir til lækna og alls starfsfólks deildar A6 fyrir frábæra umönnun. Þökkum öllum þeim sem hafa hjálpað okkur og stutt á erfiðum tímum.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar og annarra ættingja**

**Magnús Stefánsson** **Halla Stefánsdóttir**
**Þorleifur V. Stefánsson**

---

AFMÆLI

**RAGNAR BJARNASON** SÖNGVARI ER 73 ÁRA.



**JOAN JETT** SÖNGKONA ER 49 ÁRA.



---


**Kæru vinir v/ 50 og 60 á árinu.**



Öllum sem komu og glöddu okkar geð gæfu til framtíðar hjarta.
Spilurum, kokkum og vinunum vel velgjörðir þökkum af hjarta.

**Sigurbjörg og Sveinn**
Galtalæk 2
Landsveit.

SALA ÚTSALA ÚTSALA

# ÚTSALA UM LAND ALLT

## Handklæðaofnar



30% AFSLÁTTUR

## Frystikista



32.999

**Frystikista, Frigor**
182 ltr. 89,5x73x64,5 sm, hraðfrystikerfi
1805486



1.999

**Stingsög, DWT**
550W, framkast, hraðastilling
5245277

3 rafhlöður



12.999
~~19.995~~

**Hleðsluborvél, Hitachi**
12V, 3 rafhlöður 1,4 Ah, ljós og bitasett fylgir með, allt í tösku
603400



799
~~1.595~~

**Skrúfjárnasett, Toolux**
22 stk.
5010138

## Reiðhjólahjálmar



599



790 kr/m²

**Plastparket, eik/hnota** Tarkett
7mm ,1.290x192 mm
146878/146877

## Öll málning



25% AFSLÁTTUR

Við berjum niður verðið!

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# Ég er hversdagsmanneskja

**Helga Sverrisdóttir** er ekki óvön því að halda heimili með þjóðþekktum einstaklingum; fyrst sem dóttir eins ástsælasta barnabókahöfundar okkar og síðar meir í hjónabandi með einum helsta athafnamanni landsins. Hún er þó síður en svo viðhengi heldur „afskiptasöm“ kona, að því er hún segir sjálf, hefur óbilandi áhuga á eigin börnum sem annarra, sem hefur leitt hana í stjórnarformennsku hjá Hjallastefnunni ehf. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ræddi við Helgu um ágæti hversdagsleikans, skyrslettur og heimabuxur.

Líkar? Ég held mér finnst börn jafnskemmtileg og mömmu fannst og finnst börn. En að öðru leyti held ég að við séum fremur ólíkar,“ svarar Helga spurð hvort hún og móðir hennar, Guðrún Helgadóttir, séu af sama meiði. Hún gengur jafnvel það langt að fullyrða að í sinni „hippafjölskyldu“ hafi hún nánast stungið í stúf sem ofurborgaralega barnið.

**Hippamamma**

Hippafjölskyldan, sem Helga kallar svo, bjó í húsi við Skaftahlíð árið sem Helga fæddist, 1968. Þar var hún næstyngst fjögurra systkina en faðir hennar, Sverrir Hólmarsson, sem lést árið 2001, starfaði sem enskukennari og þýðandi. Heimilislífið var fjörugt þar sem einungis voru tvö ár á milli þriggja yngri systkinanna. Uppeldið var frjálslegt og stundum helst til frjálst og hippalegt að mati Helgu. „Auðvitað sér maður frábæru hliðarnar á því í dag en ég man að ég skammaðist mín oft þegar mamma kom til dæmis með ostabakka og kertaljós inn í herbergi til mín þegar vinirnir voru í heimsókn. Þeir voru alltaf velkomnir á heimilið og ég man að mamma var dugleg að spjalla við okkur og það var oft margt um manninn í kvöldmat. Vinir okkar, ættingjar, fjölskyldan og svo bara þeir sem duttu inn. Jú, kannski ekki svo ósvipað og í bókunum um Jón Odd og Jón Bjarna og hálfgerð Soffía frænka passaði okkur. En mér fannst samt stundum fullmikil lausung á hlutunum og man að ég dauðöfundaði vinkonur mínar úr Garðabæ sem ég kynntist í MR af því hvað þær ættu borgaralegt líf. Þær aftur á móti öfunduðu mig brjálæðislega af því hvað ég átti „líbó“ mömmu. Kannski þess vegna var ég svolítið erfiður unglingur. Svona er þetta – grasið virðist oft vera grænna hinum megin.“

**Fór eigin leiðir**

Helga náði þannig, í sinni litlu einkaborgaralegu uppreisn, að skrá sig úr Alþýðubandalaginu á unglingsárum, flokknum sem fjölskyldumeðlimum var rúllað inn í hér um bil beint af vöggustofunni. Ólíkt systkinunum hélt hún svo í MR í stað MH að loknum grunnskóla og setti svo punktinn yfir i-ið með því að sitja í stúdentaráði fyrir Vöku. „Ég var nú samt ekki borgaralegri en svo að ég lét til að mynda ekki ferma mig. Ég hafði sterkar skoðanir og þrætti og þræti enn reglulega við mömmu um hin og þessi mál – það verður alltaf þannig en breytir því ekki að við erum miklir mátar og í miklu sambandi. Þegar ég var með fullt hús af litlum börnum kom hún næstum daglega og við erum þannig stórfjölskylda – sem hjálpast að.“

Undir lok grunnskólanáms skildu foreldrar Helgu og Guðrún flutti í Vesturbæinn með börnin, sumarið áður en Helga hóf nám í MR. „Framhaldsskólaárin eru frábær minning. Við vorum þarna nokkur í afskaplega litríkri og skemmtilegri klíku og vorum lítt að hugsa um veraldlega hluti. Við vorum alltaf að skipuleggja eitthvað og standa fyrir uppákomum og mínir bestu vinir í dag eru frá þessum tíma.”

Helga, staðráðin í að verða kennari eða leikkona, fór á nýmálabraut en með skólanum var hún jafnframt að vinna á elliheimilinu Grund. „Mér fannst það óskaplega gaman og jú, það er rétt að umönnunarstörf hafa alla tíð átt vel við mig. Ég var alltaf að passa börn og er auðvitað enn að því – með mín eigin fjögur og svo aukabörn. Svona hefur þetta bara alla tíð verið. Fullt hús af fólki og þannig vil ég hafa það. Kannski er það mitt afskiptasama eðli að ég þarf alltaf að vera að vesenast í öllu, hvort sem er að gegna formennsku í foreldrafélaginu hér á Seltjarnarnesi eða skamma fólk sem hendir rusli á göturnar. Þetta virðist vera mér í blóð borið og mamma var svo sem líka svona. Ég man hvað ég skammaðist mín mikið þegar hún var að skipta sér af svipuðum hlutum þegar ég var yngri,“ segir Helga og hleypur í því til og opnar fyrir vinum elsta sonar síns og býður í bæinn. „Tómas er ekki kominn, en komið bara inn.“ Bætir svo við þegar hún er sest: „Mér finnst að foreldrar eigi að sýna skóla- og foreldrastarfi áhuga og hafa þannig áhrif í þágu barna sinna og síns nánasta samfélags.“

> Mér fannst samt stundum full mikil lausung á hlutunum og man að ég dauðöfundaði vinkonur mínar úr Garðabæ sem ég kynntist í MR af því hvað þær ættu borgaralegt líf. Þær aftur móti öfunduðu mig brjálæðislega af því hvað ég átti „líbó“ mömmu.

**Endaði ekki einhleyp í Afríku**

Hvort sem það var umönnunargenið, afskiptasemin eða sitt lítið af hvoru, steig Helga hvorki á fjalirnar né fór í Kennaraháskólann. Þess í stað varð hjúkrunarfræði fyrir valinu. Og þar hittust þau Bjarni – í Háskóla Íslands. „Á þeim tíma var ég handviss um að það ætti ekki fyrir mér að liggja að verða gift kona og eignast börn. Ég var 22 ára, hafði ekki verið í föstu sambandi og var farin að lesa viðtöl við konur í Nýju lífi sem bjuggu einar og fann til mikillar samsvörunar



**HVERSDAGSMANNESKJA** Helga Sverrisdóttir segist vita fátt betra en hversdaginn og telur hann gróflega vanmetinn í lífinu. Þar af eru mánudagar bestir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ➜ HVAÐ SEGJA ÞEIR NÁNUSTU?

**Mamman, Guðrún Helgadóttir**

Helga hefur alltaf verið með báða fætur á jörðinni og ef systkini hennar fóru mikið á flug dró hún þau aftur niður á jörðina. Hún átti það til að vera stríðin og sjá spaugilegu hliðarnar á öllu. Einhvern tímann áttum við hamstur og einn góðan veðurdag dó hamsturinn. Halla, dóttir mín, sem er afar rómantísk og tilfinningarík, ákvað að halda jarðarför í garðinum. Ég kom greyinu fyrir í hylki utan af ljósaperu og svo upphófst hátíðleg athöfn í garðinum. Halla ákvað að lesa ljóð eftir Jónas Hallgrímsson og í miðjum lestri segir Helga: „Það er alveg eins og hann heiti herra Osram.“ Þar fór hátíðleiki stundarinnar lönd og leið og þessi saga finnst mér lýsa Helgu ansi vel. Helga er mikill dugnaðarforkur, góð móðir og eiginkona og afskaplega vönduð manneskja þótt ég segi nú sjálf frá. Ég held hún ætti nú bara að fara á þing, hún er svo skipulögð, skynsöm og vel gefin. Og það vantar svoleiðis konur á þing.



með þeim,“ segir Helga kímin. „Ég ætlaði bara að fara til Afríku, vinna í þróunaraðstoð og vera einhleypi hjúkrunarfræðingurinn.“ En það var háskólapólitíkin sem greip í taumana og gerði það að verkum að Helga er ekki stödd í Afríku um þessar mundir. „Við Bjarni kynntumst í háskólapólitíkinni. Hann kom í heimsókn til mín í kjallarann á Túngötunni til að fá mig á lista hjá Vöku en fór síðan bara ekkert aftur heim! Við fundum strax að við áttum vel saman þótt við séum ekkert ægilega lík í okkur, en hann er nú reyndar engum líkur.“

Eftir námið starfaði Helga sem hjúkrunarfræðingur í eitt ár en síðan þá hefur hún ekkert unnið við fagið. „Annað tók fljótt við og í dag sæi ég það ekki ganga upp að vinna vaktavinnu. En ég verð samt alltaf hjúkrunarfræðingurinn og það er frábært að eiga þetta nám að baki, það var mikil gæfa í mínu lífi að velja þessa leið og ég hugsa að eitthvað úr þessu námi nýtist manni á hverjum einasta degi. Maður er alltaf að reyna að hafa áhrif á heilbrigði og heilsu annarra þannig að þetta er einhvern veginn hluti af manns karakter. Og svo er ég í saumaklúbbi með frábærustu hjúkkum í heimi!“

**Stjórnarformennska fyrir ári síðan**

Úr hjúkrunarfræðikaflanum fer umræðan á bólakaf í fen heilbrigðiskerfisins. Helga hefur sterkar skoðanir á því, bæði um að sjálfstætt starfandi aðilar ættu að fá að koma að rekstri hjúkrunarheimila og sambýla og varðandi laun heilbrigðisstarfsfólks, sem henni finnst að þurfi ekki einu sinni að ræða meira að séu of lág. „Ég segi stundum að það ætti að „Hjallavæða“ heilbrigðiskerfið. Ég sé alveg fyrir mér að fengju sjálfstæðir aðilar að taka yfir reksturinn á sumum af þessum stofnunum gæti starfsfólkið haft mun meira um sinn vinnustað að segja.“ Hún gefur líka lítið fyrir þá umræðu að þá verði allt er viðkemur heilbrigðisþjónustunni svo dýrt. „Það er hvort eð er varla hægt að hreyfa sig innan heilbrigðiskerfisins án þess að borga háar fjárhæðir fyrir hvers kyns þjónustu eða lyf.“

Helgu er Hjallastefnan vel kunnug en fyrir ári tók hún að sér að gegna stjórnarformennsku hjá Hjallastefnunni ehf. og er hún í dag hluthafi í fyrirtækinu, sem hafði þar til þá verið í einkaeigu Margrétar Pálu Ólafsdóttur. „Rekstur fyrirtækisins hafði undið upp á sig og ábyrgðin var orðin fullmikil fyrir eina manneskju að bera. Auk þess þurfti að fjármagna viðbyggingu við barnaskólann á Vífilstöðum en sú viðbygging varð til þess að nokkrir hluthafar komu inn í Hjallastefnuna. Margrét Pála á þó auðvitað ennþá langstærsta hlutann í fyrirtækinu, en fleiri hluthafar væru kærkomnir.“ Í stjórninni eru auk Helgu þau Inga Lind Karlsdóttir, Halla Tómasdóttir, Þór Sigfússon, Guðmundur Kristjánsson og Halldór Hafsteinsson. „Starfsfólk Hjallastefnunnar þurfti að vísu enga aðstoð við sjálft skólastarfið því þar er unnið frábært starf en hins vegar voru ýmis mál sem þurfti að leggja orku í sem vörðuðu framtíð og vöxt fyrirtækisins, sem við höfum þá frekar verið að vinna að. Það er mikilvægt fyrir hugsjónafyrirtæki eins og Hjallastefnuna að á bak við hana séu aðilar sem með vinnu og fjármagni geti stutt við þá sýn að bjóða upp á Hjallastefnuna sem valmöguleika.“

**Eftirtektarverður kærleikur**

En af hverju heillaðist hjúkrunarfræðingurinn á Seltjarnarnesi svo af Hjallastefnunni? Helga nefnir þar fyrst þá virðingu sem börnum í skólum Hjallastefnunnar er sýnd. „Skólinn er rekinn áfram af gríðarlegum kærleik til barnanna ekki síður en fagmennsku. Börnin eru höfð í fyrirrúmi og starfsfólkið kemur fram við þau eins og það eigi þau sjálft. Ég hafði auðvitað haft veður af því að Margrét Pála væri stórkostleg manneskja en það var samt ótrúleg upplifun að ganga í gegnum skólana með henni, horfa á hvernig hún dreifir gleði í kringum sig og sjá börnin hænast að henni. Þau hlaupa til hennar og faðma hana. Ég hafði heldur ekki gert mér grein fyrir því að það væri svona stór hópur af frábæru fólki að starfa með henni og starfsandinn er þannig að manni finnst eins og allir séu að gera það sem þá langar allra mest í lífinu,“ segir Helga og bætir við að gildin sem þar séu kennd mætti innlima í alla uppfræðslu í þjóðfélaginu almennt. „Mikið er lagt upp úr vináttu og virðingu auk þess sem námið er að miklu leyti bókalaust og óhefðbundið þar sem sköpun fær að vera í fyrirrúmi. Á mínu heimili eru til fleiri leikföng en á öllum leikskólum Hjalla til samans og því eru það óneitanlega viðbrigði að koma fyrst á leikskólana. En hugsunin er að það sé ekki mikið sem trufli hug barnanna; þau leika sér mikið með kubba og form og ímyndaraflið er í hávegum haft. Þau fá til að mynda autt blað til að teikna á frekar en fyrirframgerða mynd sem þau eiga að lita inn í. Það er margt sem er aðdáunarvert í þessari stefnu sem Margrét Pála hefur unnið eftir síðastliðin átján ár og stórkostlegt að sjá hvernig kærleikurinn er þjálfaður upp á milli barnanna í stað þess að reynt sé að grípa til hans þegar eitthvað bjátar á og þau fara að rífast.“

En er stefnt að heimsyfirráðum? Að innleiða Hjallastefnuna í sem flesta leikskóla og skóla landsins? „Nei, en valfrelsi er málið. Það væri gaman ef Hjallastefnan væri alltaf valmöguleiki, sem og aðrar stefnur í leik- og

**Framhald á næstu opnu**

## ➜ HVAÐ SEGJA ÞEIR NÁNUSTU?



**Samstarfskonan, Margrét Pála Ólafsdóttir**

Helga Sverrisdóttir er ótrúlega frjó og skemmtileg manneskja. Hún er eðlismanneskja, sem er mikið lofsyrði, en mjög frjó í hugsun og óhrædd við að skoða hlutina frá nýju sjónarhorni. Það finnst mér ótrúlega flott. Það er gott að vinna með henni að málum sem tengjast líðan og hamingju fólks, barna í þessu tilviki, því hún er svo mikill húmanisti og með inngróna mannvirðingu. Fyrir okkur Hjallastefnufólk var það algjört happadæmi að kynnast henni og fá hana með í kompaníið, enda nefni ég hana frú stjórnarformann af mikilli gleði. Hún hefur sett sig mikið inn í okkar mál, gefið sér góðan tíma og stutt okkur mikið. Helga er snarvirk og eyðir aldrei óþarfa tíma í bull, hún bara segir og gerir.



(R) TM/MC Interbrew S.A.



**BÖRN OG BURA** Benedikt, níu ára, og Tómas, þrettán ára, með mömmu sinni við eldhúsborðið en auk þeirra eru í barnaskaranum tvíburasystir Benedikts, Helga Guðrún, og Auður, þriggja ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Bjarni tekur stríðni vel og við hlæjum mikið saman. Við reynum að taka sjálf okkur ekki of hátíðlega og sjá spaugilegu hliðarnar á tilverunni. Það er svo gott að vera glaður og það smitar frá sér.

grunnskólastarfi. Og það sýnir sig á biðlistum Laufásborgar, sem er eini Hjallaleikskólinn í Reykjavík, að þeir eru mjög margir sem myndu velja þann kost. Eins og stendur eru níu leikskólar og þrír barnaskólar á okkar snærum með 1.200 börnum í og á þriðja hundrað starfsfólks. Einnig rekum við skóla fyrir réttindalaust Hjallastefnustarfsfólk í samvinnu við Fjölbraut í Garðabæ. Þetta fyrirtæki á engar eignir þótt auðvitað væri það draumurinn að geta átt húsnæði skólanna í framtíðinni en þangað til erum við upp á sveitarfélögin komin með slíkt. Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Garðabæ hafa á undanförnum árum verið ótrúlega framsýn hvað þetta varðar og áhugi Reykjavíkurborgar hefur aukist verulega að undanförnu. Það liggur því í hlutarins eðli að við höfum getað boðið upp á Hjallaskóla í þeim bæjarfélögum sem hafa greitt götu okkar.“ Nú síðast opnaði Hjallastefnan leikskóla og barnaskóla á svæði Keilis við Keflavíkurflugvöll og Helga segir að draumurinn sé að fara í samstarf við Háskólann í Reykjavík og byggja Hjallaskóla í tengslum við nýja háskólabyggingu í Vatnsmýrinni.

### Vil ekki missa af fjörinu

Í nægu öðru en Hjallastefnu er að stússast fyrir Helgu og svo skemmtilega vill til að strúktúr fjölskyldunnar á Seltjarnarnesinu er næstum sá sami og í bókunum um Jón Odd og Jón Bjarna. Elsti strákurinn er að verða táningur, níu ára tvíburar eru á heimilinu og svo er það yngsta barnið sem er þriggja ára.

Helga er síður en svo ósátt við samlíkinguna og segist halda mikið upp á mánudaga, sem hún telur gróflega vanmetna í lífinu. „Ég er alger hversdagsmanneskja. Ég elska heimabuxur og skyrslettur, nýja vinnuviku og að setjast niður við matarborðið á kvöldin með börnunum, aukabörnunum, ættingjunum og hverjum þeim sem rekur inn nefið. Þetta er svolítið eins og á brautarstöð.“ Helga segist hræðast það að færi hún út á vinnumarkaðinn í niðurnjörvaðan vinnutíma myndu hún missa af öllu gamaninu. „Mér finnst börnin mín og vinir þeirra nefnilega svo ótrúlega skemmtileg. Ég er oft með 10-12 börn hér heima samtímis þar sem maður ristar brauð og hitar núðlusúpur ofan í gengið til skiptis. Ha, ha, nei, ég er reyndar ekki að fara inn með ostabakka til þeirra. En ég reyni samt að „taka mömmu á þetta“ og vera ekki kerling í mér. Leyfa þeim að leika sér í stofunni og ekki vera æpandi, nýbúin að skúra! Þó það geti auðvitað komið fyrir.“

### Lottó-Lýður

Helga hefur kankvísan og kaldhæðinn húmor og sá sem fær hvað mest að kynnast honum er eiginmaðurinn sjálfur. Sögur ganga um bæinn að hún stríði Bjarna óspart og kalli hann Lýð í höfuðið á Lottó-Lýð. Hún viðurkennir að geta oft ekki setið á sér og hnýti jafnt í hann sem og að grínast með sjálfa sig. „Bjarni tekur stríðni vel og við hlæjum mikið saman. Við reynum að taka sjálf okkur ekki of hátíðlega og sjá spaugilegu hliðarnar á tilverunni. Það er svo gott að vera glaður og það smitar frá sér. Gleðin þarf að fá að blómstra og Bjarni er þannig – glaður og ósérhlífinn – og hann kenndi mér fljótt að maður á ekki að gera meiri kröfur til annarra en maður gerir til sjálfs sín. Hann lifir eftir því.“

En er ekkert farið að hægjast um eftir að Bjarni hætti sem forstjóri Glitnis og fór í nýtt starf? „Nei, það er reyndar ekki svo. Og ég er fegin að Bjarni er farinn að vinna aftur. Við erum 38 og 39 ára gömul og á þessum aldri er hreinlega óeðlilegt að fólk hafi ekki mikið fyrir stafni. Mér finnst það einfaldlega tilheyra þessu æviskeiði að maður vakni svolítið þreyttur og fjörið byrji snemma. Við erum með fullt hús af börnum og þannig á það að vera. Ég er engin prinsessa og ég þrífst á því að þetta sé ákveðið álag og þá held ég einmitt að það verði svo notalegt þegar fer að hægjast um á efri árum. En þangað til vona ég svo sannarlega að verði hasar.“

## ➜ HVAÐ SEGJA ÞEIR NÁNUSTU?



**Bróðirinn, Þorvaldur Sverrisson**
Helga er fyndin og líklega fyndnust af okkur systkinunum. Þetta hafði kosti og galla í gamla daga. Ég var til dæmis mikill áhugamaður um skipulagsmál á heimilinu og vildi halda reglulega fjölskyldufundi en Helga leysti þá grafalvarlegu fundi alltaf upp með fíflagangi. Henni leiddist alveg rosalega að ræða skipulag á hillum, skiptingar á herbergjum, vasapeninga og slíkt. Þar af leiðandi var aldrei fundarfært fyrir flissi og vitleysisgangi í henni. Hún segir skemmtilega frá og fór snemma út í bókaútgáfu. Líklega var hún átta ára þegar hún skrifaði sinn fyrsta bókaflokk, þriggja binda verk um Erp og Grasa. Þetta voru ansi fínar bækur sem hún seldi dýrum dómum. Helga er dálítið hégómleg og hún vildi til dæmis ekki viðurkenna að hún væri nærsýn eins og restin af fjölskyldunni og sat því alltaf fremst í bíó, gleraugnalaus. Líkt og mamma er hún hrikalega stríðin og hún notaði háþróaðar aðferðir til að stríða manni. Hún var fljót að finna út hvaða takka þurfti að ýta á enda vel gefin og fljót að hugsa. En hún er sérstaklega örlát manneskja og góð stelpa þó að hún eigi til að vera dálítið skapstór.

## ➜ HVAÐ SEGJA ÞEIR NÁNUSTU?

**Menntaskólavinkonan, Margrét Jónasdóttir**
Helga er stórskemmtileg og sér alltaf fyndnu hliðarnar á málunum. Um leið er hún þó mjög raunsæ, fljót að hugsa og horfist blákalt í augu við daglega lífið og stareyndir mála. Ef maður deilir með henni vandamálum dagsins segir hún manni kannski það sem maður vill ekki heyra en er samt rétt í stað þess að klappa manni á bakið og segja það sem þægilegast væri að heyra. Þegar við vorum í menntó vorum við fæst að vinna með skólanum en Helga var alltaf dugnaðarforkurinn sem vann á elliheimili með skóla, enda er endalaus kraftur í henni. Hún vílar ekki fyrir sér að hafa alla í mat, hvort sem það eru hennar eigin börn eða annarra, og hús hennar er alltaf opið.





# Já, við erum hreykin enn og aftur!

**PHILIPS** VINNUR **EISA** VERÐLAUNIN 2007-2008 FYRIR **HÁSKERPU FLATSKJÁ** OG **HEIMABIÓKERFI**

Hin virta dómnefnd óháðra blaðamanna frá European Imaging & Sound Association (EISA) hefur veitt **Philips** viðurkenningu fyrir tækniþróun og nýsköpun á sviði afþreyingartækni fyrir heimili með tveimur eftirsóttum tækniverðlaunum.

**European Full-HD LCD-TV 2007-2008**
„...skilar hreint ótrúlegum gæðum í fullri **High Definition** upplausn. Jafnvel fíngerðustu smátriði eru skýr og greinileg í 1920x1080p upplausn. Öll hreyfing er skýrari og eðlilegri með hjálp hinnar framúrskarandi **Perfect Pixel HD Engine** myndtækni frá **Philips**", eins og segir í skýrslu **EISA** nefndarinnar um **47PFL9752D**.



EISA AWARD
Best Product 2007-2008
FULL-HD LCD-TV
Philips 47PFL9732D

47PFL9732D



EISA AWARD
Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100

HTS8100

**European Home Theater Compact System 2007-2008**
Ólíkt hefðbundnum heimabíókerfum með aðskildum hátölurum er **HTS8100** grundvallað á **Ambisound** tækninni frá **Philips** sem skilar alvöru 5.1 rása hljóðgæðum úr einu sambyggðu tæki.

**EISA dómnefndin lofar hönnunina sérstaklega**
„Þessi hönnun virkar einstaklega vel með flatskjám og skilar öllu sem til er ætlast. Afgerandi heimabíóupplifun".

PHILIPS

Heimilistæki
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

# Börnin stjórna innkaupunum

Börn eru ekki fullgildir neytendur en framleiðendur vilja tryggja framtíðarviðskiptavini auk þess sem þeir vita að blessuð börnin ráða miklu um hvað endar í innkaupakörfum foreldranna. *Karen D. Kjartansdóttir* kannaði málið og komst að því að hér á landi eru líkur á að sætindi og óhollusta hverfi úr augsýn barna úr verslunum og að hætt verði að auglýsa fyrir og eftir barnatímana.



**EITTHVAÐ SEM HEILLAR** Börn reyna oft að hafa áhrif á það sem keypt er í búðarferðum, með væli og voli ef ekki vill betur. Þetta vita þeir sem sjá um markaðsmál og beina því oft auglýsingum að börnum í stað foreldrum. NORDICPHOTOS/GEYTT

Matur sem börn ættu að borða minna af er yfirleitt sá matur sem mest er auglýstur. Það er ekki að ástæðulausu að auglýsingum er beint að börnum. Þau hafa mjög mikið að segja um hvaða vörur enda í innkaupakerrunni.“ Ofangreindar setningar eru úr skýrslu Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar, um langvinna sjúkdóma.

Með nýrri tækni og breyttum lifnaðarháttum hafa ótal nýjar leiðir opnast til markaðssetningar. Eftir stutt innlit blaðamanns á tveimur íslenskum vefsíðum, b2.is og 69.is, sem vitað er að eru að mestu heimsóttar af börnum og unglingum, var hægt að telja samanlagt fimm auglýsingar áfengra drykkja auk fjölda skyndibita- og tækjaauglýsinga.

Í aðeins einni áfengisauglýsingunni hafði verið haft fyrir því að vitna til þess með smáum stöfum í horni að um væri að ræða áfengislausa tegund. Í annarri var hægt að taka þátt í keppni og vinna til peningaverðlauna, í þriðju var hægt að spila leiki og horfa á myndbönd þar sem bjórtegund var í aðalhlutverki. Í þeirri fjórðu var áfengur drykkur auglýstur með skírskotunum til kynlífs en í þeirri fimmtu voru ýmsar tegundir vinsæls léttvíns kynntar.

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segir að eitt helsta vandamál foreldra sem reyna að vera meðvitaðir um markaðsáhrif í kringum börn sín vera í gegnum tækni sem þeir hafa ekki náð sömu leikni í og börn þeirra. Þegar blaðamaður benti henni á síðurnar tvær og auglýsingarnar sem þar mátti finna taldi hún víst að málið yrði skoðað hið fyrsta og hún bendir á að gagnlegt sé fyrir foreldra að kvarta við þá fjölmiðla sem leyfa óæskilegar auglýsingar eða hafa samband við stofnanir og embætti eins og Umboðsmann barna, Talsmann neytenda, Samtök íslenskra auglýsenda eða Lýðheilsustöð.

## Foreldrar fá að ráða

Fyrr í þessum mánuði ákváðu fulltrúar Samtaka verslunar og þjónustu að reyna að hvetja frekar til aukinnar neyslu á hollri matvöru og setja frekari mörk við markaðssókn sem beinist að börnum. Hugmyndirnar þóttu ríma mjög vel við hugmyndir Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda og Margrétar Maríu, umboðsmanns barna, og samráðsferli er þegar farið af stað um málið.

Árangurinn af því gæti verið eftirfarandi: „Að sælgæti og óhollar matvörur yrðu fjarlægðar af stöðum sem sérstaklega eru áberandi fyrir börn,“ segir Gísli. Hann vonast til þess að slíkar breytingar geti orðið strax nú í vetur. Óholl matvara, sem hingað til hefur verið við afgreiðslukassana eða í augnhæð barnanna, gæti því endað á sérstökum stað sem foreldrar geta forðast kæri þeir sig ekki um að kaupa sætindi þá stundina. Suð og tuð barna og foreldra gæti því orðið minna áberandi í verslunum en áður hefur verið.



MARGRÉT MARÍA SIGURÐARDÓTTIR



JÓNÍNA Þ. STEFÁNSDÓTTIR



GÍSLI TRYGGVASON

„Við viljum samt ekki vera sífellt að benda á það sem illa fer heldur einnig styrkja það jákvæða með því að benda á lausnir með því markmiði að aðeins hollustumerkjum verði haldið að börnum í verslunum. Hitt sé eitthvað sem foreldrarnir sjá sjálfir um að taka ákvörðun um að kaupa,“ segir Gísli. Segir hann nálgunina byggjast á því að börn séu ekki fullgildir og jafn sterkir neytendur sem og þeirri staðreynd að á barnsaldri mótast neysluvenjur mjög.

Gísli telur mun vænlegra til árangurs að sjá til þess að þær vörur sem þykja uppfylla ákveðin skilyrði til að teljast hollar geti fengið hollustustimpil heldur en að reyna að láta merkja þær vörur sem teljast óhollar sérstaklega. „Neikvæð merki myndu skiljanlega ekki njóta stuðnings verslana og framleiðenda. Því væri ólíklegt að slíkar merkingar yrðu notaðar nema sérstök löggjöf kæmi til. Ég tel æskilegra að frekar verði notast við leiðbeiningar og samkomulag í þessum efnum,“ segir Gísli. Hann bendir á að góður hollustustimpill gæti orðið framleiðendum og söluaðilum hvatning til að velja frekar að framleiða og selja vörur sem uppfylltu þau skilyrði sem þyrfti til að fá slíka viðurkenningu á vörur sínar. Að minnsta kosti ættu foreldrar auðveldara með að velja sjálfir hvenær börn þeirra fengju sætindi.

Jónína Þ. Stefánsdóttir, matvælafræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að verið sé að fara yfir viðmiðanir um samnorrænt hollustumerki. Slíkt merki telur Gísli sérstaklega eftirsóknarvert það sem markaðurinn virðir ekki alltaf landamæri.

## Löggjöf er þrautalending

„Við viljum að leik- og grunnskólabörn séu frjáls undan markaðsáreiti,“ segir Gísli og nefnir sem dæmi að honum þyki óæskilegt að ung börn séu klædd í fatnað merktum fyrirtækjum. Þá væri best að láta banna allar auglýsingar á þeim tíma sem barnaefni væri í sjónvarpinu. „Það væri hægt að takmarka auglýsingarnar, þannig að aðeins yrðu auglýstar vörur sem ekki eiga að vera óhollar en matið á slíku getur verið flókið og því auðveldast að banna auglýsingar á þeim tíma sem börn eru helst fyrir framan skjáinn,“ segir Gísli. Meðal þeirra sem talsmaður neytenda og umboðsmaður barna hafa hitt vegna þessara hugmynda eru sjónvarpsstjórar hér á landi. „Viðleitni okkar hefur verið að semja við markaðinn. Ef það tekst ekki væri þrautalendingin sú að fara fram á strangari löggjöf en ég tel að samkomulag yrði best til þess fallið að ná árangri,“ segir Gísli.

## Hverju er haldið að börnunum?

Gísli segir einnig að nauðsynlegt sé að setja einhver viðmið fyrir vörur sem nota forskeytið „skóla-“ eða annað sem vísar helst til ungmenna. Fjöldi matvara ber þetta forskeyti svo sem jógúrt og skinka. Slík heiti segir Gísli líkleg til að gefa ungum neytendum þá hugmynd að um sé að ræða holla vöru sem henti börnum.

Sú er þó ekki raunin þegar innihald varanna er athugað. Jógúrtin er mjög sykruð og þegar reglur um kjötvörur eru skoðaðar kemur í ljós að saltaðar og reyktar kjötafurðir sem innihalda aðeins um 50 prósent kjöt verða að hafa forskeyti, svo sem skóla-. „Þarna leiða reglur um innihaldsmerkingar ef til vill óbeint til þess að vörur með minna næringargildi er haldið að börnum,“ segir Gísli.

## Ábyrgð og ávinningur

Framleiðendur og auglýsendur hafa því hugsanlega ekki hagsmuni barna og fjölskyldna í huga í auglýsingum sínum. Það gæti þó breyst til batnaðar með nýjum merkingum og takmörkunum sem nú eru í deiglunni. Að þeirri umræðu hafa ýmsar stofnanir og embætti komið, á borð við Lýðheilsustöð, Umhverfisstofnun, Umboðsmann barna, Neytendasamtökin og Talsmann neytanda.

Vissulega má þó verja markaðsvæðinguna með ýmsu móti og benda á að þegar öllu er á botninn hvolft séu það foreldrarnir sem bera ábyrgð á börnunum. Á vefsíðu Neytendasamtakanna kemur fram að af öllum auglýsingum sem sýndar eru í sjónvarpinu á barnatíma í Bretlandi eru 40 prósent þeirra þeirra matvælaauglýsingar. Það er hærra hlutfall en á öðrum tímum sjónvarpsútsendinga. Þykir þetta til marks um að seljendur matvæla viti vel að börn ráða miklu um það hvað keypt er. Kannanir þar í landi sýna að foreldrar telja almennt að þeir beri ábyrgð á því að börn þeirra fái hollan mat. Skoðanakannanir bresku neytendasamtakanna hafa þó sýnt að 70 prósent vilja að ruslfæðisauglýsingar verði bannaðar.

Málið snertir samfélagið allt enda ber það hitann og þungann af heilbrigðiskerfinu. Í fréttatilkynningu frá Samtökum verslunar og þjónustu frá því í sumar kemur fram að 86 prósent dauðsfalla og 77 prósent sjúkdómsbyrðarinnar í Evrópu árið 2002 mátti rekja til sjúkdóma sem draga má úr með aukinni hollustu og breyttum lífsháttum. Ávinningurinn af því að draga úr slíkri neyslu er því ótvíræður, bæði fyrir einstaklinga og samfélag.

„Það er ekki stefnt að því að taka ábyrgðina af foreldrum eða fullorðnum en ung börn eru ekki fullgildir neytendur og eiga rétt á því að njóta verndar gegn óhóflegu áreiti, sérstaklega þegar um er að ræða vöru sem ekki er holl,“ segir Gísli.

> Við viljum að leik- og grunnskólabörn séu frjáls undan markaðsáreiti.
>
> **GÍSLI TRYGGVASON**
> TALSMAÐUR NEYTENDA

## → BESTU VINIR BARNANNA

Teiknimyndapersónur hafa alltaf heillað börn. Það vita markaðsmenn og að besta leiðin til að ná athygli framtíðarviðskiptavina er í gegnum skemmtilegar fígúrur sem börnin læra að þekkja. Þau læra jafnvel að syngja með þeim lítil auglýsingastef um gæði vörunnar sem teiknimyndahetjan tengist. Alræmdasta fyrirtækjapersónan sem ætlað hefur verið ætlað að gleðja börn er Joe Camel.

Vingjarnlega en strompreykjandi kameldýrið leit fyrst dagsins ljós hjá sígarettuframleiðandanum R. J. Reynolds í kringum 1950. Lítið fór þó fyrirþví fyrr en líða tók að 75 ára afmæli sígarettutegundarinnar Camel í byrjun níunda áratugarins en þá hafði hún fengið það orðá sig að vera fyrir gamla karla.

Markaðsmenn leituðu leiða til að breyta þeirri ímynd og rykið var dustað af gamla kameldýrinu.




Joe Camel heillaði lítil börn frá fyrstu stundu og í rúm tíu ár fékk Joe að skemmta þeim óáréttur í nafni samnefndra sígarettutegunda. Árið 1991 runnu þó tvær grímur á menn. Viðamikil könnun sýndi að fleiri fimm til sex ára börn þekktu Joe heldur en Mikka mús og Fred Flinstone. Þá kom einnig í ljós að Camel-sígarettur voru orðnar ein vinsælasta sígarettutegund hjá unglingum sem snemma höfðu lært að meta vörumerkið í gegnum Joe.

Árið 1997 var framleiðandanum gert notast aðeins við ferfætt hefðbundið kameldýr í vörumerki fyrirtækisins, teiknimyndaútgáfan hafði heillaði börn of mikið.

Í 8. grein laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins segir meðal annars: Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðlar. Deila má um hvort mörgæsin Georg frá Glitni sem syngur og trallar með krökkunum á DVD-diskunum Söngvaborg uppfylli ofangreind skilyrði og fleiri dæmi má telja. Öll eru þó góðum eiginleikum gætt andstætt hinu alræmda kameldýr, sem getið er að ofan. Allar eru persónurnar þó gerðar til að höfða til barna og miða að viðskiptum í framtíðinni. „Að mínu mati er þó verra þegar þekkt teiknimyndapresóna, á eigin forsendum, er tengd ákveðinni vöru. Heldur en þegar persóna er búin til í kringum vörumerki,“ segir Gísli.










speedo PUMA
50-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!




PUMA FUTURE CAT JR
Verð áður: 6.990
Stærðir: 31–38




OPIÐ
Laugardaginn 22.09 kl. 10–16
Sunnudaginn 23.09 kl. 12–16
Mánudaginn 24.09 kl. 12–18

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík




Guðmundur starfaði með liðsmönnum Portúgals fyrir síðasta heimsmeistaramótið í kappakstri. Hér situr hann reifur á hjólbarða eins bílsins en draumur Guðmundar er að fá að starfa með slíku liði í framtíðinni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Vill komast hraðar

***Guðmundur Halldór Guðmundsson er 28 ára Reykvíkingur sem starfar hjá kappakstursliði í Bretlandi, en starfsheiti hans er mótorsport-verkfræðingur.***

„Vinnan mín gengur út á að sjá til þess að tölvukerfi í bílum kappakstursliðsins séu í lagi,“ segir Guðmundur, en líkt og flugvélar geyma svartan kassa, geyma kappakstursbílar einnig lítið box sem prentar út upplýsingar um virkni vélarinnar, aksturhæfi ökumannsins og hegðun bílsins að akstri loknum. „Mitt hlutverk er svo að reyna að finna út hvernig við komumst hraðar,“ segir hann.

Guðmundur fór upphaflega í vélaverkfræði í Háskóla Íslands, en þaðan lá leiðin til Bretlands þar sem hann sérhæfði sig í því sem kallast mótorsport-verkfræði. Hann segist búast við því að eiga eftir að starfa aðallega erlendis, en þó geti það breyst ef vel gengur með áætlaða kappakstursbraut á Reykjanesi.

Liðið sem Guðmundur starfar með kallast Team RAC en fyrirtækið sem rekur bílana heitir West Surrey Racing og keppnin sem slík kallast British touring cars eða BTCC.

„Þeir keppa fyrst og fremst í Bretlandi, en svo er tekin ein keppni í Kína í lok tímabilsins. Þessi keppni er frábrugðin keppnum á borð við Formúlu 1 og aðrar keppnir á efstu stigum, meðal annars vegna þess að bílarnir líta allir næstum því út eins og venjulegir götubílar, en eru þó með 275 hestafla, tveggja lítra, BMW 320FI vél og vega í kringum ellefu hundruð kíló,“ segir Guðmundur og bætir því við að draumurinn sé að komast í Formúlu 1. „Þó held ég að það sé enn langt í það að íslenskt lið keppi á móti af því tagi, kannski spurning með hvað verður úr þessum tíu ára köppum sem eru á go-kart-brautinni í dag,“ segir Guðmundur að lokum.

*margret@frettabladid.is*


KOLAPORTIÐ
Góð leið til fjáröflunar



OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17





Ertu að spá í bílakaup?

VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7235

**Bílljósin** þurfa að vera í lagi fyrir veturinn. Þegar skammdegið skellur á er æ erfiðara að sjá vel í umferðinni og því mikilvægt að kveikt sé á bílljósunum.




512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODFONE



2 skemmtilegri

ERT ÞÚ NÝI SÖNGVARINN Í BANDINU HANS BUBBA?

SKRÁNING ER HAFIN Á STOD2.IS

ÞRJÁR MILLJÓNIR Í PENINGUM OG PLÖTUSAMNINGUR BÍÐA SIGURVEGARA.

Stöð 2 leitar að nýjum rokksöngvurum af báðum kynjum fyrir Bandið hans Bubba, nýjan tónlistar- og skemmtiþátt Bubba Morthens.

Í áheyrnarprufunum fjórum gefst keppendum, 18 ára og eldri, færi á að koma fram og syngja fyrir Bubba. Keppendur ráða hvort þeir syngja óstuddir, spila undir sjálfir, notast við undirleik annarra eða syngja við undirleik af bandi.

Eingöngu er leyfilegt að flytja lög og texta eftir íslenska höfunda og aðeins er leyfilegt að syngja á íslensku. Lögin mega vera í nýjum útsetningum. Sá sem stendur uppi sem sigurvegari fær 3.000.000 króna, samning við umboðsmann og útgáfusamning að launum.


# Frá hugmynd til veruleika

*Grænir hugmyndabílar eru áberandi á bílasýningunni sem fram fer í Frankfurt.*

Gróðurhúsaáhrifanna gætir víða, meðal annars á 62. bílasýningunni í Frankfurt sem stendur yfir þessa dagana. Bílaframleiðendur keppast þar við að kynna til sögunnar nýjar gerðir af vistvænni bílum með nýjum gerðum af „grænum“ vélum sem eru knúnar af umhverfisvænna eldsneyti og orkugjöfum.

Mercedes-Benz reið á vaðið og kynnti nýjan hugmyndabíl með nýrri Diesotto-vél sem er blanda af dísil og bensínvél.

Volkswagen er líklega meistarinn á þessu sviði en framleiðandinn kynnir hvorki meira né minna en sex nýjar gerðir sem nýta BlueMotion dísil-tæknina. Þetta eru Golf, Golf Plus, Golf Variant, Jetta, Touran og Caddy.

Fleiri framleiðendur taka þátt í umhverfisvæna kapphlaupinu svo sem Volvo, General Motors og margir fleiri.

Vistvænir bílar eru þó ekki það eina sem má sjá á sýningunni. Þar er einnig úrval lúxus- og sportbíla sem ávallt er skemmtilegt að skoða.

*solveig@frettabladid.is*



Mercedes F700 hugmyndabíllinn vakti verðskuldaða athygli enda um mikla glæsibifreið að ræða. NORDICPHOTOS/AFP



BMW X6 hugmyndabíllinn er með „Active hybrid“ tækni.



Volkswagen sýndi sex umhverfisvæna bíla til leiks á sýningunni.



Hann er smár en knár IQ-hugmyndabíllinn frá Toyota.



Kínverjar reyna að stimpla sig inn á bílamarkaðinn. Þessi Brilliance BC3 var því kynntur til leiks.



Nissan Mixim hugmyndabíllinn minnir nokkuð á geiminn með straumlínulöguðum línum.



Citroen C - Cactus hugmyndabíllinn er lítill og sætur.



Nýr Skoda Fabia verður kynntur um helgina.

# Nýr Skoda Fabia

*Hekla frumsýnir nýjan Skoda Fabia um helgina.*

Nýr Skoda Fabia verður frumsýndur hjá Heklu um helgina. Hresst hefur upp á útlit bílsins sem er búinn ríkulegum staðalbúnaði. Hann er með sex loftpúðum, ESP-stöðugleikakerfi, hita í sætum, Cruise Control og tengi fyrir Ipodinn og margt fleira.

Bíllinn verður kynntur hjá Heklu á Laugavegi á laugardag og sunnudag frá klukkan 12.00 til 16.00 og hjá söluaðilum Heklu á Selfossi og í Reykjanesbæ á laugardag á sama tíma.

*- sgi*

# Lúxus Lexus

*Nýr Lexus fáanlegur á næsta ári.*

Lexus IS-F árgerð 2008 er gríðarlega afkastamikill lúxusfólksbíll með fimm lítra V8-vél og skilar yfir 400 hestöflum en búist er við að bíllinn verði fáanlegur í Evrópu á næsta ári.

Þessi nýja háafkasta-útgáfa af hinni vinsælu sportbifreið Lexus IS 250 er einstæð í hönnun og mjög aflmikil, enda fer bíllinn í 100 kílómetra hraða á innan við 4,9 sekúndum.

*-sig*



Lexus IS-F árgerð 2008 er aflmeiri útgáfa af hinum vinsæla sportbíl Lexus IS 250.


Lexus IS hlaut stálstýrið í fyrra.

# Bílablaðamenn velja bíl ársins

***Þrjátíu og tveir nýir bílar eru í forvali Bandalags íslenskra bílablaðamanna, BÍBB, um bíl ársins 2008.***

Bíll ársins 2008 verður valinn af bílablaðamönnum hinn 27. október en 22. október verður tilkynnt um þá tólf bíla sem komast upp úr forvali. Alls eru 32 nýir bílar í forvali BÍBB um bíl ársins en sigurvegarinn hlýtur Stálstýrið.

Bílunum er skipt niður í fjóra flokka í forvali; smábíla, millistærðarbíla, stærri fjölskyldubíla og lúxusbíla og jeppa/jepplinga/pallbíla. Þrettán af þessum bílum eru í síðasta flokknum, sem vekur nokkra athygli og segir til um þá þróun sem hefur orðið í átt til meiri jeppavæðingar á markaðnum.

Þrír bílar komast upp úr hverjum flokki fyrir sig og verða gerðar ítarlegar prófanir á þeim af dómnefnd BÍBB. Að því loknu verður valinn einn sigurvegari í hverjum flokki þar sem litið verður til akstursieginleika, notkunarsviðs, búnaðar, hönnunar og verðs.

Þetta er í fjórða sinn sem valið fer fram. Árið 2004 varð Volvo S40 fyrir valinu, 2005 var það Suzuki Swift og árið 2007 Lexus IS.

**Smábílar**
Opel Corsa
Peugeot 207
Skoda Fabia
Skoda Roomster

**Millistærðarbílar**
Honda Civic Hybrid
Honda Civic Type R
Kia Carens
Kia cee'd
Subaru Impreza
Toyota Auris
Toyota Corolla
Volkswagen Golf GT Sport
Volkswagen Golf Variant
Volvo C30

**Stærri fjölskyldubílar og lúxusbílar**
Honda Legend
Kia Carnival
Lexus LS460
Lexus LS600h
Mercedes-Benz C

**Jeppar/jepplingar/pallbílar**
BM X5
Ford Escape
Ford Edge
Honda CR-V
Isuzu D-Max
Land Rover Defender
Land Rover Freelander
Mitsubishi Outlander
Mitshubishi Pajero
Nissan Qashqai
Nissan X-Trail
Opel Antara
Skota Octavia Scout

*Listinn gæti breyst en uppfærður listi er á vefsíðunni www.billarsins.is*


Í ferðaklúbbnum 4x4 er jeppafólk sem nýtur útivistar á hálendi Íslands.

# Haustferð 4x4 Vesturlandsdeildar

***Vesturlandsdeild 4x4 fer í Landmannahelli síðustu helgina í september.***

Ferðaklúbburinn 4x4 teygir anga sína út um allt land. Vesturlandsdeildin fer í árlega haustferð þar sem gist verður í Landmannahelli. Lagt verður í hann föstudaginn 28. september kl. 17.00. Á laugardagsmorgun verður síðan farið niður með Faxasundi og að Botnlangalóni.

Þar ætla ferðamenn að gæða sér á nesti, sem hver og einn tekur með sjálfur í ferðina.

Í Botnlangalóni er hægt að skoða sérkennilega skessukatla og fram kemur á heimasíðu félagsins að hægt sé að fá upplýsingar um katlana á bls. 42 í Hálendisbókinni sem kom út árið 2004.

Heimleiðin liggur um Faxasund eða um Sveinstind og verður slegið til grillveislu um kvöldið. Á sunnudaginn verður farið í Jökulgilið við Landmannalaugar ef áhugi er fyrir hendi, síðan er haldið heim á leið. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins: www.4x4.is *-rh*

# Þýskur hraði

***Tillögur um að setja hámarkshraðamörk á þýskar hraðbrautir voru felldar í þinginu. Því er hraðinn frjáls áfram.***

Græningjar og Vinstri flokkurinn í þýska þinginu settu fram tillögur um hámarkshraðamörk á þýsku hraðbrautirnar. Tillaga Vinstri flokksins var að hámarkshraðinn yrði 130 kílómetrar á klukkustund en Græningjar gengu lengra í takmörkunum og lögðu til 120 kílómetra hámarkshraða. Þessar tillögur voru báðar felldar af stóru flokkunum Union, Sósíaldemókrötum og Frjálslyndum. Þeir telja allar rannsóknir sýna að slysum á þýsku hraðbrautunum hafi fækkað og að bílarnir séu orðnir miklu öruggari en áður og auk þess umhverfisvænni. *-gun*


Engin hámarkshraðamörk eru á þýskum hraðbrautum en víðast er mælt með 130 kílómetra hraða.

















**Vegabréf** er nauðsynlegt að hafa með sér þegar ferðast er til útlanda. Einnig getur verið skynsamlegt að eiga ljósrit af vegabréfinu ef það skyldi týnast og ef ferðast er í löndum með ótryggt eða ólýðræðislegt stjórnarfar.

# Heimsmeistarar í Namibíu

***Skáksveit Salaskóla í Kópavogi er nýkomin úr skákferð til Namibíu þar sem Patrekur Maron Magnússon sigraði á meistaramóti landsins undir 20 ára aldri.***

Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Kópavogsbær buðu nýverið heimsmeistaraliði Salaskóla í skólaskák ásamt fararstjórum til Namibíu til að vekja athygli á skák. Hópurinn dvaldi ytra í tíu daga og vann einn íslensku keppendanna, Patrekur Maron Magnússon, frækinn sigur á meistaramóti ungmenna undir 20 ára aldri.

Patrekur var að vonum ánægður með sigurinn en svarar af stakri hógværð þegar blaðamaður spyr hvernig hafi gengið. „Mér gekk frekar vel. Vann eitt mót og er Namibíumeistari undir 20 ára.“ Patreki fannst mótherjarnir standa sig vel og telur að þeir gætu orðið betri með meiri þjálfun.

Hann var líka í skýjunum með ferðina en milli þess sem hópurinn tefldi við grunnskólabörn og tók þátt í tveimur meistaramótum ungmenna var farið í safaríferðir, á götumarkaði og skólar heimsóttir.

Athyglisverðast þótti þessum unga manni þó að sjá alla fátæktina og hversu glatt fólk virtist með að búa í litlum kofum, sem virtust eingöngu samsettir úr bárujárnsbútum. Það fannst honum lærdómsríkt.

*roald@frettabladid.is*


Skáksveit Salaskóla í Kópavogi er nýkomin frá Afríku eftir viðburðaríka dvöl.


Krakkarnir slöppuðu af og fóru í skoðunarferðir milli þess sem teflt var.


Patrekur Maron til hægri ásamt einum keppanda á mótinu í Namibíu.


Krakkarnir fengu tækifæri til að kynnast afrískri menningu og ekki er annað að sjá en þeir hafi skemmt sér konunglega.

MYND/HRANNAR BALDURSSON


Íslensku keppendurnir tókust á við heimamenn og skákmenn annars staðar úr heiminum.

# Þegar grímurnar falla

***Ævintýrasmiðjan Eskimós skipuleggur óvissuferðir, uppákomur, árshátíðir og þemapartí. Nú hefur hlutverkaleikurinn Morðgáta bæst við möguleikana til að gera sér dagamun.***

„Morðgáta fer fram undir kvöldverði á einhverjum góðum stað. Þetta er þema- og hlutverkaleikur þar sem „morð“ er framið og einn gestanna er hinn seki en leikurinn gengur út á að finna hver hann er,“ segir Herbert McKenzie hjá Eskimós. Hann segir hvern og einn veislugest þurfa að setja sig sem best inn í hlutverk sitt með framkomu og klæðnaði.

Ævintýrasmiðjan Eskimós hefur starfað í sjö ár. Í boði eru fjórhjólaferðir, klifur og alls kyns skemmtilegheit og alltaf er verið að bæta einhverju við. En hvernig ber fólk sig að ef það vill fara í morðgátuleik? „Fólk tekur sig saman, hvort sem það er starfsmannafélag, vinahópur, klúbbur eða annar hópur, hringir í okkur og pantar. Þá spyrjum við spurninga eins og „hvar viljið þið vera? Úti á landi, í bænum, í einkasal eða í heimahúsi? Síðan kemur fólk með sínar óskir og við finnum út fjöldann, hvernig kynjaskiptingin er, finnum út hlutverkin, hver er hvað og allir fá sinn skammt af peningum, erfðaskrám, dópi eða hvað það nú er sem málið snýst um. Allt þetta fá þátttakendur nokkrum dögum fyrir kvöldið, ásamt hlutverkalýsingum, en mega ekki bera sig saman á neinn hátt. Svo mæta menn í búningum og í hlutverkum og eru ekkert þeir sjálfir fyrr en grímurnar falla.“

Herbert segir fólk skemmta sér vel yfir því að leysa hina flóknu gátu. „Svo þegar leikurinn er búinn er líka léttir að komast aftur í sinn gamla karakter, sem maður er búinn að vera þessi herrans mörgu ár,“ segir hann glaðlega.

Þátttakendur í morðgátunni þurfa að vera að lágmarki tólf en hámarkið er í kringum fimmtíu í augnablikinu. „Við höfum verið með morðgátuna á mjög skemmtilegum stöðum eins og í Kríunesi við Elliðavatn og Grímsá í Borgarfirði,“ segir Herbert og bætir við: „Skemmtilegast er að hafa þetta elegant og flott en ef hópurinn vill hafa hlutina einfalda og ódýra er það líka hægt.“

*gun@frettabladid.is*


Herbert bregður á leik á einum veitingastaðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf

tímapantanir í síma: 535-7700

ferðavernd

Læknasetrið Mjódd, www.ferdavernd.is

Þönglabakka 1 ferdavernd@ferdavernd.is

www.uu.is




Falleg og spennandi

Höfuðborg Lettlands, Riga, er skemmtilega blönduð heimsborg sem býður upp á fjörugt næturlíf, spennandi verslanir og nokkra af bestu veitingastöðum Evrópu.

Reglusamt par með eitt barn óskar eftir góðri 3 herb. íbúð í Hfj. Meðmæli ef óskað er. S. 846 2300.

4-5 herb. íbúð óskast í Hfj eða Suðurnesjum. Reglusemi og skilvísum gr. gegnum Greiðsluþjónustu heitið. Uppl. í s. 896 9374.

## Sumarbústaðir



Til sölu til flutnings 2 ný Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

Varmahlíð, Skagafjörður. 60 fm bjálkahús öll skipti koma til greina. http://mbl.is/mm/fasteignir/fasteign/?eign=260057. Sími 697 8381.

Til sölu sumarhúslóð í landi Úteyjar á milli Laugarvatns og Apavatns. Lóðin er um 6200 m². Heitt og kalt vatn og rafmagn við lóðarmörk. Góður byggingarreitur. Vel fallin til trjáræktar. Mjög vel staðsett, mikið og gott útsýni til fjalla og jökla. Uppl. í s. 823 7508 og 897 6450.

2 sumarhúsalóðir til sölu, að minna mosfelli í grímsnesi. Góðar lóðir og frábært útsýni. Byggjum einnig sumarhús að óskum kaupanda. Uppl. í s. 692 3430.

## Atvinnuhúsnæði

**Skrifstofuhúsnæði til leigu**
**Til leigu er 27 fm skrifstofuhúsnæði í Lindum í Kópavogi. Góð sameign, öryggisgæsla.**
**Upplýsingar í síma 849 3113**



Þrjú iðnaðarbil í Steinhellu, Hafnarfirði. Tvö 132 fm, leigist á 198.000 á mánuði og eitt 142 fm, leigist á 220.000 á mánuði. Trygging er 400.000 kr. Sími 588 2100.

Til sölu vinnubúðir fyri 10 manns. Samþ. af heilbrigðiseftirliti. Staðsettar á Austurlandi. Uppl. 892 1208.

Ódýr skrifstofuherbergi til leigu á sv. 104. Uppl. í s. 864 4182 og á ff.fjordur.is

## Geymsluhúsnæði

Tjaldvagnageymsla í upphituðu húsnæði í Sandgerði 5.500 kr L.m upplýsingar gefur Hörður í síma 825.0016

**Fellhýsi - tjaldvagnar.**
Til leigu upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjunum. Tek í geymslu fellihýsi og tjaldvagna. Uppl. í s. 867 1282.

## Gisting

**Stúdíóíbúð í Reykjavík**
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 511 3030,info@4thfloorhotel.is

**Rjúpa**
Bókaðu strax! Hótel Bjarg, Fáskrúðsfirði. Sími 899 6221.

# ATVINNA

## Atvinna í boði




# ATVINNA




**Verktakafyrirtæki í byggingariðnaði**
**Óskar eftir að ráða góðan smið eða húsasmíðameistara sem verkstjór. Verður að hafa góða stjórnunarhæfileika**
**Uppl. í s. 820 7060 & 820 7062.**

**„Viltu slást í hópinn með JÓA FEL ??"**
**Höfum í boði afgreiðslustörf í bakaríinu okkar á Kleppsvegi. Einnig í boði helgarvaktir sem henta vel fyrir skólafólk. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Vaktstjóri á Pizza Hut!**
Pizza Hut leitar að vaktstjórum í veitingasal. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Ómari Pizza Hut Smáralind í síma 869 6683, Þórey Pizza Hut Sprengisandi 822 3642 og Birgir Pizza Hut Nordica 694 8022.

**Störf á Pizza Hut í vetur**
Fullt starf, hluta störf í vaktavinnu og hlutastörf á daginn. Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í vetur. Um er að ræða störf í veitingasal og í eldhúsi. Getum einnig bætt við hjá okkur hlutastarfsfólki í hádeginu og um miðjan dag. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við veitingastjóra Sprengisandi 568 8088, Smáralind 533 2005, Nordica 533 2002.

**Cafe Oliver**
**Cafe Óliver óskar eftir reyndum barþjónum og þjónum í sal í fullt starf og/eða hlutastarf. Vinsamlegast hafið samband í 692 9802 eða cafeoliver@cafeoliver.is**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Starfskraftar óskast**
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvísiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

**Starfsmaður í timburafgreiðslu**
**Húsasmiðjan vill ráða duglega starfsmenn til afgreiðslu- og lagerstarfa í timbursölu Súðarvogi.**
**Upplýsingar veitir Guðrún Kristinsdóttir í síma 525-3000**

**Sölumaður á ferðinni**
**Framleiðslufyrirtæki óskar eftir sölumanni á ferðinni. Í starfinu felst dreifing til núverandi viðskiptavina og að afla nýrra viðskiptavina.**
**Leitað er eftir röskum, nákvæmum og stundvísum aðila. Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður og hafa góða framkomu.**
**Nánari upplýsingar veitir Kristján í síma. 895 7638.**

**Sveigjanleg dagvinna**
**Subway óskar eftir jákvæðu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða sveigjanlegan vinnutíma á daginn, 50-100% starf. Störf eru laus í Mosfellsbæ, Spönginni og Hamraborg. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 18 ár.**

**Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla í vetur?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 16 ár.**

**Súfistinn - Strandgötu 9, Hafnarfirði**
**Laust er til umsóknar 100% starf við afgreiðslu og þjónustu. Einnig hlutastarf. Umsóknareyðublöð á staðnum og á sufistinn.is Uppl. um starfið gefur Hjördís í s. 694 9148 eða s. 565 3740.**

# TIL LEIGU

Einbýlishús til leigu, Smiðjustíg 12, 101 Reykjavík.

Fallegt einbýlishús með grónum garði og svölum á friðsælum stað við miðborgina. Stofa og eldhús í alrými, tvö svefnherbergi,baðherbergi, geymsla og þvottahús.



Laust strax. Leigutími amk eitt ár. Leigan á mánuði kr. 210.000

Frekari upplýsingar í síma 896 2470

## STÓRHÚS

FASTEIGNASALA

Þóroddsstöðum

Sími: 534 2000



Hrafnhildur Bridde
löggildur fast.sali
GSM 821 4400

**BÓKIÐ SKOÐUN Í S: 821 4400. LAUS! HÖRÐUKÓR 5, KÓP. PENTHOUSE ÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM M/BÍLSKÝLI.**

FRUM



196,3 fm glæsileg íbúð á tveimur hæðum **(10. og 11. hæð)** með stórkostlegu útsýni. Bílskýli. **Neðri hæð:** 2 svefnherb, stofa m/útg. út á suður svalir, eldhús opið inn í stofu, þvottahús og baðherb. **Efri hæð:** Stofa m/ útg. út á suður svalir, hjónaherb.m/fataherb inn af, baðherb. **VERÐ 58,8 MILLJ. ÁHV. 35 MILLJ.**

VINNUEFTIRLITIÐ

# Vinnuverndarnámskeið

Vinnueftirlitið heldur námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði á vinnustöðum, trúnaðarmenn stéttarfélaga og aðra sem áhuga hafa á vinnuvernd.
Námskeiðið stendur í tvo daga frá kl. 9 – 16 báða dagana.
Farið er yfir alla helstu áhættuþætti við vinnu, s.s. líkamlega áhættuþætti, efnanotkun, inniloft, hávaðavarnir, gerð áhættumats, félagslega og andlega þætti, s.s. einelti, lýsingu á vinnustað, notkun persónuhlífa, slysavarnir og atvinnusjúkdóma.
Skráning er í síma 550 4600 (skiptiborð).
Næsta námskeið verður 3. og 4. október nk.
Sjá nánar á heimasíðunni: www.vinnueftirlit.is

Vinnueftirlitið starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og byggir starfsemi sína á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna. Markmið stofnunarinnar er að fækka slysum, draga úr atvinnutengdum sjúkdómum og stuðla að vellíðan starfsmanna á vinnustöðum.

VINNUEFTIRLITIÐ

# Námskeið í gerð áhættumats á vegum Vinnueftirlitsins

Samkvæmt nýrri reglugerð skal gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á öllum vinnustöðum. Áhættumat er hluti af slíkri áætlun.
Á námskeiðinu er kennd aðferð til að gera áhættumat. Heimavinna felst í að þátttakendur geri áhættumat fyrir vinnustaði sína.
Námskeiðið er ætlað atvinnurekendum, öryggisnefndum, ráðgjöfum og öðrum sem áhuga hafa á að fræðast um gerð áhættumats.
Námskeiðið skiptist á tvo daga, þrjár klst. í senn, með viku millibili.
Næsta námskeið verður dagana 16. og 23. október 2007, kl. 15:30–18:30 báða dagana (sjá nánar á heimasíðunni: www.vinnueftirlit.is
Skráning í síma 550 4600 (skiptiborð).

Vinnueftirlitið starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og byggir starfsemi sína á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna. Markmið stofnunarinnar er að fækka slysum, draga úr atvinnutengdum sjúkdómum og stuðla að vellíðan starfsmanna á vinnustöðum.



## ÁSBERG ehf. verktakar

Óskum eftir að ráða verkamenn til starfa við gatnagerð og ýmsan frágang, mikil vinna í boði. Uppl. gefa Hallgrímur í síma 894 2089 og Marteinn í síma 896 3580.

Óskum eftir að ráða verkamenn til starfa í garðyrkjudeild fyrirtækisins, mikil vinna í boði. Uppl. gefur Þorsteinn í síma 856 0220

Poszukujemy pracowników






Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Styrkur til háskólanáms fyrir karla

**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir í samvinnu við Félagsráðgjöf Háskóla Íslands námsstyrk fyrir skólaárið 2007-2008. Styrkurinn verður veittur í ársbyrjun 2008.**

Styrkurinn er eingöngu veittur karlmönnum sem stefna að löggiltu starfsréttindanámi í félagsráðgjöf og sem hafa lokið fyrsta ári námsins.
Styrkurinn er kenndur við Þóri Kr. Þórðarson, prófessor og fyrrum borgarfulltrúa, sem var brautryðjandi nútíma félagsþjónustu í Reykjavík.

Markmið styrkveitingarinnar er að fá fleiri karla til félagsráðgjafastarfa við velferðarþjónustu í Reykjavík og stuðla að jafnrétti undir formerkjum jákvæðrar mismununar, sem felur í sér að ef hallað er á annað kynið sé réttlætanlegt að grípa til tímabundinna aðgerða til að jafna kynjahlutfall í ákveðnum stéttum og atvinnugreinum.

Styrkveitingin er jafnframt hluti samstarfs Velferðarsviðs við Félagsráðgjöf Háskóla Íslands, en það samstarf felur m.a. í sér starfsþjálfun félagsráðgjafanema, rannsóknarstarf og kostun tímabundinnar lektorsstöðu í félagsráðgjöf.

**Umsækjendur þurfa að leggja fram skriflega umsókn þar sem eftirfarandi atriði koma fram:**
- Nafn, kennitala, heimilisfang og fjölskylduaðstæður
- Upplýsingar um starfs- og námsferil
- Stutt ritgerð með hugmyndum umsækjanda um félagsráðgjöf og mikilvægi þess að karlmenn laðist að greininni

Það skilyrði fylgir úthlutun styrksins að styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar í a.m.k. eitt ár eftir að starfsréttindanámi lýkur.

Úthlutunarnefnd, skipuð fulltrúum Velferðarsviðs og Félagsráðgjafar Háskóla Íslands velur væntanlega styrkþega úr hópi umsækjenda.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu Velferðarsviðs, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík eða á tölvupóstfangið: audur.vilhelmsdottir@reykjavik.is **fyrir 10. október nk.**

Reykjavík 22. september 2007
Sviðsstjóri
Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



## ÁSBERG ehf. verktakar

## Garðyrkjumaður / verkstjóri óskast til starfa í garðyrkjudeild.

Viðkomandi aðili þarf að geta stýrt verkefnum á vegum fyrirtækisins og vera vanur yfirborðsfrágangi. Um er að ræða framtíðarstarf.

Uppl. gefur Þorsteinn í síma 856 0220

Poszukujemy pracowników






PÓSTURINN
allur pakkinn

# Móttaka og afgreiðsla – framtíðarstörf

Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa í fullt starf á pósthús víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að sjálfstæðu, úrræðagóðu og þjónustulunduðu starfsfólki sem getur hafið störf fljótlega. Nánari upplýsingar gefa Heiða í síma 580-1263 og Herdís í síma 580-1128.

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Stórhöfða 29
110 Reykjavík
Merkt: Afgreiðslustarf.

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# AUÐVELDARA LÍF

## Hörðukór 3



WWW.HORDUKOR.IS

ÖLL ÞJÓNUSTA Í GÖNGUFÆRI

203 KÓPAVOGUR

52 ÍBÚÐIR Í BARNGÓÐU HVERFI









**ÞÆGINDI**

- Glæsilegt útsýni
- Ísskápur fylgir
- Uppþvottavél fylgir
- HTH eldhúsinnrétting
- HTH fataskápar
- Baðherbergi eru flísalögð í hólf og gólf
- Baðkar og sturtuklefi
- Myndavéladyrasími
- Þvottahús í íbúð
- Geymsla fylgir hverri íbúð
- Stutt í alla þjónustu
- 2 leikskólar í göngufæri
- Grunnskóli í göngufæri
- Stutt í Smáralind
- Stutt í matvörubúð
- Stutt í Íþróttaakademíuna
- Gönguleiðir að Elliðavatni
- Gönguleiðir að Heiðmörk

## OPIÐ HÚS

**Í dag milli**
14:00 - 17:00

**Sunnudag milli**
14:00 - 17:00



Íbúðir 0201-1101



Íbúðir 0203-1103



EGG

Húsgögn í sýningaríbúðum eru frá EGG

**HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUAÐILA**
EÐA KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ NÁNAR Á WWW.HORDUKOR.IS

RE/MAX **898 3023**

STÓRBORG **534 8300**

# Listin að stela

Listaverkaþjófar eru í augum sumra betri borgarar þjófastéttarinnar. Eflaust hafa Hollywood og skáldsögur hjálpast að við að skapa þá ímynd en eins og alltaf er raunveruleikinn samt enn ótrúlegri en skáldskapurinn. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* skoðaði helstu listaverkaþjófnaði sögunnar og komst að því að listaverkaþjófar hafa ekki síður frjótt ímyndunarafl en góðan smekk.

Listaverkaþjófnaðurinn í smábænum Jelling á Jótlandi þegar sögufrægar eftirlíkingar af dönsku gullhornunum voru teknar vakti mikla athygli nýverið. Ekki síst í ljósi þess að þjófarnir létu verðmæta eyrnalokka algjörlega í friði og einblíndu þess í stað eingöngu á hornin.

Danska lögreglan í Vejle lét í veðri vaka að reyndir listaverkaþjófar hefðu verið þarna á ferð en eftir ábendingar frá almenningi tókst laganna vörðum að hafa hendur í hári þjófanna og hornin fundust tveimur dögum eftir hið bíræfna rán.

Þetta reynist því miður ekki alltaf raunin og listaverkaþjófar eru yfirleitt slyngir og bröðgðóttir refir sem reynast yfirvöldum erfiðir viðfangs. Yfirleitt eru þeir þó ekki á höttunum eftir magni heldur einu sérstöku listaverki sem gerir glæpinn enn undarlegri en ella. Stolin listaverk eru oftast notuð sem skiptimynt í eiturlyfjaviðskiptum eða vopnasölu og eru þá aðaltrompið þar. Einnig eru fjölmörg dæmi um að listaverkaþjófar séu gerðir út af örkinni af söfnurum sem treysta sér ekki sjálfir í klifrið og lambhúshettuna en þrá ekkert heitara en að fá Monu Lisu í safnið.



**STÖÐUTÁKN MEÐAL ÞJÓFA** Þjófarnir sem hurfu með málverkið Madonna with the Yarnwinder ætla sennilega aldrei að selja verkið. Þess í stað er ránið ákveðið stöðutákn meðal starfsbræðra þeirra.

## Þjófarnir deyja og leyndarmálin með

Listaverkarán eru einstök hvert fyrir sig en ekkert þeirra jafnast þó á við bíræfinn og óforskammaðan þjófnaðinn á altaristöflu Hans Memling, Last Judgement, en henni var rænt árið 1473. Altaristaflan var upphaflega hugsuð sem gjöf handa de'Medici dómkirkjunni í Flórens en þegar belgísk skip sigldu með gripinn til Ítalíu voru þau yfirbuguð af sjóræningjum frá Gdansk í Póllandi sem gerðu sér lítið fyrir og komu henni fyrir í dómkirkju heilagrar Maríu í heimaborg sinni. Við tóku þrotlausar samningaviðræður um að verkinu yrði skilað en allt kom fyrir ekki og verkinu hefur enn þann dag í dag ekki verið skilað. Þess í stað er það geymt á listaverkasafni í Gdansk og umsjónarmenn þýfisins hafa aldrei séð ástæðu til að fela það fyrir umheiminum og hafa meira að segja stórgrætt á eftirmyndum þess.

Rán á altaristöflum er ekkert smámál í framkvæmd og það er erfitt að gera sér í hugarlund hvernig listaverkaþjófar hreinlega nenna að leggja sig í líma við að skipuleggja slíkt. Pólska sjóræningjaránið er þó ekkert einsdæmi því nokkrum öldum síðar var tveimur bútum úr Ghent-altaristöflunni sem lokið var árið 1432, stolið í Belgíu. Annar búturinn fannst skömmu eftir þjófnaðinn en hinn er týndur og tröllum gefinn. Hinn meinti þjófur, Arsène Goedertier, var sá eini sem bjó yfir vitneskju um hvar búturinn var niðurkominn en hann fór með leyndarmálið með sér í gröfina þar sem stjórnvöld neituðu alla tíð að greiða lausnargjald.

## Stolin myndlist notuð til ýmissa hluta

Annar mun heppnari ræningi, Adam Worth, fékk hins vegar greidda væna fúlgu fyrir verk eftir Gainsborough, Hertogynjan af Devonskíri, sem hann rændi árið 1878. Worth var alræmdur þjófur sem Arthur Conan Doyle notaði sem fyrirmynd að dr. Moriaty, höfuðóvini Sherlock Holmes. Worth var að vísu lítt listelskur og mun umsvifameiri í annars konar ránum en gerði undantekningu og rændi verkinu frá listaverkasölunum Agnew & Agnew í London. Worth ætlaði sér hins vegar ekki að græða neinar fúlgur á ráninu heldur nota málverkið sem skiptimynt til að losa félaga sinn úr fangelsi. Þegar honum varð ljóst að hann hafði eitthvað misreiknað sig og félaginn var þá þegar laus úr haldi krafðist hann lausnargjalds sem hann og fékk.

## Verk Da Vincis erfitt góss

Þótt ránin heppnist er ekki alltaf jafn auðvelt að koma listaverkunum í verð. Þetta vita þjófarnir yfirleitt enda oftast engir blábjánar á ferð og þeir voru tveir sem stálu frægu verki eftir Leonardo Da Vinci, Madonnu with the Yarnwinder, í Skotlandi árið 2003, ekki til að græða heldur til að öðlast virðingu. Málverkið, sem metið var á sex milljarða íslenskra króna, var geymt í kastala hertogans af Buccleuch og var það mat bresku lögreglunnar að þjófarnir hefðu stolið því til að öðlast einhvers konar tignarstöðu meðal starfsbræðra sinna. Málið er enn í rannsókn enda verkið ennþá týnt og engar nýjar vísbendingar hafa komið fram.

Málverkum eftir Da Vinci er mjög erfitt að að koma í verð í ljósi sögulegs mikilvægis listamannsins, enda mun arðvænlegra fyrir þá sem sjá verkin að kjafta frá og fá greiðslu frá yfirvöldum. Þess vegna var til að mynda Monu Lisu stolið af hugsjón og þjóðernisást en ekki gróðahyggju.

Hinum ítalska Vincenzo Peruggia fannst franska Louvre-safnið ekkert eiga með að geyma list föðurlands síns og ákvað því í stundarbrjálæði að stinga Monu Lisu inn á sig árið 1911. Þjófnaðurinn tryggði listaverkinu heimsfrægð því í þau tvö ár sem verkið var týnt borguðu þúsundir Frakka sig inn á Louvre-safnið til að berja augum hinn auða vegg þar sem Mona Lisa hafði eitt sinn hangið.

Hugsjónamenn innan bransans eru alls ekki fáséðir. Þegar verkum eftir van Gogh, Picasso og Gaugain var stolið úr Whitworth Gallery í Manchester árið 2003 stóð lögreglan ráðþrota frammi fyrir þjófnaðinum. Verkin fundust hins vegar daginn eftir á almenningsklósetti með miða þar sem aðstandendur listasafnsins voru vinsamlegast beðnir um að bæta öryggisgæsluna.

Listaverk eru oftar en ekki vel varin og mjög sjaldgæft að þjófar hafi möguleika á því að geta látið greipar sópa um listasöfn. Árið 1990 réðust hins vegar tveir menn, dulbúnir sem lögreglumenn, inn í Isabella Stewart Gardner safnið í Boston og stálu verkum sem þá voru metin á rúmlega 300 milljónir dollara eða 18 milljarða. Verk eftir Vermeer, Rembrandt og Manet voru meðal þeirra sem stolið var og hafa aldrei fundist, Hins vegar eru 5 milljónir dollarar í boði fyrir þann sem finnur verkin.

Hinir bíræfnu Boston-þjófar komast þó ekki í hálfkvisti við sjálfan Adolf Hitler. Nasistaleiðtogann dreymdi á sínum yngri árum um að verða listmálari en hlaut ekki náð fyrir inntökunefnd listaháskólans í Vínarborg.

Þegar Hitler hafði lagt stærsta hluta Evrópu undir sig gerði hann út heila listaverkaherdeild sem sá um að „endurheimta“ listaverk gömlu meistaranna sem Hitler taldi Þýskaland eiga eftir „ránin“ í Napóleonsstríðinu og fyrri heimsstyrjöldinni. Hitler hugðist gera heimabæinn sinn, Linz, að mekka mestu listaverka heims og hafði ráðið arkitekta og hönnuði til að teikna söfn og gallerí. Hitler var augsýnilega annt um listaverkin því þegar bandamenn hófu að þrengja að ríkinu voru verðmætustu verkin flutt í saltnámur þar verkin voru geymd við fullkomið rakastig sem gerði það að verkum að þau björguðust nánast ósködduð úr stríðinu. Þrátt fyrir að bandamenn hafi endurheimt stærstan hluta þessara verka er enn ekki vitað um örlög hundruð mynda.



**ÁTTI AÐ BORGA ÚT FÉLAGANN** Hinn heimsfrægi þjófur, Adam Worth, rændi Hertogynjunni af Devonskíri, árið 1878 til að geta leyst félaga sinn úr haldi.



**MEÐ LEYNDARMÁLIÐ Í GRÖFINA** Tveimur hlutum úr Ghent-altaristöflunni var rænt 1934. Annar hlutinn fannst skömmu eftir ránið en hinn meinti þjófur, Arsène Goedertier, fór með felustað hins með sér í gröfina.



**MESTI LISTAVERKAÞJÓFUR SÖGUNNAR** Adolf Hitler var sjálfur misheppnaður listamaður en hann dreymdi um að gera heimabæ sinn Linz að miðstöð lista í ríki sínu og lét útsendara sína ræna málverkum um alla Evrópu.



**ÁTTI AÐ KOMAST AFTUR HEIM** Hinn ítalski Vincenzo Peruggia gekk út með Monu Lisu undir frakkanum árið 1911 því honum fannst Frakkar ekkert eiga með að geyma ítalska list.

## ÓPIÐ HEILLAR ÞJÓFA



Listaverkið Ópið eftir norska listamanninn Edvard Munch virðist vera í miklum metum meðal listaverkaþjófa. Árið 1994 fylgdist norska þjóðin með Vetrarólympíuleikunum í Lillehammer. Listasafn Noregs tók þá ákvörðun að hafa verkið til sýnis í tilefni af hátíðarhöldunum og listaverkaþjófar gripu gæsina og 12. febrúar létu þjófarnir til skara skríða. Upphaflega var talið að andstæðingar fóstureyðinga í Noregi væru ábyrgir fyrir ráninu en þær getgátur reyndust ekki á rökum reistar. Að þremur mánuðum liðnum buðu þjófarnir fram lausnargjald upp á eina milljón dollara en tilboðinu var hafnað og hinn sjöunda maí var verkið endurheimt eftir samræmdar lögregluaðgerðir Norðmanna, Breta og Getty-safnsins.

Tæpum tíu árum síður gerðu listaverkaþjófar aftur atlögu og höfðu á brott með sér Ópið og Madonnu eftir Munch úr Munch-safninu í Ósló. Ránið var ótrúlegt í ljósi þess að það var framið um hábjartan dag og myndin af þjófunum þar sem þeir hlaupa með verkin útí bíl og keyra á brott er fyrir löngu orðin fræg. Forstöðumenn safnsins biðluðu til þjófanna og margbáðu þá um að skila þjóðargersemunum en allt kom fyrir ekki. Í apríl árið 2005 var einn maður handtekinn, grunaður um aðild að ráninu og skömmu síðar fór á kreik orðrómur um að verkin hefðu verið brennd. Í júní sama ár buðu yfirvöld í Ósló hverjum þeim sem komið gæti lögrelunni á sporið háar fjárhæðir og snemma árs 2006 voru sex menn loks dæmdir í fangelsi fyrir ránið á verkunum, þar af tveir vel þekktir listaverkaþjófar. Hinn 31. ágúst komust verkin aftur í réttar hendur - skemmd og ekki hæf til viðgerðar.



**SJÓRÆNINGJAGÓSS** Upphaflega átti þetta verk Hans Hemling að prýða dómkirkju í Flórens en sjóræningjar frá Gdansk rændu því árið1473. Altaristaflan prýðir nú veggi listasafnsins þar í borg.

# Sprengitilboð

## Keyptu valin sófasett og fáðu flatskjá í kaupbæti

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



**32" United LCD skjár**

- Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • Progressive Scan
- Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS
- VGA tengi og heyrnartólstengi • Textavarp • Fjarstýring
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

*Gildir á meðan birgðir endast

Með hverju seldu M87 sófasetti fylgir United - 32" LCD breiðtjaldssjónvarp að andvirði 79.990kr*



269.000kr
GOTT VERÐ

**Leðurhornsófi Relax** 1+2+1 M87



349.700kr
GOTT VERÐ

**Leðursófasett**
3+1+1 8066

Sófaborð að eigin vali að verðmæti 40.000 kr. fylgir með 8181 3+1+1



199.000kr
GOTT VERÐ

**Leðursófasett**
3+1+1 8181

## MIKIÐ ÚRVAL AF BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM Á FRÁBÆRU VERÐI



**Romance sófaborð** 70x70x42 cm
**34.900.-**



**Romance sófaborð** 180x90x76 cm
**69.900.-**



**Romance skápur**
**99.900.-**



**Romance sjónvarpskápur**
119x77x51 cm **69.900.-**



**Romance skenkur**
213x90x51 cm **110.900.-**

Gildir til 25. september eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Pútín vill hafa áhrif áfram

Óðum styttist í þingkosningar í Rússlandi og á næsta ári verða forsetakosningar. Vladimír Pútín forseti segist staðráðinn í að hafa áfram áhrif á rússnesk stjórnmál þótt hann láti af forsetaembættinu. *Guðsteinn Bjarnason* kynnti sér málið.

Að sjálfsögðu verð ég hérna áfram," sagði Vladimír Pútín Rússlandsforseti á fundi með erlendum háskólamönnum og fjölmiðlafólki á föstudaginn í síðustu viku, sama daginn og Viktor Súbkov tók við embætti forsætisráðherra af Mikhaíl Fradkov.

Pútín sagðist reyndar ekki hafa ákveðið nákvæmlega hvað hann myndi taka sér fyrir hendur, en lítur svo á að hann muni tvímælalaust áfram hafa einhver áhrif.

„Það fer líka eftir því hvað ég fæst við – hvort það verður stjórnmálastarf eða eitthvað annað," sagði Pútín en vildi ítreka að hann ætlaði ekki að nota áhrif sín „til þess að gera starfandi stjórnvöld óstöðugri eða veikari. Tilgangur minn er sá tryggja að áfram ríki stöðugleiki í Rússlandi."



**SAMFERÐA UPP STIGANN** Nýi forsætisráðherrann, Viktor Súbkov, ásamt Vladimír Pútín forseta. Þeir eru gamlir samstarfsmenn og félagar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Stutt í kosningar

Þingkosningar verða haldnar 2. desember næstkomandi og forsetakosningar líklega 9. mars, aðeins þremur mánuðum síðar. Vladimír Pútín hefur verið forseti Rússlands í tvö kjörtímabil, eða rúmlega það, allt frá því Boris Jeltsín fékk hann til að taka við af sér í byrjun ársins 2000. Samkvæmt stjórnarskrá landsins má Pútín ekki sitja lengur í embættinu en tvö kjörtímabil samfleytt.

Miklar vangaveltur hafa verið um hvað Pútín hyggist fyrir að kjörtímabilinu loknu. Margir eiga erfitt með að trúa því að hann ætli í raun og veru að víkja, heldur sé hann staðráðinn í að tryggja sér áframhaldandi völd, jafnvel þótt breyta þurfi stjórnarskránni. Eða þá að hann fái einhvern auðsveipan aðstoðarmann sinn til þess að vera forseti í eitt kjörtímabil og geti þá sjálfur boðið sig fram aftur að því kjörtímabili liðnu.

Sjálfur hefur Pútín aldrei gefið annað í skyn en að hann ætli að víkja úr embættinu eins og stjórnarskráin kveður á um.

### Skipt um forsætisráðherra

Það kom fáum Kremlarfræðingum á óvart að Pútín skyldi skipta um forsætisráðherra nú í haust, þremur mánuðum fyrir þingkosningarnar. Það sem kom hins vegar á óvart var val hans á nýja forsætisráðherranum, Viktor Súbkov, sem tók við af Mikhaíl Fradkov fyrir rúmri viku.

Viktor Súbkov var nánast óþekktur maður, þótt hann hafi lengi starfað í rússneska stjórnkerfinu og verið náinn samstarfsmaður Pútíns frá því stuttu eftir hrun Sovétríkjanna.

Almennt höfðu menn búist við að í forsætisráðherraembættið myndi Pútín velja einhvern þeirra manna sem líklegastir hafa þóttir til að verða arftakar hans á forsetastól. Þar komu helst til greina tveir menn, sem báðir eru aðstoðarforsætisráðherra, nefnilega þeir Sergei Ívanov, sem er fyrrverandi utanríkisráðherra, og Dmitrí Medvedev, sem einnig er stjórnarformaður ríkisrekna orkufyrirtækisins Gazprom, eins af stærstu orkufyrirtækjum heimsins.

Súbkov er gamall félagi Pútíns, en það eru þeir Ívanov og Medvedev líka.

### Ekkert óeðlilegt

Sjálfur segir Pútín ekkert óeðlilegt búa að baki. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að stokka upp í stjórninni núna segir hann einfaldlega vera þá að ráðherrar séu mannlegir eins og annað fólk: „Ég tók eftir því að þeir voru farnir að slaka á í vinnunni og farnir að hugsa um að móta sín eigin örlög að loknum kosningunum." Nauðsynlegt sé að stjórnin geti starfað áfram og sinnt verkum sínum ótrufluð. Súbkov hafi orðið fyrir valinu einfaldlega vegna þess að hann sé „frábær fagmaður, góð manneskja, skýr í hugsun og vitur".

Súbkov var strax spurður hvort hann ætlaði að bjóða sig fram til forseta í mars á næsta ári, og hann vildi ekki útiloka það. Vladimír Pútín lýsti strax ánægju sinni með það og sagði að nú væru fimm manns komnir fram á sjónarsviðið, sem gætu orðið hugsanlegir eftirmenn hans í forsetastólnum á næsta ári. Auk Viktors Súbkov, sem þá var nýorðinn forsætisráðherra, nefndi hann stjórnmálamennina Grigorí Javlinskí, leiðtoga frjálslynda stjórnmálaflokksins Jabloko, og Gennadí Sjúganov, leiðtoga rússneska Kommúnistaflokksins. Að auki er talið að Pútín hafi átt við aðstoðarforsætisráðherrana Dmitrí Medvedev og Sergei Ívanov, þótt hann hafi ekki nefnt þá fyrr en síðar, utan sviðsljóss fjölmiðlanna.

> „Ég tók eftir því að þeir voru farnir að slaka á í vinnunni og farnir að hugsa um að móta sín eigin örlög að loknum kosningunum.
>
> **VLADIMÍ PÚTIN**
> RÚSSLANDSFORSETI

### Harðlega gagnrýndur

Pútín hefur jafnan sætt harðri gagnrýni, ekki síst á Vesturlöndum. Innan Rússlands hafa gagnrýnisraddir verið færri, en sumar því harðari. Þar hefur skákmeistarinn Garrí Kasparov verið einna fyrirferðarmestur. Kasparov lætur ekkert tækifæri ónotað til að skjóta á Pútín, og skefur aldrei utan af því. Hann segir Pútín ekkert annað en ótíndan glæpamann og mafíuforingja.

„Til þess að átta sig á Rússlandi þarf að lesa Guðföðurinn," sagði Kasparov í grein sem birt var á leiðarasíðu bandaríska dagblaðsins Wall Street Journal í sumar: „Svikavefurinn, leyndarhjúpurinn, óskýrar línur milli þess hvað eru viðskipti, hvað er stjórnsýsla og hvað er glæpsamlegt – allt er þetta þarna í bókum Mario Puzo," segir Kasparov og lýsir síðan glæpaverkum Pútíns ómyrkur í máli.

### Tók við rústum Jeltsíns

Aðrir hafa orðið til að andmæla þessari hörðu gagnrýni, segja Pútín hafa bjargað því sem bjargað varð eftir að Boris Jeltsín hafði skilað landinu af sér meira og minna í rúst. Meðal þeirra sem komið hafa Pútín til varnar eru Mikhaíl Gorbatsjov, síðasti leiðtogi Sovétríkjanna, og gamli andófsmaðurinn Alexander Solsjenitsín, sem segir að fáir hafi tekið eftir því, og hvað þá metið að verðleikum, hve Pútín hafi í raun unnið mikilvægt uppbyggingarstarf.

### Getur treyst sínum mönnum

Á Vesturlöndum mætir Pútín ekki síst tortryggni vegna þess hve vegur fyrrverandi og núverandi leyniþjónustumanna og yfirmanna úr hernum hefur vaxið á valdatíð hans síðustu átta árin. Tímaritið Economist skýrði nýverið frá því að fjórðungur ráðamanna í Kreml væri svokallaðir „silovikar", eða valdamenn úr röðum leyniþjónustumanna og hersins. Menn með sama uppruna í valdakerfinu og Pútín sjálfur.

Vera má að Pútín láti sér í léttu rúmi liggja hver tekur við af honum, nú þegar honum hefur tekist að koma sínum mönnum í helstu valdastöður landsins hvort sem er.

## ➜ HUGSANLEGIR EFTIRMENN PÚTÍNS



**Viktor Súbkov, 66 ára** Nýorðinn forsætisráðherra, fyrrverandi yfirmaður rússneska fjárglæfraeftirlitsins, gamall samstarfsmaður Pútíns.



**Dmitrí Medvedev, 41 árs** Annar tveggja aðalaðstoðarforsætisráðherra og jafnframt stjórnaformaður Gazprom. Hann er lögfræðingur frá Pétursborg og þykir fulltrúi frjálslyndari arms tæknikratanna í Kreml. Náinn samstarfsmaður Pútíns til margra ára.



**Sergei Ivanov, 54 ára** Annar tveggja aðalaðstoðarforsætisráðherra og jafnframt fyrrverandi utanríkisráðherra. Fyrrverandi yfirmaður í KGB og hernum og þar með fulltrúi harðlínuarms valdaklíkunnar í Kreml.



**Valtenina Matvienko, 58 ára** Ríkisstjóri Pétursborgar, afar dyggur stuðningsmaður Pútíns. Sumir telja hana líklega til að leyfa Pútín að ráða öllu á bak við tjöldin, verði hún forseti.



**Sergei Chemesov, 55 ára** Fyrrverandi félagi Pútíns úr KGB og forstjóri vopnaframleiðslufyrirtækisins Rosoboroneksport.



**Sergei Narjiskín, 52 ára** Valdamikill reddari, fyrrverandi KGB-maður og skólabróðir Pútíns. Hann er aðstoðarforsætisráðherra í ríkisstjórninni.



**Vladimír Jakúnín, 59 ára** Vinur Pútíns og fyrrverandi KGB-maður, yfirmaður rússnesku járnbrautanna.



**Grígorí Javlinskí, 55 ára** Hagfræðingur og leiðtogi frjálslynda stjórmálaflokksins Jabloko, sem barist hefur fyrir efnahags- og lýðræðisumbótum allt frá síðustu misserum Sovétríkjanna. Þykir kannski ekki eiga mikla möguleika á sigri, þótt Pútín hafi talið hann fullgildan frambjóðanda.



**Gennadí Sjúganov, 63 ára** Leiðtogi rússneska Kommúnistaflokksins, sem að hluta til telst vera arftaki Kommúnistaflokks Sovétríkjanna sálugu. Þykir ekki frekar en Javlinskí eiga mikla möguleika á sigri, þótt Pútín hafi nefnt hann sem hæfan frambjóðanda.




**1.120** kr/kg. áður 1.866 kr/kg.
Borgarnes villikryddað lambalæri




**85** kr/stk.
Fanta - 2 ltr.




**427** kr/kg. áður 853 kr/kg.
Borgarnes saltkjöt - blandað




**459** kr/kg. áður 655 kr/kg.
Ísfugl kjúklingur - ferskur




**241** kr/pk. áður 482 kr/pk.
Goða pylsur




**1.099** kr/kg.
Nettó lambahryggur - nýslátrað




**979** kr/kg.
Nettó lambalæri - nýslátrað

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 20. september til 23. september eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



# Myndi vilja vera Mike Wallace

**Jóhannes Kr. Kristjánsson** hefur vakið athygli fyrir skelegga og vasklega framgöngu í fréttaskýringaþættinum Kompási þar sem hulunni hefur verið svipt af viðkvæmum og eldfimum málum.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: **Jóhannes Kristján Kristjánsson.**

FÆÐINGARDAGUR: **3. febrúar 1972.**

Á HUNDAVAÐI: **Hef unnið öll helstu störf í íslenskum landbúnaði á bænum Hrauni á Ingjaldssandi. Sjómaður á togurum, línubátum, netabátum og loðnuveiðiskipum. Var í kjötinu í sláturhúsi á Þingeyri. Gaf út fyrsta blaðið þegar ég var 12 ára, Duran Duran-blaðið, sem seldist upp. Hef skrifað í fjölmörg tímarit og blöð og unnið að heimildarmyndum. Var í þrjú ár blaðamaður á Víkurfréttum, áður en ég var ráðinn á fréttastofu Stöðvar 2.**

**Vandræðalegasta augnablikið?** Þegar ég kastaði sígarettu út um gluggann á sendibíl sem ég keyrði og hún fór inn um topplúgu á bílnum við hliðina. Mjög vandræðalegt. Ég veit þó að bíllinn skemmdist ekki og ökumaðurinn brenndist ekki.

**Eftirlætisborg?** Ulan Baator í Mongólíu.

**Gáfulegustu orð sem þú hefur heyrt?** Hlustaðu á hjartað í þér.

**Hvaða íslensku tónlistarmenn finnst þér standa fremstir í dag ?** Sigur Rós.

**Ef þú yrðir að vera einhver önnur fræg manneskja í einn dag, hver myndirðu vilja vera og af hverju?** Mike Wallace – hann fær viðtal við hvern sem hann vill. Hvort sem það er forseti Bandaríkjanna eða forseti Írans og allt þar á milli.

**Trúir þú á drauma?** Nei.

**Í hvaða stjörnumerki ertu og hvernig passar það við þig?** Vatnsberi. Passar ágætlega.

**Hver er þín mesta nautn?** Kaffi.

**Hver er þín fyrsta minning?** Sat í fanginu á pabba mínum að skoða Morgunblaðið.

**Hver er þinn fararskjóti?** Toyota.

**Hvert er þitt eftirlætisdýr?** Hundar.

**Af hverju hefurðu mestar áhyggjur í augnablikinu?** Að hafa ekki nægan tíma með fjölskyldunni.

**Hvaða kæki ertu með?** Enga, held ég.

**Þú ert að fara á grímuball og mátt fara í hvaða búning sem er. Í hverju ferðu?** Björn Aron sonur minn myndi örugglega vilja senda mig í sjóræningjabúningi.

**Hvað er það besta sem þú hefur bragðað um ævina?** Pastaréttir konunnar minnar.

**Ertu aldrei haldinn sviðskrekk?** Jú, alltaf.

**Hvaða frasa ofnotar þú?** Hvað er málið?

**Eftirlætissjónvarpsþáttur?** Kompás að sjálfsögðu.

**Frægasti ættingi þinn?** Jóhannes eftirherma.

**Og að lokum – draumaviðmælandinn?** Nelson Mandela.

- jma



## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Heimapartí. Of mikil læti og svínarí í miðbænum. Hvers vegna að borga tífalt fyrir drykkinn og norpa úti að reykja þegar þú getur haft það kósí í heimahúsum?**

**Alpahúfur. Algjört möst fyrir haust og vetur, eins og Louis Vuitton sýndi alheimi. Svo eru þær líka hlýjar.**





**Stór sakamál. Þjóðin situr stjörf og fylgist með brúnaþungum lögreglumönnum, húsleitum og afbrotamönnum í beinni. Alveg eins og beint upp úr Derrick.**

**Pilsdragtin. Komin aftur í tísku og minnir á fimmta áratuginn þegar allar konur litu út eins og kvikmyndastjörnur.**



### Á niðurleið

**Nafnspjöld á börum. Alvöru töffarar og gellur þurfa ekki að „slæða“ kortinu eftir barborðinu, auk þess er þetta bara mont um titil, status og peninga.**

**Hettupeysuvæðingin. Að sjá venjulega drengi breytast á einni nóttu í ghetto-stráka alsetta stjörnum og kráku-förum er orðið gott. Þetta er ekkert spes lengur.**



**Allt sem „við verðum“ að eiga. Svanurinn, iPodinn, Range Roverinn og MiuMiu-veskið. Hvernig væri að prufa að vera dálítið öðruvísi en hinir?**

**´80s-útlitið. Glansandi „prom“-kjólar, risastórir herðapúðar og fjólubláar leggings úr spandex áttu að hverfa í skúffu gleymskunnar.**




NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
MIKIÐ ÚRVAL ÚTILJÓSA!
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
LITIR: HVÍTT SVART RUST
995
LITIR: HVÍTT SVART
1995
LITIR: HVÍTT SVART GRÁTT
795
495
LITIR: STÁL KOPAR
1495
TILBOÐ!
3995
ÚTISTAUR M/ TENGLI
4995
LITIR: STÁL KOPAR
3995
LITIR: STÁL KOPAR
1995
LITIR: STÁL KOPAR
3495
2995
ÚTISTAUR - STÓR
2495
ÚTISTAUR - LÍTILL
LITIR: STÁL KOPAR
3995
ÚTISTAUR - STÓR
3495
ÚTISTAUR - LÍTILL
LITIR: STÁL KOPAR
3995
ÚTISTAUR - STÓR
3495
ÚTISTAUR - LÍTILL
LITIR: STÁL KOPAR
1995
1995 2995
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)



## HLJÓÐFÆRI HUGANS
### Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Mót tveggja elskenda**

Mót tveggja elskenda gerir allan kjarna skáldskaparins að veruleik sem er sjálfum sér nógur, tvö líf hafa fundið hvort annað, tveir líkamir skilja hvor annan, og það er alt í senn, draumur, tilhlökkun, gleði, nautn, fullnæging, endurminning og sorg. Þessi fullnaður veruleikans er svo voldugur að hann ber í sér þá hættu að hið guðlega og eilífa vitji sálarinnar aldrei meir.

*Halldór Laxness: Höll sumarlandsins*

**Hæð á tveimur hæðum!**

Fasteignaauglýsingar eru stundum furðulega orðaðar. Í þessum pistlum hefur áður verið bent á hús sem eru „fokheld að innan“ og íbúð „sem er stödd“ á ákveðnum stað. Og í Mbl. 26. ágúst er svo auglýst „sérhæð á tveimur hæðum“. Hvernig hugsar sá sem semur svona auglýsingu? Varla er það traustvekjandi í viðskiptum.

**Að fljúga bolta**

Árni Björn Árnason skrifar: „Einn góður kylfingur reynir þráfaldlega að telja manni trú um það í sjónvarpinu að kylfingar fljúgi boltanum annað tveggja til hægri eða vinstri, ofan í glompu eða inn á flöt. „Hann flýgur boltanum“. Á barnsaldri trúði ég því að galdranornir gætu riðið á prikum um loftin blá en fjandakornið að nokkur fái mig til að trúa því að menn fljúgi á golfbolta.“

**Ekki flestir – fæstir**

Sigrún Björgvins skrifar: „Það er eitt sem mig langar til að minnast á og heyrist nú oft, eða sést. Það er að segja t.d. flestir komu ekki aftur í staðinn fyrir fæstir komu aftur. Nýjasta dæmið er úr Fréttablaðinu í gær [1/9] úr grein um Austur-Þýskaland. Þar stendur: „Því held ég ekki að flestir Þjóðverjar hugsi um Austur-Þýskaland á jákvæðan hátt.“ – Að svipuðu hefur verið vikið áður, en endurtekning skaðar ekki.

**Búið og búið**

Fbl. 2. sept.: „„„Við **erum búnir** að sakna hans og það er frábært að **vera búið** að endurheimta hann,“ sagði Ferguson, stjóri United.“ Finnst einhverjum þetta fallegt mál?

**Áhyggja**

Orðið áhyggja kemur fyrst fyrir í rituðu máli í þýðingu Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu (1540). Ekki veit ég hvort hann bjó það til, en þannig þýðir hann **sollicitudo** í Biblia Vulgata (Matt 13:22) sem merkir kvíði, órói, uggur. Orðið virðist hugsað frá so. hyggja á e-ð, þ.e. eitthvað sem leitar á (eða angrar) hugann. Síðan hefur mörg áhyggjan amað okkur, eins og eftirfarandi orðskviðir sýna (úr safni Guðmundar Jónssonar 1830): Hvar mikill ríkdómur er, þar er mikil áhyggja. Það er þægur ábati, að vera frír fyrir áhyggjunni. Áhyggja kemur með aukníngu. Aldrei dettur áhyggjan um koll, ef atorka fylgir. Illt er að kvelja sinn hug með áhyggjunni. Hvar mikil áhyggja er, þar er mikil ágirnd. – Þessar „áhyggjur“ eru sprottnar af eftirfarandi braghendu sem var laumað að mér:

**Braghenda**

*Áhyggja er undanfari illra fregna.*
*Finnst þó sumum furðu gegna*
*fyrirhyggjuleysis vegna.*

**Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is**

# DVÖLIN Í DULARFULLA AUSTRINU

## Kolbrún Ólafsdóttir uppgötvar leyndardóma Kínaveldis

Eitt af því fyrsta sem maður verður áþreifanlega var við í Peking er umferðin í borginni. Við öðru er svo sem ekki að búast í 16 milljóna manna borg. Mikið er af stórum og breiðum umferðargötum með margar akreinar í báðar áttir. Einn helsti ferðamátinn í borginni eru hjólreiðar og liggja hjólreiðagötur meðfram flestum akbrautunum. Umferðin er með magnaðra móti, því hér ægir öllu saman, gangandi vegfarendum, hjólreiðamönnum, bílum og strætóum. Það virðist eins og hér haldist gamli og nýi tíminn í hendur enda hefur þróunin verið hröð undanfarin ár og allt verið byggt upp með ógnarhraða. Þetta setur hins vegar sinn sjarma á borgarlífið, að horfa á nýtísku sportbíl sem er ekið af afar kúl ungum manni með nýjustu pönkhárgreiðsluna við hliðina á gömlum manni á ryðguðu hjóli með bögglabera hlaðinn varningi svo að hjólið lítur út eins og lítill vörubíll.

Lífsbaráttan hér í þessu milljóna manna samfélagi er hörð og samkeppnin mikil og það sem gildir í umferðinni er frumskógarlögmálið. Maður er ekki búinn að vera lengi í Peking þegar maður áttar sig á því að að hika er sama og að tapa. Þú verður að troða þér áfram, nota hverja einustu glufu sem skapast til að koma þér áfram, því ef þú gefur eftir ertu bara skilinn eftir og einhver annar tekur plássið þitt.

Svo er það flautið, í umferðinni er stöðugt flautað, til þess að vara gangandi eða hjólandi vegfarendur við að bíll sé að aka framhjá þeim. Eða þegar umferðin er komin í algjöran hnút, þá er eins og sumir ökumenn haldi að ef þeir flauti nógu mikið þá gufi bílarnir fyrir fram þá upp. En flautan glymur allan daginn og eftir smá tíma hættir maður að taka jafn mikið eftir því.

Þar sem fjarlægðir eru miklar í Peking eru leigubílar mikið þarfaþing. Almennt er nóg af þeim og ekki eru þeir dýrir á íslenskan mælikvarða. En frá því að ég kom hingað hefur það ekki alltaf verið einfalt að taka leigubíl og komast á áfangastað. Í fyrsta lagi þá tala ég ekki neina kínversku og varla nokkur leigubílstjóri sem ég hef rekist á talar ensku. Þetta þýðir að maður verður að reiða sig á táknmálið alþjóðlega til þess að koma sínu á framfæri. Einnig hef ég gripið til þess ráðs að hafa öll heimilisföng skrifuð á kínversku en það hefur ekki heldur dugað til þar sem sumir leigubílstjóranna virðast ekki geta lesið þau. Þá hef ég verið með símanúmerið á áfangastaðnum og beðið bílstjórann vinsamlegast um að hringja þangað til að fá leiðbeiningar um hvernig hann komist á umræddan stað. Ég verð að viðurkenna að þegar ég kom hingað varð ég fyrir ákveðnu sjokki yfir því hversu fáir hérna tala ensku. En þegar maður veltir því aðeins betur fyrir sér að fyrir einhvern sem talar tungumál sem 1.300 milljónir manna skilja þá er það kannski ekkert skrýtið. En þrátt fyrir að þeir tali ekki stakt orð í ensku er ekki óalgengt að þeir kveðji mann með orðunum: „okay bye bye take care“.



KOLBRÚN ÓLAFSDÓTTIR ER NEMI Í ALÞJÓÐASAMSKIPTUM Í HÁSKÓLANUM Í PEKING.

Eins og áður sagði gengur það yfirleitt vel fyrir sig að finna leigubíla hér í borg, yfirleitt er alveg nóg að veifa hendi og það er kominn bíll um leið. Hins vegar komst ég að því að þegar ég ætlaði að mæta í tíma kl. 9 var langt frá því að vera auðvelt að finna leigubíl þegar flestir Pekingbúar eru á leið til vinnu eða skóla. Ég og bekkjarfélagar mínir sem búa hér á sama stað hlupum fram og til baka eftir endilangri götunni og veifuðum út öllum öngum sem bar engan árangur. Eftir að hafa reynt í næstum því klukkustund og orðin alltof sein í skólann náði félagi okkar að stoppa einn venjulegan borgara og telja hann á að keyra okkur í skólann fyrir borgun. Eftir nokkur skipti í morgunsárið áttaði ég mig á því hvar vænlegast er að ná í leigubíl. Ég er ekki frá því að það hríslist um mig sama tilfinning og við veiðar, þegar maður var búinn að uppgötva besta staðinn þar sem alltaf er bitið á.

En þrátt fyrir að maður hafi orðið svolítið skelfingu lostinn yfir umferðarmenningunni hér og reyndar fundist þetta bara vera helber ómenning hef ég enn ekki orðið vitni að einu einasta óhappi í umferðinni. Jafnframt hafa kínverskir skólafélagar mínir, sem eru aldir upp hérna í Peking, sagt mér að það sé alls ekki erfitt að keyra í umferðinni hérna. Enn sem komið er held ég að ég taki bara orð þeirra trúanleg og sé ekkert að reyna að sannreyna það.

**kolafs@simnet.is**



ENGIN SKILTI Á ENSKU: SÍÐDEGISUMFERÐ Í HAIDIAN-HVERFI Í PEKING.

## HELGARKROSSGÁTAN









Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

# BT

ÓDÝRASTIR Á LANDINU!!!

ÚTSALA ÚTSALA



**NOKIA**

NOKIA2610
Gsm Nokia 2610
Dualband GSM
GPRS - WAP
Tölvupóstur
Biðtími allt að 300 klst.
Taltími allt að 3 klst.
Íslensk valmynd

**7.999** ~~11.999~~

## ÚTSALA ÚTSALA

33% AFSLÁTTUR



**Panasonic**

CQC3303
PANASONIC BÍLTÆKI CQC3303
50W x 4 High Power
CD-R/CD-RW Playback
MP3 Playback
ID3 Tag
CD Text display
Tengi að framan fyrir spilara (t.d. iPod)
Frontur opnast, CD rauf fyrir aftan

**9.999** ~~12.999~~

10.000 LÆKKUN



**FUJITSU SIEMENS**

BAT:NOM1-NSUM7-LA1
FSC AMILO LA1703 AMD
AMD Sempron 3500+
15,4" CrystalView skjár
- 1280 x 768 upplausn
UniChrome Pro skjástýring
512MB DDR2 vinnsluminni
80GB SATA Harður Diskur
Innbyggt þráðlaust net
DVD Skrifari - Dual Layer

**39.999** ~~49.999~~

60.000 LÆKKUN



**MEDION**

6365IS
Medion V12 X-Line 4300
Intel® Core 2 Duo 4300
ATI Radeon X1650SE - 256
- TV-out - D-SUB/DVI-I
320 GB 7200 rpm SATA
1024 MB DDR2-RAM
Sjónvarpskort og fjarstýring
DVD Skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort
IEEE1394/Firewire
Medion Media Bay
Lyklaborð og Mús
Windows Vista Premium

**49.999** ~~109.999~~

ÓDÝRASTIR Á LANDINU!!!



**SAMSUNG**

GSM SAMSUNG SGH-X680
Svartur,Rauður eða Orange
GSM 900/1800/1900
Skjár utan á síma (96x96 punktar)
3 klst. í tali og 250 klst. í bið
VGA myndavél 640x480 - hreyfimyndataka
MP3/AAC spilari
Innbyggt 32 MB minni
GPRS/EDGE gagnaflutningur
Bluetooth
1000 nöfn í símaskrá

**13.999**

Aðeins til í BT Skeifunni, BT Kringlunni og BT Smáralind.

15.500 LÆKKUN



**NOKIA**

5 Megapixla myndavél
Carl Zeiss linsa
DVD gæði á afspilun
GPS staðsetningartæki
Fullkominn Mp3 spilari

ÓDÝRASTIR Á LANDINU!!!

**67.499** ~~82.999~~

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!!

40.000 LÆKKUN

15.4"



**TOSHIBA**

PSAE0E-04T01GN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1ML
Intel Core Duo T2080
15.4" TFT WXGA TruBrite
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð

**89.999** ~~129.999~~

BT LÁN™ Verð frá: **2.632** 59 mánaða

60.000 LÆKKUN

15.4"



**FUJITSU SIEMENS COMPUTERS**

FSC AMILO PI T7100
Intel® Core™ 2 Duo T7100
15.4" TFT LCD WXGA
2048MB DDR II 667Mhz (2 x 1024MB)
160GB Serial ATA Harður diskur
Innbygð vefmyndavél og míkrafónn
Innbyggður kortalesari
Intel PRO/Wireless 3945ABG
3 x USB 2.0, SPDIF, 2 x Audio, DVI+VGA, Expresscard slot
DVD Skrifari - Dual Layer
2 ára ábyrgð

**99.999** ~~159.999~~

BT LÁN™ Verð frá: **2.897** 59 mánaða

BT Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri



















# STUÐ MILLI STRÍÐA Ríkum Íslendingum boðið í lúxusferðir

**SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR** SKILUR EKKI AÐ ÞEIM SKULI BOÐIÐ SEM GETA BORGAÐ SJÁLFIR



Ég verð alltaf jafn hneyksluð þegar ég heyri fréttir af því að einhver bankinn hafi boðið sínum helstu viðskiptavinum í laxveiði eða lúxusferð með öllu tilheyrandi. Í síðustu viku bauð Landsbankinn 200 viðskiptavinum sínum í ferð til Ítalíu þar sem gist var á fimm stjörnu hóteli og farið í La Scala-óperuna. Í fréttum var sérstaklega tekið fram að boðsgestirnir myndu gera vel við sig í mat og drykk. En ekki hvað? Það var orðað sem svo að bankinn hefði boðið „völdum viðskiptavinum“ í ferðina. Í sama fréttatíma var fjallað um lúxuskvöldverð Kaupþings í Lúxemborg þar sem „stærstu viðskiptavinum“ bankans var boðið í mat sem framreiddur var af frönskum eðalkokki ásamt víni sem kostaði allt að 100 þúsund krónur flaskan ef ég skildi þetta rétt. Gestir átu hreindýr, dúfur og humar svo fátt eitt sé nefnt.

Ekki veit ég hver munurinn er á völdum viðskiptavinum og stórum. Ég reikna með því að hann sé nákvæmlega enginn. Auk þess reikna ég með að stórir viðskiptavinir séu ekki þeir sem eru með stærsta yfirdráttinn og borga hæstu vextina, heldur þeir sem eiga hæstu upphæðirnar á reikningum innan bankans. Það er nákvæmlega þess vegna sem mér finnst ferðirnar fáránlegar, af hverju að bjóða þeim einu sem hefðu efni á að fara á eigin kostnað ef þeir hefðu áhuga á að fara í slíkar ferðir á annað borð?

Mér fyndist gaman að sjá bankana bjóða fólki sem gæti gert sér alvöru dagamun með því að mæta í svona ferðir eða veislur. Þá væri bara hægt að „velja viðskiptavini“ með því að draga af handahófi úr þeim reikningum sem væru í hvað mestum mínus. „Bestu“ viðskiptavinunum væri svo hægt að senda viðurkenningarskjal þess efnis að þeir hefðu gert góðverk. Þá gætu þeir farið og pantað sér sínar eigin lúxusferðir, fengið sér hreindýr og humar og tuggið hvern bita með góðri samvisku.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**! ATH kl 17**

*Í Fréttablaðinu í gær kom fram að ljóðatónleikar Sólrúnar Bragadóttur og Gerrit Schuil færu fram samdægurs, föstudaginn 21. september. Hið rétta er að þeir fara fram í dag, laugardaginn 22. september kl. 17 í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ. Eru aðstandendur tónleikanna beðnir velvirðingar á þessum mistökum.*

# menning

# Blásarar í brennidepli

Fyrstu tónleikar Kristalsins, kammertónleikaraðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fara fram í Þjóðmenningarhúsinu laugardaginn 22. september kl. 17. Þar munu básúnu- og túbuleikarar hljómsveitarinnar spila fjölbreytta tónlist sem ýmist er frumsamin fyrir þessa óvenjulegu hljóðfæraskipan, eða útsett sérstaklega fyrir hana.

Efnisskráin á þessum fyrstu tónleikum nær yfir drjúgan hluta tónlistarsögunnar og inniheldur allt frá barokki til popptónlistar. Leikin verður hin velþekkta tokkata og fúga í d-moll eftir Bach, Bítlalagið Yesterday og Queen-smellurinn Bohemian Rhapsody. Þorgeir segir þá blöndu verka sem flutt verður á tónleikunum sérlega áhugaverða.



**TÓNLIST** Frá æfingu blásaranna í Þjóðmenningarhúsinu. MYND:

„Þetta er náttúrulega óvenjuleg hljóðfæraskipan og því við hæfi að bjóða upp á óvenjulega blöndu. Poppið nýtur sín vel í þessarri útsetningu.“ Hljóðfæraleikarar á tónleikunum verða þau Oddur Björnsson, Sigurður Þorbergsson, Jessica Wiklund og David Bobroff sem leika á básúnur en á túbuna leikur Tim Buzbee. Slagverksleikarinn Frank Aarnink kemur einnig við sögu í einu verkanna.

Kammertónleikaröðin Kristallinn fór af stað í fyrravetur og tókst svo vel til að starfseminni er haldið áfram í vetur. Að þessu sinni verða Kristalstónleikarnir í Þjóðmenningarhúsinu og verða sex tónleikar á dagskránni. Meðal annars verður boðið upp á Kvartett fyrir endalok tímans eftir Olivier Messiaen, verk eftir Ravel, Debussy og Prokoffiev, og á þremur tónleikum verða oktettar á dagskrá, eftir Schubert, Mendelssohn og Louis Spohr.

Allir tónleikarnir verða í Þjóðmenningarhúsinu á laugardögum og hefjast kl. 17. -VÞ

# *Þjóðlegir nytjahlutir*

Í dag kl. 14 opnar í Gerðubergi sýningin Handverkshefð í hönnun. Á henni gefur að líta verk 34 íslenskra hönnuða, lista- og handverksfólks. Sýningin er í tengslum við þing norrænna heimilisiðnaðarfélaga sem verður haldið í Reykjavík dagana 26.-30. september.

Arndís Árnadóttir stýrir sýningunni í Gerðubergi. „Á sýningunni eru nytjahlutir sem eiga það sameiginlegt að sækja í íslenska handverkshefð. Um er að ræða hluti sem eru komnir mislangt í hönnunar- og framleiðsluferlinu, þannig að sumir eru nú þegar komnir í framleiðslu en aðrir eru hugsanlega ekki enn komnir í endanlega mynd.“

Sýningin er unnin í samvinnu við Heimilisiðnaðarfélag Íslands sem stendur einnig fyrir þinginu og fleiri sýningum tengdum því. Eins og titill sýningarinnar ber með sér er það markmið Heimilisiðnaðarfélagsins að hvetja til þess að handverkverkshefðin sé nýtt sem innblástur að nýjum verkum.

Arndís segir það þó misjafnt hvernig hlutirnir á sýningunni vísa í handverkshefðina. „Það er ekki augljóst í öllum tilfellum. Í suma hlutina er notað hefðbundið hráefni eins og íslenska ullin sem hefur verið notuð í heimilisiðnaði hérlendis svo öldum skiptir. Svo eru aðrir hlutir á sýningunni sem eru unnir úr nútímalegri efnum, til dæmis plasti, en notast við gömul munstur eða útlit hlutarins minnir á íslenska náttúru. Þannig eru þeir litir sem eru áberandi í náttúrunni einnig fyrirferðarmiklir á sýningunni.“

Í dag opnar önnur sýning í Norræna húsinu sem tekst einnig á við hugmyndina um handverkshefð. Á



**HÖNNUN** Bekkur eftir Björk Juto er meðal hlutanna á sýningunni.

þeirri sýningu má sjá verk nemenda grunnskóla, framhaldsskóla og Listaháskóla Íslands sem unnin voru skólaárið 2006-2007 og ganga út frá sömu forsendum og verkin í Gerðubergi. „Sýningarnar tvær eru unnar út frá sömu hugmyndinni um handverkshefð. Sýningin í Norræna húsinu varpar ljósi á nálgun nemenda á þessa hugmynd en sýningin hér í Gerðubergi sýnir hvernig hönnuðir nálgast hana. Hlutirnir sem eru til sýnis hér eru nytjahlutir sem á að framleiða en hlutirnir í Norræna húsinu fara að öllum líkindum ekki í framleiðslu,“ segir Arndís.

Handverkshefðir hafa átt upp á pallborðið undanfarið, en ungir hönnuðir leita í auknum mæli í þjóðlegan menningararf við eigin sköpun. „Hönnuðir þurfa náttúrulega að þekkja vel söguna til þess að geta sótt þangað hugmyndir, en þeir virðast óhræddir við að nota gamlar hugmyndir og þróa þær fyrir nútímaframleiðslu. Hönnun nytjahluta er fjöldaframleiðsla og því er skemmtilegt að þjóðlegar hefðir fái að njóta sín í þessum vörum sem rata svo inn á heimili landsmanna,“ segir Arndís að lokum. vigdis@frettabladid.is

# Tilveran myndast á hvolfi

**Stoppleikhópurinn frumsýnir í Tjarnarbíói í kvöld kl. 20 nýtt verk eftir Þorvald Þorsteinsson sem nefnist: „Óráðni maðurinn.“**



**LEIKLIST** Katrín og Magnús í hlutverkum sínum.

Í þessu nýjasta leikriti Þorvalds Þorsteinssonar er viðfangsefnið í senn sígilt og óvenjulegt; nefnilega leit mannsins að „réttu útgáfunni“ af sjálfum. Leikritið fjallar um leikhóp sem um árabil hefur sinnt forvörnum og unglingafræðslu í verkum sínum og er með verk í vinnslu þegar heimsókn ljósmyndara með harla undarlega myndavél snýr tilverunni skyndilega á hvolf.

Stoppleikhópurinn var stofnaður árið 1995 með það að markmiði að sýna íslenskum börnum og unglingum heiminn í gegnum leikhúsið. Á þessum árum hefur leikhópurinn frumsýnt þrettán ný íslensk leikrit sem öll hafa að einhverju leyti fræðslu- og forvarnargildi. Eggert Kaaber leikhússtjóri segir verkið til þess fallið að vekja áhorfendur til umhugsunar. „Verkið er samið fyrir efstu bekki grunnskólans og fyrir framhaldsskólana. Það verður meðal annars notað við kennslu lífsleikni í grunnskólum og verður handritinu og ítarefni tengdu leikritinu dreift í grunnskólana. Við vonumst til að það geti orðið kveikja að umræðum og vangaveltum meðal nemenda.“

Magnús Guðmundsson, ungur leikari er einn leikara sem kemur fram í verkinu. „Það er mikill heiður að ungur og efnilegur leikari taki sín fyrstu skref með Stoppleikhópnum. Við erum hæstánægð með það,“ segir Eggert. Leikstjóri verksins er Sigrún Sól Ólafsdóttir og leikarar eru Katrín Þorkelsdóttir, Magnús Guðmundsson og Sigurður Eyberg Jóhannesson. Leikmynd og búninga gerir höfundur verksins, Þorvaldur Þorsteinsson. -vþ


Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið






Málverkasýning
Bjarni Þór Bjarnason opnar sýningu
laugardaginn 22. september kl. 13:00
Gallerí List • Skipholti 50A
sími: 581 4020 • www.gallerilist.is

## Áheyrnarprufur fyrir Óperustúdíó 2008

ÍSLENSKA ÓPERAN

Prufusöngur fyrir Óperustúdíó Íslensku óperunnar verður haldinn mánudaginn 8. október og þriðjudaginn 9. október næstkomandi kl. 10.30-14.00 í Íslensku óperunni.

Þátttakendur eru beðnir að syngja aríu eftir Mozart eða annað frá sama tímabili. Til að bóka tíma í prufusöng skal hringja í síma 511-6400.

Áætluð frumsýning er um mánaðamótin mars-apríl 2008. Daníel Bjarnason verður hljómsveitarstjóri Óperustúdíósins.

Salurinn

LAUGARDAG 22. SEPT. KL. 17
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR – FYRRI HL.
DÉSIRÉ N'KAOUA FLYTUR ÖLL PÍANÓVERK MAURICE RAVEL
Miðaverð 2000/1600 kr.

SUNNUDAG 23. SEPT. KL. 17
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR – SÍÐARI HL.
DÉSIRÉ N'KAOUA FLYTUR ÖLL PÍANÓVERK MAURICE RAVEL
Miðaverð 2000/1600 kr.

ÞRIÐJUDAG 25. SEPT. KL. 20
FRISELL PROJEKT
SUNNA GUNNLAUGS, RÓBERT ÞÓRHALLS, SCHOTT MCLEMORE
Miðaverð 1500/1200 kr.

MIÐVIKUDAG 26. SEPT. KL. 20
TÍBRÁ: KLARINETT OG PÍANÓ
GUÐNI FRANZSON OG GEOFFREY DOUGLAS MADGE
Miðaverð 2000/1600 kr.

SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Vetrarlína **Kate Moss** fyrir TopShop er komin í verslanir **TopShop** í Reykjavík og er sterkari og fullorðinslegri en sú fyrri. Hápunktarnir eru víðar gallabuxur, svartir leðurjakkar, prjónapeysur og svalir partíkjólar.

**NTC** opnaði glæsilega herra- og dömudeild í **Debenham**s í Smáralind á fimmtudag en þar gefur að líta rjómann af merkjum NTC eins og IKKS, Bruuns Bazaar, InWear og Soaked in Luxury.

Meðal hápunkta **tískuvikunnar í London** var sýning **Matthews Williamson** en hún markaði einnig tíu ára afmæli hans sem hönnuðar.

# stíll

utlit@frettabladid.is





Töffaralega grófa upp-reimaða skó í anda Chloé og Luellu Bartley. Frá Liborius, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...



Hlýja slá í heitasta liti haustins, karrígulum. Fæst í Trilogiu, Laugavegi.



Dömulega svarta spöng með semelíusteinum til að líta út eins og kvikmyndagyðja frá sjöunda áratugnum. Fæst í Rokki & rósum, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Anna Margrét Björnsson

## Stelpuslagur í tískuheiminum

Tískublöðin og bloggið í New York eru uppfull af stelpuslag mánaðarins. Hann á sér stað milli Hollywood-stílistans Rachel Zoe og Önnu Wintour sem hefur ritstýrt bandaríska Vogue í næstum því tuttugu ár. Zoe segir í nýlegu viðtali við New York Times að hún sé orðin áhrifameiri en Wintour. Mikil andköf voru tekin yfir yfirlýsingunni en Wintour er ókrýnd drottning tískuheimsins. Fræg fyrir ískalt viðmót sem Meryl Streep túlkaði svo eftirminnilega í myndinni „The Devil Wears Prada“ og óaðfinnaleg í klæðaburði. Zoe skaust hins vegar upp á stjörnuhimininn þegar hún hóf að klæða Nicole Richie. Umbreyting Richie frá þrýstinni og ósmekklegri vinkonu Paris Hilton yfir í tannstöngulsmjóa ofurbrúna tískudrós leiddi af sér hóp klóna, því Mischa Barton, Lindsay Lohan og fleiri Hollywood-píur fylgdu í kjölfarið. Zoe segir í NY Times-viðtalinu að ástæða þess að hún sé áhrifameiri en Anna Wintour sé sú að Vogue muni aldrei bæta viðskipti hönnuðar. „En ef ákveðin manneskja í slúðurpressunni klæðist fötum eftir óþekktan hönnuð verður hann stærsti hönnuðurinn innan viku,“ segir Zoe. Ef til vill höfðar smekkur Rachel Zoe meira til þess almennings sem vill heldur líkjast partístelpunum í Hollywood en fölum fyrirsætum í Vogue. Zoe, sem er 35 ára, er með umdeildan smekk þar sem útlitið sem hún predikar er að líta út eins og anorexíusjúklingur með barbídúkkuhár og sólgleraugu og eyrnalokka í yfirstærð. Samt á Zoe einhvern heiður skilinn fyrir að koma sjálfri sér og klónunum sínum á stjörnukortið. Hún hefur stuðlað að frekari aðgreiningu þess sem mætti kalla „hátísku“ og þess sem lagast ef til vill meira að „mainstream“-smekk. Sem er kannski bara besta mál. Ég las nöðrulegt blogg frá tískublaðamanni New York Times þar sem hún lýsir því er hún horfir á konurnar tvær á tískuvikunni: „Í einu horninu sat Zoe, pínulítill stílisti sem ber ábyrgð á öllum fötum sem við höfum hatað . Hún ríghélt í risastóra græna tösku, stressuð og þjáð af næringarskorti. Hún verður greinilega að hætta ljósabekkjunum þar sem ennishrukkurnar sáust úr órafjarlægð. Hinum megin í salnum sat ofurtíkin Anna Wintour, tuttugu og fimm árum eldri en ekki hrukku að sjá, ofursvöl og leit stelpulega út í litlum skokk.“ Ó, já, hinn harði, harði vegur tískunnar er þyrnum stráður...







**SEXÍ** Blómablússa við stutt pils og gula uppreimaða skó.



**KVENLEGT** Fagurbleikur silkikjóll með svörtum kraga og belti.



**LEÐURBLÖKUSTÚLKA** Batman kemur sterkt inn í sumar, hér er bolur og gríma merkt ofurhetjunni.

### FIMM LEIÐIR AÐ LUELLU-LÚKKINU

1. Blandaðu saman klassískum, hefðbundnum fötum og pönki
2. Vertu óhrædd við djarfar litasamsetningar
3. Áletraðir stuttermabolir við fín jakkaföt og rokkaralega skó eru töff
4. Grófir skór í DocMartens stíl koma sterkt inn hjá mörgum hönnuðum núna
5. Fáðu þér sixtís-lega plastkápu fyrir haustið, svalt og praktískt




BRESKT PÖNK FYRIR SUMARIÐ

# LUELLA Á TÍSKUVIKUNNI Í LONDON

Þrátt fyrir að haustið sé komið og við stelpur önnum kafnar við að gramsa í búðum til að setja saman vetrarlúkkið er líka gaman að sjá hvað uppáhaldshönnuðirnir okkar sjá fyrir sér næsta sumar. Í síðustu viku var tískuvikan í London en þar stóð hönnuðurinn Luella Bartley fyrir mestu rokk og ról uppákomu vikunnar. Gamanið hófst klukkan hálf ellefu að morgni á Claridges-hótelinu og rokksveitin Sister lék undir. Gestir fengu vodkakokkteil í morgunsárið, að undanskilinni Önnu Wintour sem mætti að vana með stóran Starbucks-kaffibolla. Luella Bartley opnaði verslun í Bandaríkjunum á síðasta árið og í kjölfarið hefur þessi vinsæli breski hönnuður slegið í gegn á heimsvísu. Sýningin fyrir vor/sumar 2008 fékk afbragðs dóma tískupressunnar en hún einkenndist af stelpulegum og stuttum blómakjólum, grófum skóm í DocMartens-stíl og rokkaralegum jakkafötum. Luella notaðist einnig við Batman-grafík á stuttermabolum og festi brjóstsykursbleika toppa á fyrirsæturnar sem gaf sýningunni verulega pönkaralegan blæ. Fylgihlutir eins og gegnsæ veski í skærum litum og risastór Buddy Holly-gleraugu voru fyndinn punktur yfir i-ið á fullkominni sumarlínu. Þess má geta að einstaka fylgihlutir frá Luellu Bartley fást í versluninni Trilogiu á Laugavegi.



**SKONDNIR FYLGIHLUTIR** Uppreimaðir skór í DocMartens-stíl og neongul leðurtaska.



**STELPULEGT** Mínumúsar hárgreiðsla við blómapils, leðurjakka og Batman-bol



**SKÓLASTELPA** Batman bolur, svartur blazer jakki og stutt blómapils við uppreimaða grófa skó.


Kaldastríðið endaði aldrei!
"..mögnuð nýjung í gerð herkænskuleikja."
93 af 100 - Gamespot.com
"Með samblandi af ótrúlegri grafík og hraðri, taktískri spilun, er ljóst að World in Conflict á eftir að verða vinsælasti leikurinn hjá þeim sem spila á netinu."
93 af 100 - PC Gamer
"Einstakt afrek og klárlega besti herkænskuleikur ársins."
92 af 100 - PC Zone UK
Games for Windows
PC DVD
WORLD IN CONFLICT
Árið er 1989. Fall Sovíetríkjanna er yfirvofandi. Til að sporna við því ráðast Sovíetmenn inní Bandaríkin. Bandaríkjamenn verjast með öllum mætti, en þurfa að fá aðstoð frá bandamönnum sínum í NATO. Klárlega einn af herkænskuleikjum ársins, en hasarinn og vígvellirnir eru í fullkominni þrívíddargrafík.
4.699
PC leikur
WORLD IN CONFLICT
AMERÍSKA MARTRÖÐIN.
NEW YORK EFTIR 1989.
ÞEGAR SOVÉTMENN TÓKU VÖLDIN.
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • BT Akranesi • www.bt.is • Sími 550 4444

**>VISSIR ÞÚ?**

Leikarinn Russell Crowe hefur leikið í tveimur kvikmyndum sem eru byggðar á greinum úr tímaritinu Vanity Fair. Fyrst lék hann í The Insider árið 1999 sem er byggð á greininni The Man Who Knew To Much eftir Marie Brenner. Ári síðar lék hann í Proof of Life sem er byggð á grein Williams Prochnau, Adventures in the Random Trade.



**fólk**

folk@frettabladid.is

# Fyrsti samningurinn í höfn



**BRAIN POLICE** Rokkararnir í Brain Police eru á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu.

Eyðimerkurrokksveitin Brain Police hefur gert útgáfusamning við bandaríska fyrirtækið Small Stone. „Við erum búnir að stefna að þessu síðan við byrjuðum,“ segir trommarinn Jónbi. „Við sendum út tónlist á tíu fyrirtæki og fengum svör frá þremur, þar af voru tvö með tilboð. Small Stone var annað þeirra. Við töluðum við fólk úti sem við þekktum og það mæltu allir með þeim hjá Small Stone þannig að við ákváðum að kýla á tilboðið þeirra.“

Brain Police vonast til að nýi samningurinn veiti þeim enn betri tækifæri í framtíðinni hjá stærra hljómplötufyrirtæki. „Þetta er sterkt fyrirtæki til að byrja á,“ segir Jónbi. Síðasta plata sveitarinnar, Beyond the Waistland, verður gefin út í Evrópu og Bandaríkjunum á næstu vikum auk þess sem hún kemur út í stafrænu formi.

Brain Police hefur endurheimt gítarleikarann Gunnlaug Lárusson sem hætti óvænt í sveitinni fyrir nokkrum árum. Gunnlaugur segir það „geðveikt“ að vera kominn aftur. „Það er eins og ekkert hafi í skorist,“ segir hann.

Brain Police er á leiðinni í þriggja vikna tónleikaferð um Evrópu ásamt sænsku rokkurunum í Dozer. Hefst ferðin í Berlín 27. september og verður hún farin undir yfirskriftinni Inside the Falcon. Til að hita upp fyrir ferðina og afla fjár spilar Brain Police á Gauki á Stöng í kvöld ásamt Sólstöfum og Zodogan. Húsið opnar klukkan 23 og er aðgangseyrir 1.000 krónur. **-fb**

# Lindsay hjónadjöfull

Nýjustu ásakanirnar á hendur Lindsay Lohan snúast ekki um eiturlyfjaneyslu. Stephanie Allen, eiginkona rokkarans Tony Allen úr hljómsveitinni Dead Stays Alive, sakar leikkonuna um að hafa dregið mann sinn á tálar á meðferðarheimili í Utah. Lohan er sögð hafa haft samfarir með umræddum Tony, sem er þrjátíu og níu ára gamall, á baðherbergi á meðferðarheimilinu.

Í kjölfar ásakananna hefur Stephanie hent eiginmanni sínum út af heimili þeirra, en þau eiga átta mánaða gamla tvíbura.

Vinur Stephanie segir í viðtali við Daily Mirror að hún sé eyðilögð. „Hann er að reyna að lifa rokkstjörnudraum- inn fertugur að aldri. Það eina sem Stephanie vildi var að hann væri góður eiginmaður og faðir,“ segir heimildarmaðurinn.

Tony, sem hefur yfirgefið meðferðarheimilið Cirque Lodge, heldur því fram að samband hans við Lindsay sé algjörlega platónskt. „Hún er vinkona mín. Við eigum við sama vandamál að stríða, og við tölum bara saman um lífið stundum,“ segir hann. Hann bætti því við að Lindsay einbeitti sér nú að því að ná heilsu. „Hún vill geta deilt hinum fjölmörgu hæfileikum sínum með öðrum,“ segir hann.



**PLATÓNSKT SAMBAND?** Tony Allen segir ekkert til í því að hann og Lindsay Lohan hafi átt náin kynni á Cirque Lodge, en eiginkona hans hefur hent honum út.



**FRÁ VATIKANINU** Maggi frá Vatikaninu, sem kemur að útgáfu Monitors, Steinar Lár frá Mekka og Stefán frá Vatikaninu létu sig ekki vanta í partíið.



**KIDDI OG BIGGI** Vefstjórinn Kiddi Ghozt og ritstjórinn Birgir Örn Steinarsson fögnuðu útkomu fyrsta tölublaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**FRANZ OG JÓHANN** Þeir Franz Gunnarsson og Jóhann Ágúst Jóhannsson stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.



**VINKONUR** Vinkonurnar Harpa Dögg, Kristín og Sunna fögnuðu útgáfu nýja tímaritsins á skemmtistaðnum 7-9-13.

# Útgáfu Monitors fagnað

**Tímaritið Monitor fagnaði útgáfu fyrsta tölublaðs síns með teiti á skemmtistaðnum 7-9-13 fyrir skömmu. Fjölmargir úr blaða- og tónlistargeiranum létu sjá sig og eins og gefur að skilja var létt yfir mönnum.**


# RÝMINGARSALA

Við ætlum að tæma lagerinn. **ALLT** á að seljast!!!

Við göngum meira að segja svo langt að selja hana ömmu okkar.*



Egilsson er að flytja og af því tilefni verðum við með **RISA** rýmingarsölu á lagernum okkar að **Skútuvogi 1d** (ekið inn frá Barkarvogi).
Jólaskraut, jólaseríur, jólapappír, föndurvörur, púslur, spil, geisladiska- og skólatöskur, skólavara, myndarammar og fleira og fleira...

Opið í dag frá 10:00 - 17:00
og á morgun sunnudag frá 11:00 - 17:00




*Eins lengi og amma endist.

EGILSSON

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT · WWW.ORMSSON.IS

# FANGAÐU AUGNABLIKIÐ með OLYMPUS®

VIÐ TRYGGJUM GÆÐIN!
*3ja ára ábyrgð á öllum OLYMPUS vélum*

OLYMPUS 3ja ára ábyrgð ORMSSON

YOUR VISION, OUR FUTURE



**OLYMPUS E-510 Double Zoom kit**
10.0 milljón pixlar
Live View á 2,5" skjá
Hristivörn í vél
"Dust Reduction System"
- rykfríar myndir
***Með 14–42 mm og 40–150 mm linsum***
**Verð: 89.900 kr.**



**OLYMPUS E-410 Double Zoom kit**
10.0 milljón pixlar
Live View á 2,5" skjá
"Dust Reduction System"
- rykfríar myndir
***Með 14–42 mm og 40–150 mm linsum***
**Verð: 79.900 kr.**



**OLYMPUS Mju 780**
7,1 milljón pixlar · Stór 2,5" LCD skjár
5x aðráttarlinsa (36-180mm) · Veðurvarið málmhús
BrightCapture tækni eykur myndgæði við litla birtu
Videoupptaka með hljóði · Dual hristivörn
Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja
**Verð: 26.900 kr.**



**OLYMPUS FE-230**
7,1 milljón pixlar
3x aðráttarlinsa (38-114mm)
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
18 handhægar tökustillingar
Nett málmhús (aðeins 16,5mm)
Videoupptaka með hljóði
Sérlega einföld og þægileg í notkun
Taska, hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja
**Verð: 19.900 kr.**



**OLYMPUS FE-210**
7,1 milljón pixlar
3x aðráttarlinsa (38-114mm)
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
15 handhægar tökustillingar
Notar AA rafhlöður
**Verð: 14.900 kr.**

Nikon At the heart of the image

# Frábærar myndavélar
*sem fara sigurför um heiminn*



**NIKON D80**
10,2 milljón pixla CCD myndflaga
3 rammar á sekúndu
Hraður 11 punkta sjálfvirkur fókus
ISO 100-1600 (3200 með boost)
18-135mm linsa fylgir
**Verð: 134.900 kr.**

Í FÓKUS



**NIKON D40x**
10.2 milljón pixla CCD myndflaga
3 rammar á sekúndu
2,5" LCD skjár
Hraður 3 punkta sjálfvirkur fókus
ISO 100-1600
Lokara hraði 30–1/4000
18-55 mm Nikon DX linsa fylgir
**Verð: 89.900 kr.**
ÍSLENSKAR LEIÐBEININGAR



**NIKON S500**
7.1 milljón pixlar
Mjög fljót að kveikja á sér,
eintaklega fljót að smella af
3 x aðdráttur í linsu
(tilsvarandi 35-105mm á filmuvél)
VR hristivörn
2,5" LCD skjár
Hús úr ryðfríu stáli
ÍSLENSKAR LEIÐBEININGAR
**TILBOÐSVERÐ: 29.900 kr.**



**NIKON L12**
7.1 milljón pixlar
3 x aðdráttur í linsu (35 - 105mm)
VR hristivörn í linsu
Video upptaka með hljóði
D - lighting, hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni
Notar AA rafhlöður (Alkaline duga í um 150 myndir)
**Verð: 24.900 kr.**



**NIKON S200**
ÍSLENSKAR LEIÐBEININGAR
7.1 milljón pixlar
3 x aðdráttur í linsu
(tilsvarandi 38-114mm á filmuvél)
VR hristivörn
2,5" LCD skjár
Rafhlaðan endist í um 230 myndir
**TILBOÐSVERÐ: 24.900 kr.**



**Nikon OG OLYMPUS®**
ERU ÁN EFA TVEIR AF VIRTUSTU
MYNDAVÉLAFRAMLEIÐENDUM HEIMS.

# ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 480 1160 |




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| CHUCK AND LARRY | kl. 12:30 - 3 - 5:30-8-10:30 | 12 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 VIP | |
| MR. BROOKS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| BRATZ | kl. 12:30 - 3 - 5:30 -8-10:30 | L |
| DISTURBIA | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 12:30 - 3 VIP | |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 12:30D - 3D - 5:30 | L |
| RATATOUILLE M/- ENSKU TAL | kl. 3 | L |
| HARRY POTTER 5 | kl. 12:30 | 10 |
| KRINGLUNNI | | |
| MR. BROOKS | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BRATZ | kl. 12:30 - 3 - 5:30 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 6 - 8 | 7 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 4 - 6:30 - 8:30 | L |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 10 | 14 |
| TRANSFORMERS | kl. 10:30 DIGITAL | 10 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 4 DIGITAL | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| BRATZ - THE MOVIE | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHOOT ´EM UP | kl. 8 -10 | 16 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 síðustu sýningar | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| MR. BROOKS | kl. 8 | 16 |
| VACANCY | kl. 10 | 16 |
| KEFLAVÍK | | |
| CUCK AND LARRY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| SHARK BATE | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| BRATZ THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| DISTURBIA | kl. 10:10 | 14 |
| SELFOSSI | | |
| KNOCKED UP | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| VEÐRAMÓT | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| SHARK BATE M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 3:40 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 1:40 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 6 | 7 |




450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CHUCK & LARRY | kl. 1.30, 3.45, 5.45, 8, 10.20 | 12 |
| HÁKARLABEITA ÍSL TAL | kl. 2, 4 og 6 600 kr. | L |
| HAIRSPRAY | kl. 5.45, 8 og 10.20 | L |
| KNOCKED UP | kl. 8 og 10.30 | 14 |
| BRETTIN UPP! ÍSL TAL | kl. 2 og 4 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHOOT'EM UP | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SHOOT'EM UP LÚXUS | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 2 - 4 | |
| HAIRSPRAY | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| VACANCY | kl. 8 - 10 | 16 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 LÚXUS kl. 3 | 14 |
| KNOCKED UP | kl. 8 - 10.40 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 2 - 4 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 1.30 - 3.45 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| SHOOT'EM UP | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HÁKARLABEITA | kl. 3 - 6 | |
| VACANCY | kl. 8 - 10 | 16 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 3 | |
| RUSH HOUR 3 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 3 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíói merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| CHUCK AND LARRY | kl. 3.20 - 5.40 -8- 10.20 | 12 |
| HAIRSPRAY | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| VEÐRAMÓT | kl. 3.20 - 5.40 -8- 10.20 | 14 |
| ASTRÓPÍA | kl. 4 - 6 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10.30 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| CHUCK AND LARRY | kl. 4 - 8 - 10.10 | 12 |
| HÁKARLABEITA | kl. 2 - 4 - 5.50 | |
| HAIRSPRAY | kl. 5.50 - 8 | |
| KNOCKED UP | kl. 10.10 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 2 | |




# Ísland á PopKomm

Ein stærsta tónlistarkaupstefna Evrópu, PopKomm, fer þessa dagana fram í Berlín. Ísland hefur í fyrsta skipti sérstakan kynningarbás á hátíðinni og er það ÚTÓN, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, sem sér um básinn. Á hátíðinni eru einnig fulltrúar 12 Tóna, Iceland Airwaves, FÍH og Reykjavík Records. Jafnframt hafa Bloodgroup og Lay Low spilað á hátíðinni við góðar undirtektir. Bloodgroup spilaði meðal annars efni af væntanlegri breiðskífu sinni og stigu Þjóðverjarnir í salnum villtan dans.

Á miðvikudagskvöldið var haldið sérstakt Íslendingapartí þar sem allir sem töluðu íslensku fengu frítt inn. Partíið var haldið á barnum 8mm sem er þekktur Íslendingabar í Prenzlauer Berg-hverfinu. - sha



**LAY LOW Í BERLÍN** Lovísa Elísabet spilaði fyrir gesti á barnum 8mm. E.T. Tumason spilaði einnig þetta sama kvöld.

# Þursaflokkurinn snýr aftur

**Þrjátíu ára afmælistónleikar Hins íslenska Þursaflokks og Caput verða haldnir í Laugardalshöll hinn 23. febrúar. *Freyr Bjarnason* ræddi við Egil Ólafsson, söngvara Þursanna, sem eru þegar byrjaðir að æfa fyrir tónleikana.**



**ÞURSAFLOKKURINN** Þursaflokkinn skipa Egill Ólafsson, Ásgeir Óskarsson, Rúnar Vilbergsson, Tómas Magnús Tómasson, Þórður Árnason og Eyþór Gunnarsson, sem er staðgengill Karls Sighvatssonar.

„Ég held að þetta verði mjög spennandi og við hlökkum allir til en þetta verður aðeins í þetta eina skipti,“ segir Egill Ólafsson um tónleikana. „Við erum byrjaðir að æfa og hittumst einu sinni í viku,“ bætir hann við og vill ekki meina að þeir félagar séu ryðgaðir þrátt fyrir áralangt hlé. „Við erum spilarar sem erum í fullu „swingi“ og með reynslu, sem vegur ekki lítið í þessu. Það kunna allir á sín hljóðfæri þannig að þetta verður bara skemmtilegt, en auðvitað höfum við ekki spilað sum lögin síðan 1981, sem er langur tími.“

### Þrjú hundruð tónleikar

Þursaflokkurinn var stofnaður í febrúar árið 1978 og starfaði óslitið til 1982. Síðan þá hefur sveitin komið tvisvar sinnum fram, fyrst á minningartónleikum um hljómborðsleikara sinn Karl Sighvatsson sem lést árið 1991 og síðan á hátíðinni Reykjavík Music Festival árið 2000. Þursaflokkurinn gaf út fimm plötur á ferli sínum ef með er talin tónlist sveitarinnar við söngleikinn Gretti og lék á um þrjú hundruð tónleikum í níu löndum.

### Mikil upplifun

Að sögn Egils verða öll gömlu góðu lögin spiluð á tónleikunum, þar á meðal Pínulítill karl, Búnaðarbálkur, Brúðskaupsvísur og Gegnum holt og hæðir. „Þetta verður fyrst og fremst bæði upplifun fyrir okkur og þá sem voru með okkur í liði. Það var nokkuð stór hópur sem sótti tónleikana og við hvetjum alla þá sem upplifðu þetta með okkur í gamla daga að láta sjá sig og vonandi koma einhverjir nýir líka,“ segir hann.

### Fjöldi hljóðfæraleikara

Á fjórða tug hljóðfæraleikara verður á sviðinu í Höllinni og fá lög Þursanna því væntanlega að njóta sín vel í nýjum viðhafnarútsetningum með aðstoð Caput-hópsins, sem hefur sérhæft sig í flutningi nútímatónlistar. Tónleikarnir verða teknir upp og ef vel tekst til verða þeir gefnir út.





I NOW PROUNOUNCE YOU CHUCK AND LARRY kl. 12:30 í álfabakka

BRATZ kl. 12:30 í álfabakka , 5:50 í keflavík og kl. 2 á akureyri

RATATOUILLE m. ísl tal - kl. 12:30 í álfabakka, 1:30 í keflavík og Selfossi og kl 2 á akureyri

HARRY POTTER KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA






# West valinn bestur

Rapparinn Kanye West bar enn á ný sigurorð af kollega sínum 50 Cent á Mobo-verðlaununum sem voru afhent í London á dögunum. West fékk verðlaun sem besti hiphop-listamaðurinn en 50 Cent hafði einnig verið tilnefndur.

Ekki er langt síðan West vann bardaga sinn við 50 Cent um mest seldu plötuna í Bandaríkjunum, auk þess sem plata West hefur selst betur í Bretlandi.

Vandræðagemlingurinn Amy Winehouse var valin besta tónlistarkonan á Mobo-verðlaununum og notaði hún tækifærið og söng tvö lög af plötunni sinni Back to Black. Dizzee Rascal var valinn besti tónlistarmaðurinn og Rihanna, sem hefur slegið í gegn með laginu Umbrella, var kjörinn besti alþjóðlegi listamaðurinn.



**WEST** Kanye West bar enn á ný sigurorð af kollega sínum 50 Cent.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Drew Barrymore** er komin með nýjan kærasta, mótleikara sinn **Justin Long** úr myndinni He´s Just Not That Into You. Þau sáust kyssast innilega á dögunum og hegðuðu sér eins og ástfangnir unglingar. Barrymore hefur verið orðuð við marga menn eftir að hún hætti með Fabrizio Moretti, trommara The Strokes, í janúar. Á meðal þeirra eru Zach Braff úr Scrubs og leikstjórinn Spike Jonze.



Ljóskan **Hayden Panettiere** úr þáttunum Heroes hótaði nýverið að drepa blaðamann Us Weekly fyrir að skrifa greinar um ástalíf sitt. Hayden, sem er átján ára, hætti með kærasta sínum Stephen Colletti fyrr í þessum mánuði og er greinilega viðkvæm fyrir öllum blaðaskrifum um sambandsslitin.



Stjarnan úr þáttunum Ugly Betty, **America Ferrera**, segist ekki hafa látið undan kröfum annarra um að fara í megrun. Ferrera, sem hefur misst um tíu kíló á undanförnum mánuðum, kennir miklu annríki á tökustað um þyngdartapið. Ferrera hefur löngum verið hrósað sem fyrirmynd „venjulegra“ kvenna sem eru ekki ofurmjóar en svo virðist sem þær þurfi nú að finna sér nýja fyrirmynd.



Leikarinn **Charlie Sheen** er bálreiður út í fyrrverandi eiginkonu sína **Denise Richards** eftir að hún óskaði eftir því að börnin þeirra yrðu vernduð gegn föður sínum. Richards lagði beiðnina fram fyrir rétti í Los Angeles á dögunum. Telur hún að Sheen eigi við persónuleg vandamál að stríða sem hann hafi ekki greitt úr og því þurfi börnin að fá vernd gegn honum.









## > Dagur yngri flokkanna hjá Haukum

Handknattleiksdeild Hauka hyggst blása í herlúðra í vetur og bjóða upp á skemmtilega umgjörð í kringum handboltaleiki félagsins. Fyrsti heimaleikur karlaliðs Hauka er í dag klukkan 16 gegn ÍBV en í tilefni af því ætla Haukar að bjóða öllum sextán ára og yngri frítt á völlinn. Það er því dagur yngri flokkanna. Dagskrá hefst klukkan 15, klukkutíma fyrir leik. Mikið verður um að vera og nægir að nefna boltaþrautir, getraun og andlitsmálningu. Allir Haukar eru þess utan hvattir til þess að mæta í rauðu og láta í sér heyra á pöllunum.



**sport**

sport@frettabladid.is

FINNUR JÓHANNSSON: HEFUR TEKIÐ FRAM SKÓNA Á NÝ MEÐ VAL Í N1-DEILDINNI Í HANDBOLTA

# *Rodman er hinn bandaríski Finni Jóhanns*

Varnarjaxlinn Finnur Jóhannsson hefur rifið fram keppnisskóna að nýju og spilaði með Val í N1-deildinni í handbolta á fimmtudagskvöld á móti Stjörnunni. Finnur, sem er 37 ára gamall og spilaði síðast með ÍR í deildinni árið 2003, er sáttur við að vera farinn að spila á ný.

„Ég ætla að reyna að vera eins mikið með og ég get og það er erfitt að slíta sig frá þessu. Þetta er mjög gaman og svo framarlega sem hugurinn og skrokkurinn fylgja með og hlutirnir geta gengið, þá heldur maður áfram,“ sagði Finnur sem er í fínu formi þessa dagana. „Ég er búinn að vera duglegur að æfa með Val upp á síðkastið og er í fínu standi, allavega miðað við aldur og fyrri störf og er tilbúinn að gefa mig í verkefnið eins og ég best get.“

Íslandsmeistarar Vals hafa byrjað mótið illa og eru án stiga eftir tvo tapleiki, gegn Haukum og Stjörnunni, en Finnur metur möguleika liðsins góða í N1-deildinni í ár. „Mótið er náttúrulega bara nýbyrjað og ég tel að við höfum alla burði til þess að gera góða hluti í deildinni í ár. Við erum með helling af góðum strákum sem eiga eftir að stíga fram og mér líst bara mjög vel á þetta allt saman,“ sagði Finnur sem hefur á síðari árum einbeitt sér að varnarleiknum og reiknar með því að halda því áfram. „Ég er fyrst og fremst þarna til þess að hjálpa Valsliðinu og ég held að ég láti sóknarleikinn bara bíða í þetta skiptið og einbeiti mér bara að varnarleiknum, enda er mjög gaman að spila vörnina,“ sagði Finnur sem er skráður sem skytta á leikmannalista Valsmanna.

Finnur vekur gjarnan athygli á sér á vellinum fyrir fleira en spilamennsku sína, því hann er með nokkuð mörg húðflúr og hefur stundum verið líkt við NBA-körfuboltamanninn Dennis Rodman. „Er það ekki bara einhver gömul lumma, er Dennis Rodman ekki miklu frekar hinn bandaríski Finni Jó,“ sagði Finnur og hló við.





**SIGFÚS PÁLL SIGFÚSSON** Þarf enn að bíða eftir að því að leika handbolta nema hann hætti við að fara í Val og mæti á æfingu hjá Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mál Sigfúsar Páls:

## Öllum kröfum vísað frá

**HANDBOLTI** Dómstóll HSÍ tók á fimmtudag fyrir kröfur bæði Vals og Fram í máli Sigfúsar Páls Sigfússonar. Skemmst er frá því að segja að dómstóllinn vísaði öllum kröfum frá í málinu.

Upprunaleg krafa Vals var að dómstóllinn féllist á að sanngjarnt gagngjald vegna félagaskiptanna væri 600 þúsund krónur. Þeirri kröfu var vísað frá. Varakrafa Vals var að dómstóllinn ákvarðaði sjálfur sanngjarnt gagngjald í málinu en þeirri kröfu var einnig vísað frá.

Þrautavarakrafa Vals var að dómstóllinn vísaði ákvörðun um sanngjarnt gagngjald til HSÍ eða almennra dómstóla. Þeirri kröfu var sömuleiðis vísað frá. Fram var einnig með frávísunarkröfur í málinu en þeim var hafnað af dómstólnum.

Málið er því í sama hnút og það var fyrir og jafnvel í enn meiri hnút.

Davíð B. Gíslason, dómskvaddur matsmaður í málinu, hefur skilað inn áliti sínu til Vals en mat Davíðs var ekki kynnt dómstól HSÍ. Valsmenn vildu ekki svara því í gær hvert mat Davíðs væri en heimildir Fréttablaðsins herma að það sé talsvert hærra en þeir voru að vonast eftir. Valsmenn vildu heldur ekki svara því hvert næsta skref væri í málinu.

Ekki náðist í Framara í gær vegna málsins. - hbg


N1 DEILDIN

Laugardagur 22. sept

Ásvellir kl. 16:00
Haukar - ÍBV

KA heimilið kl. 16:00
Akureyri - Fram

Varmá kl. 16:00
Afturelding - HK


# Nær Davíð að stríða Golíat?

**Hið gríðarsterka lið KR mætir Keflavík í úrslitum VISA-bikars kvenna á Laugardalsvelli í dag. Þjálfari KR segir sína leikmenn hungraða í titil eftir að hafa misst Íslandsmeistaratitilinn til Vals á dögunum. Þjálfari Keflavíkur segir að það verði við ramman reip að draga enda sé KR hálfgert landslið.**

**FÓTBOLTI** Úrslitaleikur í VISA-bikar kvenna fer fram á Laugardalsvelli laugardaginn 22. september kl. 16.00, þar sem lið KR og Keflavíkur eigast við. KR-liðið hefur sjö sinnum áður leikið til úrslita í bikarnum og unnið tvisvar, en lið Keflavíkur hefur aldrei áður leikið til úrslita.

KR liðið missti af Íslandsmeistaratitlinum á dögunum eftir harða baráttu við Val, en Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR, telur að bikarúrslitaleikurinn sé kjörið tækifæri fyrir lið sitt til þess að bæta að einhverju leyti fyrir það.

„Við erum náttúrulega örlítið særðar eftir Íslandsmótið, en bikarúrslitaleikurinn er stærsti og flottasti leikur sumarsins og allir vilja spila hann og við höfum þarna kjörið tækifæri til þess að vinna bikar.“

Helena hefur fulla trú á því að liðið mæti vel stemmt til leiks og klári verkefnið. „Við erum með mjög gott lið og börðumst um Íslandsmeistaratitilinn fram á lokastund og KR-stelpurnar hafa náttúrulega unnið vel og gert það að verkum að við erum komnar í þennan leik. Við erum því mjög spenntar og okkur hungrar í titil, en okkar mottó á laugardag verður bara að njóta leiksins og ef við vinnum þá getum við verið mjög sáttar með sumarið,“ sagði Helena.

Keflavíkurliðið má vel við una með árangur sinn í sumar en liðið hafnaði í 4. sæti í Landsbankadeildinni, sem er besti árangur liðsins síðan árið 1975. Keflavíkurliðið mun jafnframt spila sinn fyrsta bikarúrslitaleik þegar liðið mætir KR og spennan er því mikil í herbúðum þeirra.

„Leikurinn leggst mjög vel í okkur. KR-liðið er mjög sterkt og hálfgert landslið, en þegar kemur að svona leik gleymist það allt saman,“ sagði Salih Heimir Porca, þjálfari Keflavíkur.

Hann telur möguleika Keflavíkurliðsins ágæta í leiknum. „Okkar möguleikar felast í því að vera betur skipulagðari og vera grimmari og berjast. Við spiluðum tvo leiki við KR í sumar og þá gátum við ekki telft fram okkar besta liði, en ef við verðum með fullskipað lið þá getum við vel ógnað þeim.“

En sama hvernig fer þá er Salih Heimir ánægður með sumarið hjá Keflavík. „Ég er mjög sáttur með sumarið og við erum í raun þegar búin að vinna sigur og ná okkar markmiði, en nú er eitthvað meira í boði, bónusinn, og við viljum auðvitað sækja hann og við sjáum til hvað gerist á laugardaginn,“ sagði Salih Heimir að lokum.

Ástand á leikmönnum liðanna er nokkuð gott. KR-liðið verður þó án Katrínar Ómarsdóttur og enn er óvíst hvort Embla Grétardóttir verður leikfær og Keflavíkurliðið vonar að Guðný Petrína Þórðardóttir verði leikfær á ný.

omar@frettabladid.is

### VISA-BIKAR KVENNA

**Leið KR í úrslitin**

| | |
|---|---|
| Þór/KA-KR | 2-5 |
| Mörk KR: Olga Færseth 2, Katrín Ómarsdóttir, Edda Garðarsdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir. | |
| Breiðablik-KR | 3-7 |
| Mörk KR: Olga Færseth 4, Hólmfríður Magnúsdóttir 2, Katrín Ómarsdóttir. | |
| **Leið Keflavíkur í úrslit:** | |
| HK/Víkingur-Keflavík | 0-1 |
| Mark Keflavíkur: Lilja Íris Gunnarsdóttir. | |
| Fylkir-Keflavík | 1-1 (e. vítakeppni 5-6) |
| Mark Keflavíkur: Guðný Petrína Þórðardóttir. | |
| Afturelding-Keflavík | 1-2 |
| Mörk Keflavíkur: Vesna Smiljkovic, Danka Podovac. | |
| Keflavík-Fjölnir | 3-1 |
| Mörk Keflavíkur: Danka Podovac 2, Vesna Smiljkovic. | |



**HVER LYFTIR BIKARNUM?** Það verður annað hvort Lilja Íris Gunnarsdóttir, fyrirliði Keflavíkur, eða Olga Færseth, fyrirliði KR, sem hampar bikarnum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ingi Björn Albertsson skoraði sjö skallamörk sumarið 1983 en 34 ára gamall Framari nálgast hann óðum:

# Jónas Grani nálgast skallamarkametið

**FÓTBOLTI** Jónas Grani Garðarsson er ekki bara í baráttu um að bjarga Fram frá falli úr Landsbankadeildinni heldur á hann einnig í baráttu um gullskóinn við Valsarann Helga Sigurðsson. Jónas Grani hefur skorað 11 mörk í sextán fyrstu umferðunum alveg eins og Helgi.

Fimm af þessum mörkum hefur Jónas Grani skorað með skalla en aðeins einn leikmaður hefur skorað fleiri skallamörk á einu tímabili í tíu liða efstu deild. Sá er Ingi Björn Albertsson, sem skoraði 7 af 14 mörkum sínum með skalla þegar hann varð markakóngur deildarinnar 1983. Ingi Björn lék þá með Val. Jónas Grani hefur nú tvo leiki til þess að reyna að jafna met Inga Björns, sem hefur aldrei verið í raunverulegri hættu allan þennan tíma.

Jónas Grani skoraði tvö fyrstu skallamörkin eftir aukaspyrnur frá Igor Pesic en hefur skorað síðustu þrjú eftir fyrirgjafir frá þeim Hjálmari Þórarinssyni, Hans Mathiesen og Alexander Steen. Tvö hafa komið úr vítateignum utan markteigs en hin þrjú skoraði Jónas Grani úr markteignum.

Jónas Grani var búinn að skora 23 mörk í 61 leik með FH í efstu deild fyrir þetta tímabil og höfðu fimm þeirra komið með skalla. Hann hefur því tvöfaldað skallamörk sín í sumar, sem er besta tímabil hans á ferlinum, en Jónas Grani hafði mest skorað átta mörk, sumarið 2002. - óój

### FLEST SKALLAMÖRK Á EINU TÍMABILI*:

| | |
|---|---|
| Ingi Björn Abertsson, Val 1983 | 7 |
| Pétur Pétursson, ÍA 1978 | 5 |
| Ómar Torfason, Fram 1985 | 5 |
| Óli Þór Magnússon, Keflavík 1993 | 5 |
| Steinar Tenden, KA 2003 | 5 |
| Grétar Sigurðarson, Víkingi 2004 | 5 |
| Allan Borgvardt, FH 2005 | 5 |
| Jónas Grani Garðarsson, Fram 2007 | 5 |

*** Í tíu liða efstu deild 1977-2007**



**SKALLAKÓNGUR** Jónas Grani Garðarsson er búinn að skora þremur skallamörkum meira en næsti maður í Landsbankadeild karla í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Úrslitaleikur kvenna á Laugardalsvelli, laugardaginn 22. september kl. 16:00**

**Aðgangseyrir:**

Ef greitt er með VISA kreditkorti 800 kr. Almennt miðaverð 1.000 kr. Frítt fyrir 16 ára og yngri



**ÖFLUGUR** Sveinbjörn Claessen var með 14 stig, 5 stolna og 3 stoðsendingar í liði ÍR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Powerade-bikarinn í gær:

## ÍR og Hamar í átta liða úrslit

**KÖRFUBOLTI** ÍR og Hamar komust í gær í átta liða úrslit Powerade-bikarsins. ÍR vann Fjölni 81-73 og mætir Njarðvík í Njarðvík á sunnudaginn en Hamar vann Tindastól 94-78 og mætir Íslandsmeisturum KR í DHL-Höllinni á sama tíma.

Ómar Sævarsson skoraði 15 stig fyrir ÍR, Sveinbjörn Claessen var með 14 stig og 5 stolna og Sonny Troutman bætti við 11 stigum, 7 fráköstum og 5 stoðsendingum. Hjá Fjölni var Nemanja Sovic atkvæðamestur með 27 stig og 12 fráköst en Drago Pavlovic skoraði 22 stig.

Marvin Valdimarsson skoraði 27 stig fyrir Hamar, Friðrik Hreinsson var með 18 stig og George Byrd skoraði 16 stig og tók 13 fráköst. Donald Brown skoraði 16 stig fyrir Tindastól.

Átta liða úrslitin hefjast í dag með leik Grindavíkur og Skallagríms í Grindavík og leiks Snæfells og Þórs í Stykkishólmi en undanúrslitin eru síðan á fimmtudagskvöldið. -óój

# Fara lykilmenn frá Chelsea?

**Mikið er spáð og spekúlerað í framtíð Chelsea eftir að José Mourinho fór frá félaginu. Því er spáð að margir leikmanna Chelsea muni fara sömu leið.**

**FÓTBOLTI** Chelsea er mál málanna á Englandi um þessar mundir og menn þar ytra velta vöngum yfir framtíð félagsins án José Mourinho. Brotthvarf hans gæti kallað á fleiri breytingar hjá enska félaginu enda margir leikmanna félagsins ekki par sáttir við gang mála.

„Þetta er mjög sorglegur dagur fyrir mig og liðið í heild sinni. Ég fékk til að mynda mjög freistandi tilboð frá Real Madrid en ég hélt tryggð við Chelsea út af Mourinho," sagði portúgalski varnarmaðurinn Ricardo Carvalho, sem kom með Mourinho frá Porto á sínum tíma. „Fyrir mér er þetta ekkert erfitt, José Mourinho er einfaldlega besti þjálfari í heimi og ég trúi því ekki að við séum búnir að missa hann frá okkur. Ég átti ekki von á því að hann færi áður en hann hefði náð öllum sínum markmiðum hjá félaginu."

Carvalho er ekki einn um að vera ósáttur við brotthvarf Mourinho en Frakkinn Florent Malouda segist hafa komið til félagsins í sumar út af Mourinho. Claude Makelele er einnig í uppnámi. „Þessar fréttir koma mér algjörlega í opna skjöldu. Ég hefði aldrei trúað því að stjórinn færi þegar aðeins tveir mánuðir eru búnir af tímabilinu," sagði Makelele.

Svo er almennt talið að Didier Drogba sé brjálaður en fregnir herma að hann hafi brostið í grát þegar Mourinho tilkynnti liðinu að hann væri á förum. Þeir voru mjög nánir. Vitað er að AC Milan hefur mikinn áhuga á Drogba. Einnig er rætt um að Michael Essien gæti hugsað sér til hreyfings, sem og Paulo Ferreira.



**ERTU ÞÁ FARINN?** José Mourinho sést hér keyra í burtu í síðasta skipti frá Stamford Bridge. Stuðningsmenn Chelsea syndu hug sinn í verki og mættu til að lýsa yfir stuðningi við stjórann. Nú spyrja menn, er líf eftir Mourinho? NORDIC PHOTOS/AFP

Stóra málið er þó Frank Lampard, sem hefur ekki enn gengið frá nýjum samningi við Chelsea, en hann var mjög náinn Mourinho og portúgalski þjálfarinn fór aldrei leynt með aðdáun sína á Lampard. Síðustu ár hefur Lampard verið sterklega orðaður við Barcelona og Mourinho er sjálfur orðaður við spænska félagið þessa dagana. Það skyldi þó aldrei vera að þeir hittust þar á ný ásamt Eiði Smára?

henry@frettabladid.is



**SEKUR?** Ronaldo gæti átt yfir höfði sér keppnisbann. NORDICPHOTOS/GETTY

Carl Lloyd, aðdáandi Everton:

## Ég er búinn að kæra Ronaldo

**FÓTBOLTI** Carl Lloyd, 34 ára aðdáandi Everton, ásakar Cristiano Ronaldo, leikmann Manchester United, um að hafa traðkað á hendinni á sér í leik Everton og United á dögunum.

„Ég var bara að reyna að ná í boltann þegar hann fór úr leik og Ronaldo traðkaði með tökkunum á hendinni á mér," sagði Lloyd og kvaðst sárkvalinn eftir atvikið.

„Ég kærði Ronaldo, því ég veit ekki hvort ég geti sinnt vinnu minni aftur í bráð."

Lögreglan í Liverpool er að rannsaka málið og Ronaldo gæti átt yfir höfði sér bann ef málflutningur Lloyds reynist á rökum reistur. - óþ

101 sport
laugavegi 6
Útrýmingarsala
verslunin hættir
skór - íþrótta fatnaður - sundföt
adidas
SPEEDO
Á ótrúlegu verði!
verðdæmi:
Adidas skór 9.990 fullt verð 2.990 Okkar verð!
Adidas fatnaður 8.990 fullt verð 1.990 Okkar verð!
101 sport
laugavegi 6
Opið Laugard. 11-17
Sunnud. 11-17



**ÞRJÁR FRAMTÍÐARSTJÖRNUR** Sara Björk Gunnarsdóttir, Helga Margrét Þorsteinsdóttir og Fríða Rún Einarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Úthlutað úr Afrekskvennasjóði Glitnis og ÍSÍ í gær:

## Þrjár afrekskonur fengu hálfa miljón

**FJÁRMÁL** Afrekskvennasjóður Glitnis og ÍSÍ úthlutaði í gær einni og hálfri milljón til þriggja afrekskvenna en þetta var í annað sinn sem íþróttakonur fá styrk úr sjóðnum. 52 umsóknir bárust að þessu sinni og þær sem fengu styrk voru fimleikakonan Fríða Rún Einarsdóttir, frjálsíþróttakonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir og knattspyrnukonan Sara Björk Gunnarsdóttir.

Fríða Rún Einarsdóttir, fimleikakona úr Gerplu, er á sínum fyrsta vetri í keppni í fullorðinsflokki og fær styrk vegna þátttöku á Evrópumóti, Norður-Evrópumóti og Norðurlandamóti fullorðinna. Fríða varð sexfaldur Norðurlandameistari unglinga í fyrra í fjölþraut á öllum áhöldum og í liðakeppni með liði Íslands.

Helga Margrét Þorsteinsdóttir, frjálsíþróttakona úr USVH, fær úthlutað hálfri milljón króna vegna verkefna á komandi keppnistímabili. Helga Margrét varð í 5. sæti í sjöþraut á HM unglinga 17 ára og yngri, í 10. sæti í sjöþraut á EM unglinga 20 ára og yngri og fékk silfur í sjöþraut á Norðurlandamóti 17 ára og yngri.

Sara Björk Gunnarsdóttir, knattspyrnukona úr Haukum, fær hálfa milljón króna vegna einstaklingsþjálfunar á komandi tímabili. Sara Björk lék sinn fyrsta A-landsleik í sumar sextán ára gömul ig lék auk þess lykilhlutverk í 17 og 19 ára landsliðum kvenna sem og með félagsliði sínu.

Afrekskvennasjóður Glitnis og ÍSÍ er sjóður sem hefur það að markmiði að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda sína íþrótt og ná árangri. Stofnframlag Glitnis í sjóðinn var 20 milljónir króna. Í stjórn sjóðsins sitja þær Svafa Grönfeldt, Vanda Sigurgeirsdóttir og Vala Flosadóttir. Næsta úthlutun úr sjóðnum verður í febrúar 2008. - óój



SÝN
BOLTINN
vodafone
Iceland Express
vörður
GOTT FÓLK
512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE
Á MORGUN KL. 14:40
MAN. UTD. - CHELSEA
Í DAG
KL. 13:45 LIVERPOOL - BIRMINGHAM SÝN 2
KL. 13:55 ARSENAL - DERBY SÝN EXTRA
KL. 13:55 READING - WIGAN SÝN EXTRA 2
KL. 13:55 B'BURN - PORTSMOUTH SÝN EXTRA 3
KL. 13:55 M'BORO - SUNDERLAND SÝN EXTRA 4
KL. 16:00 FULHAM - MAN. CITY SÝN 2
Á MORGUN
KL. 12:10 NEWCASTLE - WEST HAM SÝN 2
KL. 14:40 MAN. UTD. - CHELSEA SÝN 2
KL. 12:55 ASTON VILLA - EVERTON SÝN EXTRA
KL. 13:55 BOLTON - TOTTENHAM SÝN EXTRA 2
4 4 2 MEÐ GUÐNA BERGS Í KVÖLD KL. 18:10
ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.
AIG
sýn2
enski boltinn

## > Jodie Foster

Jodie Foster er ein þeirra barnastjarna sem hefur tekist að halda ferli sínum áfram að unglingsárunum loknum. Foster lék í fyrstu auglýsingu sinni þriggja ára að aldri og fyrstu kvikmynd sinni fimm árum síðar. Hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í Taxi Driver, þá fjórtán ára gömul. Foster er frönskumælandi eftir menntaskólaárin í Lycée Français í Los Angeles og útskrifaðist með láði frá Yale-háskóla. Hún leikur í Panic Room á RÚV í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNU DÍS MÁSDÓTTUR ÞYKJA HÁÐFUGLARNIR NAUÐSYNLEGIR

# *Skopskyn af skornum skammti*

Stundum virðist mér sem bandarísku háðfuglarnir og spjallþáttastjórnendurnir séu það sem haldi lífi í landinu stóra. Jay Leno, sem nú er á leið burt frá okkur Íslendingunum, er vissulega ekki sá beittasti, en einhverjir af bröndurunum hans geta þó velgt Bush og öðrum stjórnmálamönnum undir uggum. Þeim Jon Stewart og Bill Maher tekst síðan hið ómögulega, að fá mig til að vilja horfa á umræðuþætti um pólitík. Leynivopnið virðist vera húmor, sem er yfirleitt af sorglega skornum skammti í svipuðum þáttum hér á landi.



Skopskyn þeirra Stewarts og Mahers gerir þá miklum mun beittari en aumingja pólítíkusana, sem eru svo fastir í einni hugsun, svo sannfærðir um ágæti eigin skoðana, að það jaðrar við heilaþvott.

Það er sama skopskyn sem virðist vanta á fleiri stöðum. Í sumar fylgdist ég með dansþáttunum So You Think You Can Dance, sem Fox sýnir í Bandaríkjunum. Þegar tíu dansarar voru eftir tókust þeir á við dans eftir Wade Robson. Dansararnir klæddust hvítum bolum með friðarmerkinu á og dönsuðu við lagið „Waiting on the World to Change“, eða Beðið eftir að heimurinn breytist. Höfundurinn sagði dansinn vera á móti stríði. Dansinn var gullfallegur. Í næsta þætti þurfti framleiðandinn svo að biðjast afsökunar. Mótmælabréfum hafði rignt yfir þáttastjórnendur þar sem þetta þóttu mikil svik við land og þjóð. Ég skil ekki hvernig það flokkast sem svik að vera á móti stríði. Hver vill ekki frið? Ég bíð bara eftir því að Jon eða Bill vinir mínir taki þetta fyrir.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.55 Panic Room** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.55 Bandidas** STÖÐ 2



▶ **22.00 Napoleon Dynamite** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.55 E-Ring** SIRKUS



▶ **21.00 Stargate SG-1** SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.05 Fæturnar á Fanney 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.28 Snillingarnir

**09.00 HM í fótbolta kvenna** Bein útsending frá HM í fótbolta kvenna.

**11.00 Kiljan** e.

**11.45 Sjónlist 2007** e.

**12.15 Ofvitinn** (8:10)

**13.00 Lokamót Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins**

**15.15 07/08 bíó leikhús** e.

**15.45 Bikarkeppnin í fótbolta** Beint frá úrslitaleik Keflavíkur og KR.

**17.45 Táknmálsfréttir**

**17.55 Útsvar** e.

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

**20.15 Lukkuriddarar** (11:13)

**20.45 Flýgur fiskisagan** Sænsk bíómynd frá 2000 um tíu leikkonur sem fara í prufu fyrir aðalhlutverk í endurgerð myndarinnar Kristín drottning.

▶**22.55 Neyðarklefinn** (Panic Room) Bandarísk spennumynd frá 2002. Þrír menn leita að týndum sjóði á stórum herragarði en á meðan er kona í felum í einu herbergjanna. Leikstjóri er David Fincher og meðal leikenda eru Jodie Foster, Kristen Stewart, Forest Whitaker. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.45 Bomban** (The Hot Chick) e.

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Dogtown and Z-Boys**

**08.00 Stolen Summer**

**10.00 Napoleon Dynamite**

**12.00 Grace of My Heart**

**14.00 In Good Company**

**16.00 Stolen Summer**

**18.00 Grace of My Heart**

**20.00 In Good Company**

▶**22.00 Napoleon Dynamite** Bráðhlægileg gamanmynd.

**00.00 And Starring Pancho Villa as Himself**

**02.00 Date Movie**

**04.00 And Starring Pancho Villa as Himself**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**14.10 Örlagadagurinn** (16.31)

**14.50 Whose Line Is It Anyway? 4**

**15.15 Men In Trees** (14.17)

**16.00 The New Adventures of Old Chr** (7.13)

**16.25 Two and a Half Men** (5.24)

**17.00 Hot Properties** (3.13)

**17.25 Tekinn 2 NÝTT** (2.14)

**17.55 Næturvaktin NÝTT**

**18.30 Fréttir**

**19.05 Prehistoric Park** (3.6) Ótrúlega flottir þættir fyrir börn og fullorðna um risaeðlur og aðrar fornaldarskepnur. Hvað ef hægt væri að fara aftur í tímann og bjarga risaeðlunum frá því að deyja út og taka þær með til nútímans? 2006.

▶**19.55 Bandidas** Hressandi gamanmynd með Sölmu Hayek og Penélope Cruz í aðalhlutverkum. Þegar Maria og Sara standa skyndilega uppi einar í villta vestrinu virðist aðeins vera ein leið fyrir þær til að afla sér tekna. Þær gerast auðvitað bankaræningjar og reynast hafa heilmikla hæfileika á því sviði. 2006. Bönnuð börnum.

**21.30 Touching the Void** Átakanleg og sönn saga tveggja fjallaklifrara sem lentu í skelfilegum hremmingum á leiðinni á topp Siula Grande í Perú. Myndin hefur farið sigurför um heiminn og sló í gegn þegar hún var sýnd í bíóhúsum hér á landi. Aðalhlutverk: Richard Hawking, Brendan Mackey. 2003. Bönnuð börnum.

**23.15 The Day After Tomorrow** Sláandi raunsæ, vel gerð og æsispennandi stórslysamynd sem fjallar um það hvað gæti gerst ef spár svartsýnustu veðurfræðinga og umhverfissérfræðinga rættust. Þeir telja að gróðurhúsaáhrif og önnur mannanna verk kunni að valda meiri háttar veðurbreytingum; svo miklum að jöklar bráðni, úthöf flæði yfir land og straumbreytingar geti af sér nýja ísöld. Afleiðingin af slíkum náttúruhamförum yrði hrein martröð fyrir mannkynið. Dennis Quaid leikur vísindamann sem spáð hefur slíkum hamförum en talað fyrir daufum eyrum.

**01.15 Flawless**

**03.05 Confessions of a Dangerous Mind**

**04.55 Prehistoric Park** (3.6)

**05.45 Fréttir**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**09.10 PGA Tour 2007 - Highlights**

**10.05 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**10.35 Meistaradeild Evrópu - endurs.**

**12.15 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

**12.55 Þýski handboltinn** (Flensburg - Kiel)

**14.25 PGA Tour 2007** Bein útsending (TOUR Championship)

**17.20 Spænski boltinn - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**17.50 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 07/08) Útsending frá leik í spænska boltanum.

**19.50 Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**21.50 Hnefaleikar** (Box - Nikolay Valuev - Ruslan Chagaev)

**22.50 Box - Wladimir Klitschko - Lamon Brewster**

**23.35 Box - Vitali Klitschko - Corrie Sander**

**00.35 Hnefaleikar** (Vitali Klitschko - Danny Williams)

## SÝN2

**08.35 Premier League World**

**09.05 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**09.35 PL Classic Matches**

**10.05 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**11.05 Premier League Preview** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar.

**11.35 Coca-Cola Championship**

**13.35 Liverpool - Birmingham** Bein útsending frá Anfield þar sem Liverpool tekur á móti Birmingham.

**16.00 Fulham - Man. City** Bein útsending frá Craven Cottage þar sem Fulham tekur á móti Manchester City.

**18.10 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi.

**19.30 4 4 2**

**20.50 4 4 2**

**22.10 4 4 2**

**23.30 4 4 2**

## SKJÁREINN

**10.45 Vörutorg**

**11.45 Dr. Phil** (e)

**14.45 MotoGP - Hápunktar**

**15.40 World's Most Amazing Videos** (e)

**16.30 Giada's Everyday Italian** (e)

**17.00 According to Jim** (e)

**17.30 Friday Night Lights** (e)

**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að.

**19.15 Starter Wife** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos - Lokaþáttur** Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd.

▶**21.00 Stargate SG-1 - Tvöfaldur lokaþáttur** Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem Skjár einn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn.

**22.40 Da Vinci's Inquest - Lokaþáttur** Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver.

**23.30 Sleeper Cell** (e)

**00.20 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**01.15 Andy Barker, P.I.** (e)

**01.45 MotoGP** Bein útsending frá Motegi í Japan þar sem fimmtánda mót tímabilsins í MotoGP fer fram.

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODFONE

PÉTUR JÓHANN OG JÓN GNARR
Í FRÁBÆRUM GAMANÞÁTTUM

NÆTURVAKTIN - Á SUNNUDAG KL. 20:25

„...algjörlega fersk uppskrift í íslensku gríni...
Ég sé fram á stórkostlega þáttaröð“

VÖR - DV



skemmtilegri

GLÆSILEGT ÁSKRIFTARTILBOÐ
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Sirkus til 4. desember fyrir aðeins 4.280* kr. á mánuði
* miðað við eingreiðslu

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.15
### Prehistoric Park



Ótrúlega flottir þættir fyrir börn og fullorðna um risaeðlur og aðrar fornaldarskepnur. Hvað ef hægt væri að fara aftur í tímann og bjarga risaeðlunum frá því að deyja út og taka þær svo með til nútímans? Nýjasta tölvutækni er notuð til þess að vekja risaeðlurnar aftur til lífsins og gera þær jafnvel ennþá eðlilegri en í Jurassic Park. Sögumaður er Örn Árnason leikari.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### In Good Company
### Stöð 2 bíó kl. 20.00

Rómantísk gamanmynd með Scarlett Johansson, Dennis Quaid og Topher Grace í aðalhlutverkum. Dan Foreman er miðaldra maður sem býst við stöðuhækkun á hverri stundu. Það fer þó ekki betur en svo að hann fær stöðulækkun og nýjan yfirmann sem er helmingi yngri en hann sjálfur. Aðalhlutverk leika Dennis Quaid, Scarlett Johansson og Topher Grace.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Tímakornið
**15.20** Undir þaki
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.28** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Ljóðabókin syngur
**21.30** Ætti ég hörpu
**22.15** Á hljóðbergi: So Long, Marianne
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**14.30 Hollyoaks** (16.260)
**16.30 Skífulistinn**
**17.15 Smallville** (10.22) (e)
**18.00 Bestu Strákarnir** (22.50) (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Talk Show with Spike Feresten** (4.22) (e) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti.
**19.30 The George Lopez Show** (8.22) (e) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þó ekki eina vandamálið því mamma hans er við það að gera hann vitlausan. 2005.
▶**19.55 E-Ring** (8.22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrverandi CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
**20.40 Skins** (4.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
**21.30 Revolution** (e) Hörkuspennandi mynd með stórstjörnunum Al Pacino og Donald Sutherland í aðalhlutverki. Aðalhlutverk: Al Pacino, Donald Sutherland, Nastassja Kinski. Leikstjóri: Hugh Hudson. Stranglega bönnuð börnum.
**23.35 Most Shocking** Hörkuspennandi raunveruleiki sem á engan sinn líka. Hér er fylgst með lögreglunni á hennar mestu hættustundum og það er eins gott að halda sér fast. 2006.
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** A Week of Dressing Dangerously **12.30** A Week of Dressing Dangerously **13.00** Diet Trials **13.30** Diet Trials **14.00** Amazon - Truth & Myth **14.30** Extreme Animals **15.00** Animal Camera **15.30** Animal Camera **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **19.00** The Lost Prince **20.30** Lenny Henry in Pieces **21.00** The Smoking Room **21.30** The Catherine Tate Show **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** The Lost Prince

## DR 1

**11.55** SKUM TV **12.10** Minder dør aldrig **13.40** En uforglemmelig ferie **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Alfons Åberg **15.40** Peddersen og Findus **15.55** Mira og Marie **16.00** De store katte **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Vilde verden **17.35** Huset på Christianshavn **18.00** Robin Hood **18.45** Ghostbusters **20.25** Inspector Morse **22.10** Speedway: Sloveniens Grand Prix **5.30** Mickeys klubhus **5.55** Byggemand Bob

## NRK 1

**11.45** VM fotball, kvinner **14.00** Beat for beat **15.00** Sammendrag VM fotball, kvinner **15.30** Friidrett: Verdensfinalen i Stuttgart **16.00** Jubalong **16.30** Thomas P **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Riksarkivet **18.20** Lyden av lørdag **19.25** Med hjartet på rette staden **20.10** Løvebakken **20.35** Norsk attraksjon **21.05** Kveldsnytt 2**1.20** VM fotball 2007, kvinner: VM-magasin **21.35** Blow Dry **23.00** Usett: Bare Egil **5.30** Stå opp! **5.45** Mumfie **6.00** Ugler i mosen

## SVT 1

**12.00** Niklas mat **12.30** Andra Avenyn - castingen **13.00** Andra Avenyn - castingen **13.30** Andra Avenyn - castingen **14.00** Uppdrag Granskning **15.00** Doobidoo **16.00** Bolibompahelg **16.05** Disneydags **17.00** Barnens detektivbyrå **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Svensson, Svensson **18.30** Babben & co **19.30** Brottskod: Försvunnen **20.15** Motor: VM i speedway **21.00** Rapport **21.05** Upp till kamp **22.35** Moonlight Mile





ERT ÞÚ NÝI SÖNGVARINN Í BANDINU HANS BUBBA?

ÞRJÁR MILLJÓNIR Í PENINGUM OG PLÖTUSAMNINGUR BÍÐA SIGURVEGARA.

Stöð 2 leitar að nýjum rokksöngvurum af báðum kynjum fyrir Bandið hans Bubba, nýjan tónlistar- og skemmtiþátt Bubba Morthens.

Í áheyrnarprufunum fjórum gefst keppendum, 18 ára og eldri, færi á að koma fram og syngja fyrir Bubba. Keppendur ráða hvort þeir syngja óstuddir, spila undir sjálfir, notast við undirleik annarra eða syngja við undirleik af bandi.

Eingöngu er leyfilegt að flytja lög og texta eftir íslenska höfunda og aðeins er leyfilegt að syngja á íslensku. Lögin mega vera í nýjum útsetningum. Sá sem stendur uppi sem sigurvegari fær 3.000.000 króna, samning við umboðsmann og útgáfusamning að launum.

ÁHEYRNARPRUFUR

VESTFIRÐIR
KJALLARINN EINARSHÚSI
Bolungarvík - miðvikudaginn 10.okt.

NORÐURLAND
VÉLSMIÐJAN
Akureyri - miðvikudaginn 17.okt.

AUSTURLAND
RAUÐA TORGIÐ
Neskaupstað - miðvikudaginn 24. okt.

REYKJAVÍK
GAUKUR Á STÖNG
laugardaginn 3. nóv.

SKRÁNING ER HAFIN Á STOD2.IS

## PERSÓNAN



*Kristrún Tinna Gunnarsdóttir*

**Aldur:** 23 ára.
**Starf:** Hagfræðingur í greiningardeild Landsbankans.
**Fjölskylda:** Er í sambúð með Inga Þór Wium.
**Foreldrar:** María Elíasdóttir tannlæknir og Gunnar Viðar Bjarnason framkvæmdastjóri.
**Búseta:** Er Reykvíkingur og hef alltaf verið. Bý í 108.
**Stjörnumerki:** Ég er krabbi.

Kristrún Tinna var í fréttum í vikunni sem einn höfunda skýrslu um hagspá Landsbankans fram til ársins 2010.

# Fjölnir orðaður við sunddrottningu

Sést hefur til þeirra Fjölnis Þorgeirssonar og Ragnheiðar Ragnarsdóttur sundkonu á stefnumótum undanfarið. Fjölnir segir þó að þau séu ekki saman. „Ég er ennþá laus og liðugur. Við Ragnheiður erum bara vinir eins og staðan er núna,“ segir Fjölnir. Hann og Ragnheiður eiga ýmislegt sameiginlegt því Fjölnir var liðtækur í sundi á árum áður og keppti fyrir KR, sama félag og Ragnheiður. „Já, ég vann til dæmis keppni í 50 m skriðsundi drengja árið 1983,“ segir Fjölnir og skellir upp úr. Þess má geta að Ragnheiður er fædd árið 1984 og varð því ekki vitni að sigrinum.

Annars er nóg um að vera hjá hestakónginum sem rekur sinn eigin hestafréttavef á www.hestafrettir.is.



**BARA VINIR** Fjölnir segir að hann og Ragnheiður Ragnarsdóttir séu bara vinir. „Ég er ennþá laus og liðugur.“

Hann bíður þessa dagana spenntur eftir símtali frá Þórhalli Gunnarssyni, dagskrárstjóra Sjónvarpsins. „Þórhallur hlýtur að fara að óska eftir því að ég leysi Örn Árna af í Spaugstofunni,“ segir Fjölnir en lið hans í spurningaþættinum Útsvari halaði inn fleiri stig þegar Fjölnir sýndi leiklistartakta heldur en mótherjarnir með Örn Árnason í fararbroddi. „Annars var mjög gaman að keppa með svona þrælgáfuðu fólki og ég finn hvernig ég verð hoknari af reynslu eftir hverja spurningu sem þau svara fyrir mig,“ segir hann og hlær. „Reyndar svaraði ég nú þessum tveimur fyrstu án hjálpar.“ **-sók**



**FYRRVERANDI SUNDKAPPI** Fjölnir Þorgeirsson hefur verið orðaður við Ragnheiði Ragnarsdóttur að undanförnu. Hann keppti sjálfur fyrir KR í sundi á árum áður líkt og Ragnheiður gerir nú.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** skarð **6.** ógrynni **8.** líkamspartur **9.** frostskemmd **11.** ónefndur **12.** krapi **14.** fjöldi 16. tónlistarmaður **17.** eldsneyti **18.** for **20.** til dæmis **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT 1.** að lokum **3.** skammstöfun **4.** húsbrot **5.** stjórnarumdæmi **7.** svikull **10.** rúm ábreiða 1**3.** hryggur **15.** súrefni **16.** kóf **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** geil, **6.** of, **8.** hné, **9.** kal, **11.** nn, **12.** slabb, **14.** skari, **16.** kk, **17.** kol, **18.** aur, **20.** td, **21.** frár.

**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** eh, **4.** innbrot, **5.** lén, **7.** falskur, **10.** lak, **13.** bak, **15.** ildi, **16.** kaf, **19.** rá.








**AÐDÁANDI PRINCE** „Prince er framúrskarandi lagahöfundur og ein af þessum stóru poppstjörnum sem hafa komið út úr fönkinu,“ segir Sammi um söngvarann.

### SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON: ÓGLEYMANLEG KVÖLDSTUND Í LONDON

# Fór í eftirpartí með Prince

Básúnuleikarinn Samúel Jón Samúelsson, betur þekktur sem Sammi í Jagúar, fór á tónleika með söngvaranum Prince í London síðastliðið sunnudagskvöld. Hann fékk einnig miða í partí sem haldið var eftir tónleikana en þangað mætti Prince óvænt ásamt hljómsveit sinni og spilaði klukkustundunum saman.

„Ég vissi að þeir ættu það til að mæta í þessi eftirpartí og var búinn að reikna þetta allt saman út. Prince heldur 21 tónleika og þetta voru þeir þriðju síðustu. Mig grunaði að hann myndi koma eftir þá síðustu og þá líklega sleppa þeim næstsíðustu. Þess vegna veðjaði ég á þetta gigg,“ segir Sammi og hlær.



**HÉLT ÓVÆNTA TÓNLEIKA** Prince gerði sér lítið fyrir og hélt óvænta tónleika í eftirpartíi á næturklúbbi í London.

„Aukatónleikarnir“ voru haldnir í litlum næturklúbbi í London sem rúmar um 500 manns. „Þegar ég kom inn ásamt kærustunni minni og vini heyrði ég að þeir voru að sándtékka trommusettið baka til. Svo var slökkt á tónlistinni, tjöldin dregin frá á sviðinu og þar var bara allt liðið mætt. Þegar þeir byrjuðu að spila dró ég upp símann til að hringja í mág minn. Þá tróðu tveir verðir sér í gegnum þvöguna og ætluðu að henda mér út fyrir að taka myndir. Það var greinilega hálfgerð YouTube-paranoja í gangi og öllum sem reyndu að taka myndir var hent út.“

Sammi segir að hann hafi ekki verið Prince-aðdáandi frá unga aldri. „Þegar ég vissi að Prince ætlaði að vera með tónleikasyrpu í sumar ákvað ég að þetta væri eitthvað sem ég ætlaði ekki að missa af. Ég á flestar plöturnar hans í dag en var ekki aðdáandi þegar ég var yngri. Í seinni tíð uppgötvaði ég hins vegar að Prince er framúrskarandi lagahöfundur og ein af þessum stóru poppstjörnum sem hafa komið út úr fönkinu.“

Prince spilaði í þrjár klukkustundir á næturklúbbnum, lengur en á sjálfum tónleikunum. „Hann spilaði til klukkan þrjú á sunnudagsnóttu, þetta var algjörlega ógleymanlegt. Mér sýndust hann og bandið jafnvel skemmta sér betur þarna.“

Sammi kom heim í vikunni og er nú á fullu að undirbúa sína eigin tónleika með Jagúar, en sveitin gaf út plötuna Shake It Good í ágúst síðastliðnum. „Við erum að fara að taka spilarispu í október og nóvember. Hinn 2. nóvember verðum við með stóra útgáfutónleika á Nasa. Það eru þrjú ár síðan við gáfum síðast út plötu svo þetta verður mjög gaman.“

**sigrunosk@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fram kom á forsíðu Séð og heyrt í vikunni að þeir tveir meðlimir söngsveitarinnar Luxor sem voru einhleypir þegar bandið hóf göngu sína væru gengnir út. **Arnar Jónsson** er sagður vera kominn með **Heiðu** úr Idolinu upp á arminn og **Sigursveinn Þór Árnason** er bendlaður við söngkonuna **Regínu Ósk Óskarsdóttur**. Nú velta menn því fyrir sér hvort pörin muni leiða saman hesta sína og hefja einhvers konar ABBA-ævintýri. Regína Ósk hóf söngferilinn með hljómsveitinni 8villt og mörgum þykir því 4villt vera tilvalið nafn á bandið.





Laugardagsþáttur Sjónvarpsins sem hlotið hefur nafnið Laugardagslögin verður frumsýndur viku síðar en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Þó hefur ekki komið annað babb í bátinn en það að lög og reglur Eurovision gera ráð fyrir því að lögin í keppninni hafi ekki verið spiluð opinberlega fyrir 3. október. Fyrsti þátturinn verður því ekki á dagskrá fyrr en laugardaginn 6. október. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu eru **Jón Gnarr**, **Sigurjón Kjartansson** og **Selma Björnsdóttir** meðal þeirra sem fram koma í þáttunum en meginþemað verður lagakeppni á milli níu þekktra lagahöfunda. Eftir veturinn mun þjóðin hafa valið tólf lög sem keppa um að verða framlag Íslands í Eurovision. **- sók**




**Vetursetа á Benidorm!**

Er ekki freistandi að stytta veturinn með því að fara til Benidorm í mánuð eða meir? Höfum til leigu fullbúnar og fallegar íbúðir í Gemelos 22, á einum vinsælasta gististað á Benidorm fyrir aðeins 20.000 kr.á viku. Allar íbúðirnar eru með lofthitun og kælingu.

**Bókið strax því aðsókn er mikil.**

Íslenskumælandi starfsmenn skrifstofunnar sjá um að gestum líður eins vel og kostur er.

**ESPIS**
www.espis.net • espis@espis.net
tel.00-34-96-683-1373


# Diddú snýr aftur á fornar slóðir

Sigrún Hjálmtýsdóttir, betur þekkt sem Diddú, syngur með Garðari Thor Cortes á stórtónleikum hans í Barbican Centre í London í næstu viku. Hún snýr þar með aftur á kunnuglegar slóðir. Diddú var við nám í Guildhall School of Music and Drama á árum áður, en húsnæði skólans er tengt Barbican Centre. „Þetta er svolítið eins og að fara heim,“ sagði Diddú létt í bragði, en hún kvaðst full tilhlökkunar þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær.

„Ég legg í hann í bítið á morgun [laugardag]. Það er alveg stórkostleg tilfinning að fá að syngja í þessum tónleikasal, þar sem maður upplifði marga tónlistarviðburði á námsárunum,“ sagði Diddú. „Ég hef aldrei sungið þar sjálf, en hef lært mikið af æðri listamönnum þar,“ bætti hún við.

Diddú segir það jafnframt yndislegt að fá að syngja með Garðari Thor, þó það sé ekki í fyrsta skiptið.

„En þetta eru svona hans debut-tónleikar í London, fyrstu stórtónleikarnir,“ sagði Diddú, sem hafði fyrst kynni af Garðari fyrir mörgum árum. „Hann var alltaf að snattast niðri í Óperu þegar ég var sem mest að syngja þar. Síðan hefur maður svona fylgst með honum,“ sagði Diddú og hló. „Hann er einstakur drengur. Ljúfmennið uppmálað, og svo hjartahreinn,“ bætti hún við.



**TILHLÖKKUNAREFNI** Diddú segist hlakka til þess að syngja í Barbican Centre ásamt Garðari Thor Cortes. Hér eru þau á æfingu í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Tónleikarnir fara fram í Barbican Centre næstkomandi miðvikudag, við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Lundúna. Stjórnandi er Garðar Cortes eldri. **-sun**


**Taktu þátt**
Skilaðu blaðinu að lestri loknum til endurvinnslu í gám merktan dagblöð

lesum skilum endurvinnum

H:N markaðssamskipti / SÍA

Getz Frá kr. 1.430.000

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

**Frá kr. 16.900 á mánuði***

*Hyundai hefur gæðin*

# Flottur er algjört skilyrði

**Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.**



## Frá kr. 16.900 á mánuði*

- ✓ Flottur
- ✓ Hagstæður
- ✓ Rúmgóður
- ✓ Traust bílaumboð
- ✓ Öruggur
- ✓ Góð þjónusta

B&L

Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánshlutfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar

## *Smyglarar*

Í Frank og Jóa bókunum sem ég las sem krakki minnir mig að þeir félagar hafi sífellt verið að kljást við smyglara. Þetta voru vanalega einhverjir dularfullir stórskornir menn með húfu niður að augum, í sjóarapeysum, að læðupokast eitthvað við skemmur á hafnarsvæðinu, ef ég man rétt. Og þeir félagar Frank og Jói náðu einhvern veginn að afhjúpa þá, enda einstaklega vel gefnir drengir.

**ÆTÍÐ** síðan hef ég ómeðvitað og meðvitað skyggnst eftir smyglurum í hvert einasta skipti sem ég á leið fram hjá hafnarsvæðum. Ég varð nefnilega fyrir verulegum áhrifum frá þessum bókum. En það er sama hvað ég hef rýnt. Ég hef aldrei séð smyglara. Á síðari tímum var ég meira að segja farinn að telja mér trú um að svona smyglarar af gamla skólanum væru ekki til lengur og að þetta orð væri við það að hverfa úr íslenskri tungu í þeirri merkingu. Svona svipað og orðið „fuglahræða“ en það heyrði ég í fyrsta skipti um daginn aftur, eftir um fimmtán ára hlé, og fannst skemmtilegt.

**ÞAÐ** var þess vegna dálítið nostalgískt að heyra þau tíðindi nú í lok vikunnar að enn væri líf í þessari ævafornu tegund glæpamennsku, að smygla með báti. Það voru svo auðvitað ánægjuleg tíðindi að lögreglunni – að vísu ekki með aðstoð Frank og Jóa – hefði tekist að hafa hendur í hári smyglaranna. Öll atburðarásin var eins og í sannri gamaldags unglingabók fyrir stráka.

**UPP** á síðkastið hefur allt púðrið farið í það að afhjúpa fólk sem ferðast með flugi, sem er ákaflega óspennandi. Þetta hefur gengið út í svo miklar öfgar að alsaklausir ferðalangar eru látnir afhenda linsuvökvann sinn. Yfirmaður í lögreglunni orðaði þetta vel í fréttunum. Hann sagði efnislega að nú væri nauðsynlegt að beina athyglinni betur að sjónum. Það væri allt of auðvelt að koma hættulegu dóti – eiturlyfjum, vopnum eða öðru - inn í landið sjóleiðis. Á þetta benti reyndar einnig Michael Moore í heimildarmynd um eftirleik 11. september fyrir nokkrum árum. Á meðan bandarískir tollverðir voru önnum kafnir við að biðja fólk um að fara úr skónum á flugvöllum reyndist strandlengjan öll svo til alveg óvarin. Þar var einn maður á vakt. Mjög einmana.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 22. september, 265. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.09 | 13.21 | 19.30 |
| Akureyri | 6.53 | 13.05 | 19.16 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


